


skoðun 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn




## Skrímslaveiðar
*Viltu hitta álf, norn, blóðsugu eða dreka? Í Evrópu er enginn hörgull á yfirnáttúrulegum skepnum.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**7. nóvember 2012**
262. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Fjölmargir kostir
*iPad mini brúar bilið milli fartölvu og snjallsíma betur en iPad 4.*
**tækni 24**

## Listaflóra Eggerts
*Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasafræðingur kryfur blómamyndir Eggerts Péturssonar.*
**menning 22**



## Bestir
*Íslensku handboltaþjálfararnir í Þýskalandi skjóta öðrum ref fyrir rass.*
**sport 26**

## veðrið í dag




**STYTTIR UPP** í dag verða austan 5-10 m/s en hvassara við SA-ströndina. Minnkandi úrkoma en víða skúrir eða él S- og A-til.
**VEÐUR 4**

# Mikið tap á rekstri étur upp eigið fé HR

**Háskólinn í Reykjavík tapaði 630 milljónum króna á árunum 2010 og 2011. Áframhaldandi tap í ár og skólinn þarf um 120 milljónir króna á ári til viðbótar frá ríkinu til að vera rekstrarhæfur. Fær líklega í mesta lagi um 50 milljónir.**

**VIÐSKIPTI** Háskólinn í Reykjavík (HR) tapaði samtals um 630 milljónum króna á síðustu tveimur árum. Afkoma skólans er áfram neikvæð í ár og í ársreikningi hans kemur fram að „ef ekki verður breyting á fjárframlögum ríkisins eru einnig neikvæðar horfur með starfsemi háskólans til lengri tíma“. Hratt hefur gengið á eigið fé skólans og um síðustu áramót var það tæplega 400 milljónir króna.

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir að skólinn þurfi um 120 milljónir króna á ári í viðbótarríkisframlög næstu þrjú árin til að

**2** milljarðar var framlag ríkisins til Háskólans í Reykjavík í ár.

geta sinnt lágmarkshlutverki sínu. Framlag ríkissjóðs til skólans í ár er rúmir tveir milljarðar króna.

Á fjárlögum næsta árs er hins vegar gert ráð fyrir að ríkisframlög til HR lækki um 18,4 milljónir króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, beitt sér fyrir því að framlög til háskóla almennt verði hækkuð á milli umræðna um fjárlögin. Sú hækkun myndi þó einungis skila HR um 50 milljónum króna á næsta ári.

Tap HR í fyrra var 231,5 milljónir króna og rekstrargjöld hans drógust saman um rúmlega 200 milljónir króna á því ári vegna tímabundinnar lækkunar á húsnæðiskostnaði. Hann mun ekki lækka meira. Ari segir enn meiri hagræðingu hafa náðst í ár. „ Það er hins vegar augljóst að þetta gengur ekki svona til lengdar og það verður að snúa við þessari þróun fyrir árið 2013.“ - þsj /sjá Markaðinn



**SALTIÐ SKAFIÐ** Hús- og bílgluggar á höfuðborgarsvæðinu voru flestir vel saltlegnir eftir óveðrið á föstudag. Rigningin síðustu daga hefur ekki dugað til að skola seltuna burt og gripu margir þá til þess ráðs að kalla í fagmenn til að ljúka verkunum. Uppgrip eru því hjá gluggaþvottafólki þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svavar grunaður um njósnir:
## Talinn vera handbendi CIA

**STJÓRNMÁL** **Stasi, austur-þýska leyniþjónustan, hafði Svavar Gestsson grunaðan um að vinna fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA á meðan á námsdvöl hans í Austur-Þýskalandi stóð. Þetta kemur fram í ævisögu Svavars sem út kemur á morgun.**


SVAVAR GESTSSON

**Svavar, sem síðar varð þingmaður og ráðherra, formaður Alþýðubandalagsins og sendiherra, lá undir ámæli hjá pólitískum andstæðingum fyrir tengsl við Stasi. Í bókinni segir hann frá gögnum úr skjalasafni Stasi sem bendi til að liðsmönnum Stasi hafi hins vegar fundist hann fara óþægilega oft vestur yfir múr og talið það benda til tengsla við CIA.** - kóp / sjá síðu 6

Rafjötunn í Hörpu:
## Squarepusher kemur á Sónar

**TÓNLIST** Raftónlistargúrúinn Squarepusher, enski tónlistarmaðurinn James Blake, þýsk-japanska tvíeykið Alva Noto & Ryuichi Sakomoto og þýski rafdúettinn Modeselektor stíga á svið á tónlistarhátíðinni Sónar í Hörpunni 15. og 16. febrúar á næsta ári. Einnig koma þar fram Gus Gus, Retro Stefson, Ólafur Arnalds og Gluteus Maximus.

„Þetta eru þeir fyrstu sem við kynnum til leiks. Okkur finnst þetta mjög sterk byrjunardagskrá fyrir fyrstu Sónar-hátíðina á Íslandi. Við eigum eftir að bæta við um fjórutíu listamönnum og plötusnúðum, bæði innlendum og erlendum,“ segir skipuleggjandinn Björn Steinbekk, sem er hæstánægður með að hin rótgróna Sónar-hátíð sé komin til Íslands. - fb / sjá síðu 30

Um 15 prósent bættust við kjörskrá Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi:
# Kosningaskjálfti í Kraganum

**STJÓRNMÁL** Alls eru um 5.650 á kjörskrá fyrir prófkjör Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi. Tæplega 5.000 voru skráð í flokkinn og bættust rúmlega 150 nýir félagar í flokkinn. Þá skráðu tæplega 600 sig á stuðningsmannalista og fá því að kjósa í prófkjörinu. Um 15 prósentum fleiri eru því á kjörskrá en voru skráðir í flokkinn áður en prófkjörsbaráttan hófst.

Kosningaskjálfti er hlaupinn í flokksmenn, en prófkjörið hefst á miðnætti aðfaranótt fimmtudags. Magnús Orri Schram hefur verið beðinn að auglýsa ekki bók sína *Við stöndum á tímamótum* í aðdraganda prófkjörsins. Litið er svo á að auglýsingarnar stangist á við reglur um auglýsingar í prófkjörinu.

Þá gerðu heimildarmenn Fréttblaðsins sumir hverjir athugasemd við það að Árni Páll Árnason, sem gefur kost á sér í fyrsta sætið, væri samhliða prófkjörinu að reka kosningabaráttu fyrir formennsku í flokknum. Hann hefur ráðið kosningastjóra til að sinna þeirri baráttu. Katrín Júlíusdóttir, sem einnig gefur kost á sér í fyrsta sæti, hefur ekkert sagt um framboð til formanns. Heimildarmenn blaðsins herma að hafi hún sigur í prófkjörinu láti hún af því verða. - kóp /sjá síðu 10





BOLLAKÖKUR FYRIR JENNIFER CONNELLY
Fylgstu með bakstursbloggi Thelmu á gottimatinn.is




ROYAL
Tryggir öruggan bakstur



**SPURNING DAGSINS**



*Ólöf, var ekkert neyðarlegt að klára kallana?*

„Nei, alls ekki. Við björguðum því eins og við erum vön að gera.“

Björgunarsveitir urðu uppiskroppa með nýjasta Neyðarkallinn um helgina og þurftu að selja lagera af gömlum útgáfum. Ólöf Snæhólm Baldursdóttir er upplýsingafulltrúi Landsbjargar.

Útlitið er svipað og Facebook en aðgangsstýring líkari því sem gerist hjá Twitter:

# Instagram kynnir notendasíður

**UPPLÝSINGATÆKNI** Instagram, forrit sem upphaflega var búið til svo að fólk gæti deilt ljósmyndum úr farsímum á samfélagsmiðlum, hefur nú fengið sitt eigið vefviðmót sem þykir um margt minna á notendasíður Facebook.

Sérsniðnar síður fyrir notendur Instagram líta dagsins ljós á næstu dögum, en áður hafði viðmót notenda einskorðast við snjallsímana eða spjaldtölvurnar sem forritið hafði verið sett upp í. Notendur fá núna vefsíðu með notendamynd, upplýsingum um notandann og úrvali nýrra mynda sem hlaðið hefur verið á netið.

Instragram, sem verið hefur í eigu Facebook síðan í vor, tilkynnti um breytinguna í gær. Útlit vefsíðna notenda Instagram þykir minna á „tímalínu“-útlit Facebook-síðna, nema hvað að þar er mjög lítinn texta að finna og engar auglýsingar. Þjónustan er hins vegar aðskilin Facebook þannig að vefsíður Instagram fara ekki fram á að notendur skrái sig inn með Facebook-aðgangi sínum.

Persónuupplýsingastillingar minna svo á stillingar Twitter-samfélagsíðunnar þar sem fólk getur valið að vera með alveg opinn aðgang, þar sem hver sem er getur séð og gert athugasemdir við myndir, eða lokaðan þar sem fólk sér ekkert nema að notandinn hafi heimilað það. **- óká**




**SNJALLSÍMASKJÁR** Flýtivísar í smáforrit Facebook og Instagram á snjallsímaskjá. NORDICPHOTOS/AFP

Slökkviliðsstjóri ósáttur:

# Sjúklingar fari burt af göngum

**HEILBRIGÐISMÁL** Slökkviliðsstjóri segir það alvarlegt að fólk liggi á göngum Landspítalans. Gangarnir séu flóttaleið ef eldur kvikni. Slökkviliðið þrýstir á spítalann að koma sjúklingum af göngunum.

Vinnueftirlitið kannaði aðstæður á spítalanum í síðustu viku og slökkviliðið og forsvarsmenn spítalans munu funda um málið, að því er fram kom í fréttum RÚV.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri sagði fyrsta skrefið að leiðbeina spítalanum um úrbætur. Næst yrði sektum beitt. **- þeb**

Varnarmálaráðherra rekinn:

# Gekk hart fram í niðurskurði

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur rekið Anatólí Serdjúkov, varnarmálaráðherra landsins. Fyrir hálfum mánuði hófst opinber rannsókn á misferli í tengslum við stórfellda eignasölu frá hernum.



**SERGEI SHOIGU**

Serdjúkov var orðinn mjög óvinsæll meðal rússneskra hermanna vegna niðurskurðar og sparnaðaraðgerða í hernum, en Pútín hafði staðið þétt við bakið á honum.

Talið er að arftaki Serdjúkovs, Sergei Shoigu, muni ekki ganga jafn hart fram í umbótum á hernum. **- gb**

# Vill sama refsiramma fyrir stera og fíkniefni

**Maður tekinn í Leifsstöð með 35 þúsund steratöflur. Formaður lyfjaráðs ÍSÍ vill hertar refsingar. Hann segir ljóst að steranotkun hafi aukist mjög á liðnum árum og sé ekki lengur feimnismál. „Það hræðir mann svolítið,“ segir hann.**

**LÖGREGLUMÁL** Vægar refsingar við innflutningi á sterum eru ekki nægilega letjandi fyrir smyglara, að mati formanns lyfjaráðs Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Hann kallar eftir því að sami refsirammi verði látinn gilda um sterasmygl og fíkniefnasmygl eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum.

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á 35 þúsund steratöflur og yfir fimm hundruð ampúlur af steravökva 27. október síðastliðinn og er málið nú komið til rannsóknar hjá lögreglu. Um sterasmygl gilda lyfjalög en ekki ákvæði um fíkniefni í hegningarlögum. Refsiramminn fyrir brot á lyfjalögum er sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, en hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot er hins vegar tólf ára fangelsi.



**SKÚLI SKÚLASON**

Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs ÍSÍ, vill breyta þessu og samræma refsirammann. Þannig sé fyrirkomulagið til dæmis annars staðar á Norðurlöndum. „Við höfum átt í viðræðum við yfirvöld um þetta og þau hafa tekið vel í þetta,“ segir hann.

„Lögreglan og tollurinn hafa margt annað betra að gera við tímann en að fara í dómsmál með svona vitandi að það muni bara leiða til sekta.“ Því sé svona málum yfirleitt lokið með sátt. „Þetta leiðir til þess að menn eru óragir við að flytja þetta inn,“ segir Skúli, enda séu sektirnar auðveldlega borgaðar með ágóðanum af næstu sendingu.

Skúli segir ljóst að yfirvöld hafi gert mun meira af steralyfjum upptækt á undanförnum fimm árum en áður var. Þess sjáist hins vegar ekki stað í skipulögðum íþróttum þar sem menn sæta lyfjaprófum. Þar séu gerð 150 til 200 próf á ári og núll til þrír mælist með eitthvað óeðlilegt í blóðinu árlega.

„En sem leikmaður og iðkandi líkamsræktar finnst mér alveg greinilegt að þessi notkun hefur aukist inni á líkamsræktarstöðvunum á undanförnum árum.“ Þá sé áberandi að menn fari ekki lengur í felur með notkunina. „Fyrir tíu árum ræddi þetta enginn. Núna heyrir maður marga af þessum ungu guttum tala um þetta eins og hluta af fæðubótarefnunum sínum. Það hræðir mann svolítið hvað mönnum þykir þetta orðið sjálfsagt.“

Skúli segir löngu sýnt að sterar hafi skaðleg áhrif á líkamann. Þeim geti fylgt hjarta-, æða-, nýrna- og lifrarsjúkdómar, ófrjósemi og auk þess sýni nýlegar rannsóknir á kvenkyns steranotendum frá gamla Austur-Þýskalandi að notkunin geti leitt til fæðingargalla. „Það eru komnar býsna sterkar vísbendingar um að sú röksemd að fólki sé frjálst að gera það sem það vill við eigin líkama eigi ekki við.“ **stigur@frettabladid.is**



**STERATÖFLUR** Áhrif stera á líkamann geta verið mjög skaðleg. Fjöldi dæma er um dauðsföll vegna þeirra erlendis.

## Veltir hundruðum milljóna

Skúli segir ljóst að neðanjarðarmarkaðurinn með stera velti hundruðum milljóna á ári. „Ég held að það sé varlega áætlað,“ segir hann, enda sé hver skammtur dýr og margir eyði tugum og jafnvel yfir hundrað þúsundum króna í stera á mánuði.

Nýir dagskrárstjórar á RÚV:

# Skarphéðinn og Margrét ráðin

**FJÖLMIÐLAR Margrét Marteinsdóttir og Skarphéðinn Guðmundsson hafa verið ráðin nýir dagskrárstjórar til RÚV. Margrét mun sjá um dagskrá útvarps og Skarphéðinn um dagskrá sjónvarps.**



**SKARPHÉÐINN GUÐMUNDSSON**

**Skarphéðinn hefur starfað sem dagskrárstjóri Stöðvar 2 um árabil og mun nú fylla skarð Sigrúnar Stefánsdóttur, sem lét af störfum fyrir skemmstu.**

**Margrét hefur starfað við útvarp og sjónvarp í fimmtán ár, lengst af á RÚV. Síðustu tvö árin hefur hún verið yfirmaður dægurmáladeildar fréttastofunnar.**

**Umsækjendur um dagskrárstjórastöðurnar voru látnir vita af ráðningunum í gær.** **- sv**

Róbert og Björgólfur semja:

# Greiðir Actavis og Björgólfi 810 milljónir

**DÓMSMÁL Deilum athafnamannanna Björgólfs Thors Björgólfssonar og Róberts Wessman fyrir dómstólum er lokið. Róbert Wessman hefur skrifað undir skuldabréf upp á 5 milljónir evra, jafnvirði rúmlega 800 milljóna króna, sem hann þarf að greiða Björgólfi Thor og Actavis. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**



**RÓBERT WESSMAN**

**Þá hefur Róbert skuldbundið sig til að höfða ekki mál gegn nítján tilgreindum félögum í eigu Björgólfs.**

**STJÓRNSÝSLA**

### Fimm sækja um í Hæstarétti

Fimm umsóknir bárust um lausa stöðu dómara við Hæstarétt frá og með 1. desember. Umsækjendurnir eru Aðalheiður Jóhannsdóttir, lagaprófessor við Háskóla Íslands, Arnfríður Einarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Ása Ólafsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness.

**LÖGREGLUMÁL**

### Kannabis upprætt

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Hafnarfirði á mánudag. Fram kemur hjá lögreglu að á staðnum hafi fundist 25 kannabisplöntur, auk græðlinga. Húsráðandi, karl um tvítugt, viðurkenndi aðild sína að málinu.






Ríkisendurskoðun hafnaði beiðni um að skoða rekstur hjúkrunarheimilisins Eir:

# Stjórnin verði beðin að víkja

**SAMFÉLAGSMÁL** Ríkisendurskoðun hefur hafnað beiðni stjórnar hjúkrunarheimilisins Eirar um að taka út starfsemi og rekstur þess. Ríkisendurskoðun telur það ekki í sínum verkahring.

Eins og fram hefur komið í fréttum undanfarna daga er Eir tæknilega gjaldþrota og skuldar átta milljarða króna.

Íbúar í öryggisíbúðum Eirar höfðu ákveðið að bíða niðurstöðu Ríkisendurskoðunar áður en aðhafst yrði frekar í málinu. Í gærkvöldi hafði ekki verið tekin nein ákvörðun um framhaldið samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Líklegt er að þess verði krafist að stjórn Eirar segi af sér, taki hún ekki ákvörðun um það sjálf áður. Fundað verður áfram um málið í dag.

Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi kom fram að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, stjórnarformaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Eirar, vissi af slæmri stöðu hjúkrunarheimilisins fyrir einu og hálfu ári. Í síðustu fundargerð stjórnarinnar kemur fram að fjármálastjóri sendi honum tölvupóst um stöðuna. Þeir gerðu fjárhagsáætlun til að bregðast við vandanum, en hún gekk út á að selja íbúðarétti og gera leigusamninga og fá þannig 662 milljónir á sextán mánuðum. Þrátt fyrir að þessar áætlanir hefðu gengið eftir hefði tapið samt verið ein og hálf milljón króna á mánuði.

„Auðvitað líður mér ekki vel með þá stöðu sem er komin upp – við höfum brugðist við þessu af fullum krafti. Það er hægt að leysa þetta af góðum vilja þannig að sú lausn geti vonandi tryggt að íbúðareigendur verði ekki fyrir skaða. Ég vil vera bjartsýnn á að okkur takist það,“ sagði Vilhjálmur í gær. **- þeb, aó**



**ÆTLAR EKKI AÐ VÍKJA** Vilhjálmur vissi um stöðuna fyrir einu og hálfu ári en ekki tókst að bjarga fjárhagnum.

## GULLTILBOÐ 1

# GLASGOW

Heimsborgin Glasgow, ein af vinsælustu áfangastöðum Bretlands, er komin í jólabúninginn. Glasgow er nútímaborg með hlýlegu andrúmslofti, fallegum verslunum og frábærum veitinga- og skemmtistöðum. Gist á 4 stjörnu hóteli á frábærum stað.

**3 nætur, 13.-16. des.**

FULLT VERÐ 69.900 KR.

**52.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Hotel Novotel Glasgow Centre (4 stjörnu), morgunmatur.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

BYRJAÐU JÓLIN Í GLASGOW



PUNKTAR GILDA x17

ICELANDAIR

## GULLTILBOÐ 2

# ÍTALÍA

Í Val di Fiemme eru 12 skíðasvæði, 45 lyftur og 127 brekkur. Einnig eru 30 veitingastaðir í öllu svæðinu og frábær aðstaða. Hótelið er 4 stjörnu með líkamsræktarstöð, sundlaug og gufu svo það er hægt að slaka vel á eftir daginn.

**7 nætur, 26. jan.-2. feb.**

FULLT VERÐ 180.070 KR.

**149.070 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair til Verona, flugvallarskattar og gisting á Hotel Shandrani Wellness (4 stjörnu) með hálfu fæði þ.e. morgunmatur og kvöldmatur.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

HIN FULLKOMNA SKÍÐAFERÐ TIL ÍTALÍU



PUNKTAR GILDA x31

vita FERÐASKRIFSTOFA

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**

Vörur keyptar á silfurtilboði fást afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land

# FJÖR Í ALLAN VETUR FYRIR N1 KORTHAFA

## SILFURTILBOÐ 1

# THOR SKRIFBORÐSTÓLL

**m/ svörtu tauáklæði og netbaki**

- Tilvalinn í unglingaherbergið eða á skrifstofuna.
- Stillanlegir armar og bak
- Auðvelt að stilla hæð
- Svartur

FULLT VERÐ 24.990 KR.

**14.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x10



PUNKTAR GILDA x7

## SILFURTILBOÐ 2

# PLAYSTATION 3

**12 GB + FYLGIHLUTIR**

Skylanders Giants „start" pakkinn eða Sport Champions 2 hreyfileikurinn og 1Move „start" pakkinn

- 12GB flash minni
- Blu-ray spilari, sjónvarpsflakkari
- Spilar efni af heimilistölvunni í gegn um þráðlaust net
- 2x USB tengi

FULLT VERÐ 59.995 KR.

**52.995 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

## SILFURTILBOÐ 3

# CANON MYNDAVÉL

**POWERSHOT A2300**

- 5x optical aðdráttur
- 16.0 megapixlar
- 28mm gleiðlinsa, 5x aðdráttarlinsa
- 6.8 cm (2.7 tommur) LCD skjár
- Smart Auto (32 atriðabreytur)
- HD vídeó (720p)
- Silfurlit eða svört
- Hjálpar hnappur (Help button)
- Skemmtilegar og skapandi stillingar
- Live View Control, Face Detection

FULLT VERÐ 24.900 KR.

**18.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x6



PUNKTAR GILDA x3

## SILFURTILBOÐ 4

# iPod SHUFFLE

**BLEIKUR, FJÓLUBLÁR, SILFUR, SVARTUR EÐA BLÁR**

- 2GB
- Flottir litir
- Lítill og einfaldur í notkun
- Tilvalinn í skokkið eða ræktina
- Auðvelt að festa á sig
- Inniheldur VoiceOver
- Spilunartími 15 klst

FULLT VERÐ 9.990 KR.

**6.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**KRYDDBAR 20 TEGUNDIR**

FULLT VERÐ 5.900 KR.

**3.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**ELDHÚSVOG**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**CD**

**RETRO STEFSON EÐA SVERRIR BERGMANN**

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

**990 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2



## N1TILBOÐ

**FERÐATÖSKUVIGT**

FULLT VERÐ 3.490 KR.

**1.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**MUFFINSJÁRN**

FULLT VERÐ 7.995 KR.

**5.995 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**LÉTTA LEIÐIN**

FULLT VERÐ 3.990 KR.

**1.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**DVD**

**WHAT TO EXPECT WHEN YOU ARE EXPECTING EÐA SKOPPA OG SKRÍTLA**

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

**990 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í nóvember eða meðan birgðir endast.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

Fíton/SÍA

## GENGIÐ 06.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,01 | 127,61 |
| Sterlingspund | 202,93 | 203,91 |
| Evra | 162,44 | 163,34 |
| Dönsk króna | 21,773 | 21,901 |
| Norsk króna | 22,169 | 22,299 |
| Sænsk króna | 18,966 | 19,078 |
| Japanskt jen | 1,5819 | 1,5911 |
| SDR | 194,13 | 195,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 225,5107

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríska þjóðin valdi sér í gær forseta til næstu fjögurra ára en mikill áhugi var fyrir kosningunum hér á landi:

# Romney barðist fram á síðustu stundu

**BANDARÍKIN** Úrslit kosninganna í Bandaríkjunum réðust ekki fyrr en í nótt, eftir að Fréttablaðið fór í prentun. Síðustu kannanir á kjördag bentu eindregið til þess að sitjandi forseti, demókratinn Barack Obama, bæri sigur úr býtum gegn repúblikananum Mitt Romney.

Romney var þó ekki af baki dottinn heldur hélt ótrauður áfram baráttunni í lykilríkjunum Ohio og Pennsylvaníu. Obama hélt hins vegar kyrru fyrir í heimaborg sinni, Chicago, og stýrði sínu fólki þaðan.

Líklegt var talið að um 133 milljónir Bandaríkjamanna myndu greiða atkvæði. Um þriðjungur þeirra, 46 milljónir, hafði kosið utan kjörstaða síðustu vikur. Þar á meðal voru Obama og eiginkona hans, Michelle, en Romney og Jill, kona hans, kusu í Massachusetts í gærmorgun, áður en hann lagði í hann á lokasprettinum. **- þj**

### Mikill áhugi Íslendinga

Mikill áhugi var á bandarísku kosningunum hér á landi og var búist við fjölmenni á kosningavöku bandaríska sendiráðsins í gærkvöldi.

„Það hefur fátt annað en kosningarnar komið til tals í samtölum mínum við fólk síðustu vikur," sagði Luis Arreaga í samtali við Fréttablaðið í gær.

Fjölmargir bandarískir ríkisborgarar eru búsettir hér á landi og er það hlutverk sendiráðsins að leiðbeina þeim sem þurfa um hvernig skuli standa að því að greiða atkvæði. Að sögn starfsfólks sendiráðsins hafði vera nokkuð stöðugur straumur fólks sem kom þangað í leit að leiðsögn.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Sendiherrann brá á leik og stillti sér upp með pappamyndum af frambjóðendunum tveimur.

Fylgist með fréttum af kosningaúrslitunum á Vísi.is. vísir

Skiptastjóri krefur Karl um fé:

## Seldi sjálfum sér hús og jörð fyrir gjaldþrot

**DÓMSMÁL** Ástráður Haraldsson, skiptastjóri þrotabús Vindasúlna, hefur höfðað mál á hendur Karli Steingrímssyni, kenndum við Pelsinn, og krefst riftunar á sölu tveggja eigna út úr félaginu skömmu áður en það fór í þrot.



**KARL J. STEINGRÍMSSON**

Vindasúlur var eignarhaldsfélag utan um nokkrar fasteignir Karls. Skömmu áður en það var tekið til gjaldþrotaskipta seldi hann sjálfum sér jörð á Ströndum og hús í Vestmannaeyjum.

Ástráður telur að ekki hafi verið staðið rétt að greiðslu fyrir eignirnar og vill að sölu þeirra verði rift. Þær eru metnar á nokkra tugi milljóna. **- sh**

Mest fjölgun á Norðurlandi:

## Hótelgestum fjölgar um 14%

**FERÐAÞJÓNUSTA Gistinóttum á hótelum í september fjölgaði um 14 prósent í september miðað við sama mánuð í fyrra. Alls voru næturnar 156.000 í september í ár en 136.500 í fyrra. Erlendum gestum fjölgaði um 15 prósent, en innlendum um 11 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.**

**Mesta aukningin varð á Norðurlandi, en þar fjölgaði gistinóttum um 30 prósent. - kóp**

### LEIÐRÉTT

Margrét Laxness, hönnuður Neyðarkalla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, var rangnefnd í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Bæjarstjórinn boðar úttekt á skólafæðinu

**Bæjarstjórinn í Hafnarfirði segir að úttekt verði gerð á gæðum matar í skólum bæjarins. Framkvæmdastjóri Skólamatar segir máltíðir þaðan hollar. Kennarar segja matinn í lagi en vilja jafnræði og næði frá nemendunum á matartímum.**

**SKÓLAR** „Ef þetta er matur sem er ekki nægjanlega góður fyrir kennara þá er hann náttúrlega ekki heldur nógu góður fyrir börnin okkar," segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem boðar úttekt á fæði í grunnskólum bæjarins.

„Okkur finnst eðlilegt að fá óháða úttekt á matnum þannig að foreldrar barnanna og starfsfólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af því sem þau eru að setja ofan í sig," segir bæjarstjórinn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær gagnrýnir Félag grunnskólakennara í Hafnarfirði að starfsmönnum skólanna standi ekki til boða sami tvíréttaði matseðill og öðrum bæjarstarfsmönnum heldur einfaldari matseðill sem sniðinn er að bragðlaukum barna. Það er fyrirtækið Skólamatur í Reykjanesbæ sem annast matargerðina í báðum tilfellum og raunar alls í hátt í þrjátíu skólum frá Suðurnesjum og inn í Kópavog.

Gunnur Baldursdóttir, formaður Félags grunnskólakennara í Hafnarfirði, segir að fyrir hrun hafi matráður annast um mat og kaffi sem hægt var að kaupa á kennarastofunni. Nú þurfi þeir starfsmenn sem séu í áskrift hjá Skólamat hins vegar að standa í röð með börnunum og láta skammta sér á diskinn og ganga síðan inn á kennarastofuna. Það sé tímafrekt í stuttum matartíma.

„Við erum með börnum allan daginn og finnst allt í lagi að við eigum matartímann út af fyrir okkur," segir Gunnur sem kveður gagnrýni kennaranna í raun ekki beinast að matnum sjálfum. „Fólki gremst einfaldlega að ekki sé gætt jafnræðis. Það er ekki boðið upp á sama mat hjá okkur og öðru starfsfólki bæjarins. Við erum að tala um það að geta nálgast matinn á þægilegan hátt og þurfa ekki að eyða matartímanum okkar í að standa í biðröð."

Jón Axelsson, framkvæmdastjóri hjá Skólamat, segir að maturinn sem fyrirtækið selur sé matreiddur ferskur á hverjum stað fyrir sig. Maturinn sem skólarnir fái sé þróaður samkvæmt smekk barna og kröfum Lýðheilsustöðvar.

„Ég tel gæðakerfi okkar stuðla að því að nemendur fái hollan mat sem þau vilja borða. Maturinn er miðaður við börn á grunnskólastigi en það hefur gengið mjög vel að bjóða starfsfólki upp á þann mat," segir Jón.

Að sögn Jóns er um að ræða hollan og góðan mat, hvort sem litið er til matseðilsins fyrir börnin eða seðilsins sem til dæmis bæjarskrifstofurnar í Hafnarfirði fá. Það sé í höndum bæjaryfirvalda ef breyta á matseðlunum í skólunum.

„Ég hef falið sviðsstjóra að kalla saman hóp þar sem eru fulltrúar frá kennurum og Skólamat til að setjast niður og skoða hvað er hægt að gera til þess að gera fólk aðeins sáttara við þá umgjörð sem er," segir bæjarstjórinn um næstu skref.

**gar@frettabladid.is**



**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bæjarstjórinn telur eðlilegt að fá óháða úttekt á fæði grunnskólabarna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Matseðlar frá Skólamat 5. til 9. nóvember

**Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar**

| | |
|---|---|
| Mánudagur | Ofnsteiktur kjúklingur með timjansósu og kartöflu |
| Þriðjudagur | Sítrónukryddaður lax með heimilislegum kartöflum og Hollandaise-sósu |
| Miðvikudagur | Nautapottréttur með hrísgrjónum, brauði og salati |
| Fimmtudagur | Gufusoðin ýsa með spínatsósu og kartöflu-gulrótarmús |
| Föstudagur | Skólagrjónagrautur með rjómablandi og íslensku slátri |

**Grunnskólar Hafnarfjarðar**

| | |
|---|---|
| Mánudagur | Kjötbollur með hvítkálsjafningi og soðnum kartöflum |
| Þriðjudagur | Heimalagaður fiskbúðingur með hrísgrjónum og karrýsósu |
| Miðvikudagur | Pitsuveisla |
| Fimmtudagur | Létt-nætursöltuð ýsa með soðnum kartöflum og sinnepssósu |
| Föstudagur | Grjónagrautur, lifrarpylsa og brauð með osti |

*Heimild: Skólamatur.is*



**NESKIRKJA** Hvatningu til bjölluhringinga er beint til skóla, vinnustaða og stofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Annar dagur gegn einelti:

## Bjöllum hringt um heim allan

**OFBELDI Hringja á bjöllum um heim allan klukkan eitt á morgun, 8. nóvember, á alþjóðlegum degi gegn einelti og kynbundnu ofbeldi, að því er fram kemur á vef Þjóðkirkjunnar.**

**Fyrsti baráttudagurinn var í fyrra. „Frumkvæðið er íslenskt og verður í ár kynnt á alþjóðlegum vettvangi þegar dagur gegn einelti verður haldinn í annað sinn," segir á vef kirkjunnar.**

**„Er fólk um allan heim hvatt til að sýna samstöðu í baráttunni gegn einelti og kynbundnu ofbeldi með því að hringja alls konar bjöllum kl. 13 að staðartíma hvers lands." - óká**

Kona í 15 mánaða fangelsi:

## Dæmd fyrir kókaín í hári

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær rúmlega fertuga lettneska konu í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að flytja til landsins 670 grömm af sterku kókaíni falin undir hárkollu sem hún bar.

Konan kom til landsins frá Spáni í byrjun ágúst og vaknaði strax grunur um að hún hefði fíkniefni í fórum sínum. Hún hafði komið hingað áður en átti sér ekki afbrotasögu.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að konan játaði brot sitt greiðlega og ljóst þótti að hún var burðardýr en hafði ekki skipulagt smyglið. **- sh**






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SKÚRIR EÐA ÉL**
Dagurinn verður frekar rólegur en á morgun nálgast landið lægð með vaxandi suðaustanátt og töluverði úrkomu syðra. Á föstudag snýr hann sér í hvassa norðanátt um norðvestanvert landið með snjókomu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 5° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | 1° |
| París | 12° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## ARION BANKI LÆKKAR GREIÐSLUBYRÐI
ÍBÚÐALÁNA HJÁ FORELDRUM Í FÆÐINGARORLOFI

Arion banki býður foreldrum í fæðingarorlofi að lækka greiðslubyrði íbúðalána um allt að helming.

Hjá mörgum verða breytingar á ráðstöfunartekjum við töku fæðingarorlofs. Því viljum við koma til móts við foreldra og gefa þeim kost á að fresta hluta af afborgunum íbúðalána sinna. Með þessu viljum við auðvelda viðskiptavinum okkar að taka fullt fæðingarorlof og njóta þess til fullnustu.

**Hafðu samband við þjónusturáðgjafa okkar í næsta útibúi Arion banka eða í síma 444 7000 og kynntu þér möguleika þína.**

Arion banki

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver er stjórnarformaður hjúkrunarheimilisins Eirar?*
2. *Hvar fóru tónleikar Sigur Rósar fram á sunnudagskvöld?*
3. *Hver skrifaði bókina Stelpur geta allt?*

**SVÖR**

*1. Vilhjálmur Vilhjálmsson 2. Laugardalshöll 3. Kristín Tómasdóttir.*

Barnalæknir skorar á heilbrigðisyfirvöld að endurskoða regluverk um lyfjaávísanir og skráningu lyfja:

# Hver undanþágulyfseðill tekur hálftíma

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar þurfa að fylla út sérstök eyðublöð í þríriti til viðbótar við umsókn um lyfjaskírteini til að ávísa sjúklingum sínum lyf sem eru á undanþágulista Lyfjastofnunar.

Hvorki er hægt að útvega seðilinn rafrænt né símleiðis og má áætla að hver seðill taki í kringum hálftíma að útbúa, samkvæmt Gylfa Óskarssyni, sérfræðingi í barnalækningum hjá Barnaspítala Hringsins.

Gylfi skrifar leiðara í síðasta tölublað Læknablaðsins, þar sem hann skorar á heilbrigðisyfirvöld að hefja endurskoðun og einföldun á regluverki um lyfjaávísanir og skráningu lyfja í samvinnu við samtök lækna. Núverandi ástand sé ekki boðlegt.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að gamalt og vinsælt geðklofalyf, Trilafon, er hætt í framleiðslu og verður tekið af markaði hér á landi í byrjun næsta árs.

Engin samheitalyf koma á markað í staðinn, en læknar geta útvegað sjúklingum sínum undanþágulyfseðil fyrir öðru lyfi sem sagt er hafa svipaða virkni.

„Sýnu alvarlegast er þó þegar bráðnauðsynleg lyf hverfa algerlega af markaði eða eru ófáanleg í landinu um lengri eða skemmri tíma. Nýleg alvarleg dæmi um slíkt vekja spurningar um ábyrgð yfirvalda og lyfjafyrirtækja og möguleika hinna fyrrnefndu til að beita lyfjafyrirtæki viðurlögum þegar skortur á mikið notuðu lyfi getur ógnað öryggi sjúklinga,“ segir Gylfi í grein sinni. - sv




**TRILAFON AF MARKAÐI** Geðlæknar eru margir hverjir uggandi yfir því að ekkert samheitalyf sé komið á lyfjamarkað í stað Trilafon, sem hefur reynst hundruðum geðklofasjúklinga vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Flutningur á Lækningastofu:**
Hef flutt lækningastofu mína í Stóra - Turn á 9. hæð í Kringlunni.
Viðtalsbeiðnir áfram í síma: 588 8557
Einar Guðmundsson læknir
Sérgrein: Geðlækningar



DELL Optiplex 3010
**Hagkvæm og áreiðanleg**
á góðu verði



Vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.
Listaverð ~~179.990~~ kr. stk.
1-9 tölvur 119.900 kr. stk.
10+ tölvur 109.900 kr. stk.
**Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is**
Öll verð eru með vsk.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000
advania Welcome to IT

HÖFUNDARÉTTUR Í STAFRÆNUM HEIMI
Fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík
RICHARD STALLMAN
Miðvikudaginn 7. nóvember kl. 19:30, stofu M101
„Stórfyrirtæki sem hagnast á höfundarétti berjast fyrir hörðum refsingum til að auka hagnað sinn á meðan þau hefta aðgang almennings að tækni.
Ef við viljum í alvöru þjóna hinum eina rétta tilgangi höfundaréttar, almenningi til hagsbóta, verðum við að gera breytingar á núverandi skipulagi.“



Dr. Richard Stallman
Fyrirlesturinn er í boði tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og Félags um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ).
Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
www.hr.is
www.fsfi.is

# Stasi taldi að Svavar væri útsendari CIA

**Austurþýska leyniþjónustan Stasi taldi að Svavar Gestsson ynni fyrir bandarísku leyniþjónustuna þegar hann var við nám í Austur-Þýskalandi. Pólitískir andstæðingar hans á Íslandi brigsluðu honum um að ganga erinda Stasi.**

**STJÓRNMÁL** Svavar Gestsson, fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins, þingmaður, ráðherra og sendiherra, var grunaður um að vinna fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA á meðan hann var við nám í Austur-Berlín á sjöunda áratug síðustu aldar. Skjöl sýna að tíðar ferðir hans til Vestur-Berlínar vöktu grunsemdir austurþýsku leyniþjónustunnar Stasi.

Þetta kemur fram í sjálfsævisögu Svavars sem kemur út á morgun, en hún ber titilinn Hreint út sagt.

Í kjölfarið á falli múrsins árið 1989 og Austur-Þýskalands opnaði Stasi skjalasöfn sín. Um miðjan tíunda áratuginn fluttu Ríkisútvarpið og Morgunblaðið fregnir af því að nafn Svavars væri að finna í skjölum leyniþjónustunnar. Um það var einnig skrifað í bók Árna Snævarrs og Vals Ingimundarsonar, Liðsmenn Moskvu.

Í bók Svavars kemur fram að vissulega sé nafn hans að finna í skjölum Stasi, enda hafi verið fylgst með öllum útlendingum í landinu á þessum árum.




**MEINTI ÚTSENDARINN** Svavar var af Stasi talinn útsendari bandarísku leyniþjónustunnar. Heim kominn töldu pólitískir andstæðingar hans vera útsendara Stasi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Á Íslandi hafa fáeinir menn reynt að koma því óorði á mig í áratugi að ég hafi unnið fyrir Stasi – við hvað skildi ég aldrei. Hvað gat ég svo sem gert að því að ég væri á skrám Stasi?

En þegar betur er að gáð kemur í ljós að Austur-Þjóðverjarnir, sem lágu meðal annars yfir einkabréfum mínum, hafa talið að ég væri að vinna fyrir bandarísku leyniþjónustuna sennilega af því að ég fór svo oft til Vestur-Berlínar.“

kolbeinn@frettabladid.is

## Skjölin hurfu – samtal við skjalavörð




Stafirnir „SR“ standa fyrir „Sicherung des Reiseverkehrs“, sagði hún.

„Ha,“ sagði ég, „af hverju?“ Ég spurði hana hvort það væri af því að ég fór oft til Vestur-Berlínar meðan ég var í Austur-Berlín.

„Já, það er ástæðan,“ svaraði hún.

Þá kemur fram á spjaldi þessu að gögn sem hafi snert mig hafi verið fjarlægð ásamt öðrum skjölum í skjalabunka „Sammelakte“. Að skjölin hafi verið lögð til hliðar 25.6. 1989.

„Hvert veit enginn,“ segir hún. „Kannski hefur þeim verið hent af því að þau hafi einfaldlega þótt ómerkileg. Þau hafa að minnsta kosti verið í bunka með öðrum skjölum sem einnig hafa verið fjarlægð.“

…

„En hvað er „HA II“?“

„Það er „Hauptabteilung“,“ segir hún, „það er aðaldeild Stasi – eða sjálfstæð deild. Annars fjallar „HA II“ um varnir gegn njósnum „Spionenabwehr“.“

„Jahá,“ segi ég, orðinn nokkuð langleitur í framan, „en „13“?“ spyr ég.

„Nei, þetta er ekki þrettán – talan 13 – heldur „/3“, það er skástrik þrír, það þýðir vinna fyrir bandarísku leyniþjónustuna. Þeir hafa haldið að þú værir að vinna fyrir bandarísku leyniþjónustuna.“

Allsherjarverkfall og útifundir í Grikklandi til að mótmæla nýjum niðurskurði:

# Óvissa um stuðning þingsins

**GRIKKLAND, AP** Tveggja sólarhringa allsherjarverkfall hófst í Grikklandi í gær til að mótmæla nýju niðurskurðarfrumvarpi, sem greidd verða atkvæði um á þingi í dag.

Ekki er öruggt að frumvarpið verði samþykkt, þar sem veruleg óánægja er meðal margra þingmanna stjórnarflokkanna, einkum þeirra sem eru vinstra megin við miðju stjórnmálanna.

Verkfallið hefur víðtæk áhrif á mannlífið í Grikklandi. Skólar eru lokaðir, flug liggur niðri, lestarsamgöngur liggja niðri, leigubílstjórar eru í verkfalli og sjúkrahús í Aþenu eru einungis starfrækt með það í huga að geta sinnt neyðarþjónustu.

Tugir þúsunda tóku þátt í tveimur mótmælagöngum í höfuðborginni Aþenu og um tuttugu þúsund tóku þátt í mótmælagöngu í Þessaloníku, næststærstu borg landsins. Mótmælaaðgerðir af þessu tagi hafa iðulega snúist upp í óeirðir. Búast má við hörðum átökum í dag þegar þingið gengur til atkvæða. - gb



**MÓTMÆLI Í AÞENU** Mótmælt verður áfram í dag þegar atkvæðagreiðsla verður á þingi. NORDICPHOTOS/AFP

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Fabia** er byggð á einfaldri hugmynd, það á að vera þægilegt og skemmtilegt að keyra. Þess vegna er bíllinn svo lipur í akstri og rúmgóður fyrir fólk og farangur að innan. Fyrir fjölskyldufólk sem þarf aukið rými er **Fabia Combi** útfærslan ákjósanleg með 505 lítra farangursrými sem er stækkanlegt í 1.485 lítra með því að leggja aftursætin niður. Skoda bifreiðar eru þekktar fyrir sparneytni og lága bilanatíðni og eyðir Fabia einungis frá 4,2 lítrum á hverja hundrað kílómetra sem eknir eru*.

**ŠKODA Fabia** er frábær bíll sem þú einfaldlega verður að prófa!

## ŠKODA Fabia kostar aðeins frá kr. 2.190.000,-

Skoda Fabia 1.2 Classic, bensín, beinskiptur, 70 hestafla, eyðsla: 5,5 l/100 km.
Aukalega fyrir Combi útfærslu: 150.000 kr.

*m.v. Skoda Fabia 1.6TDI, dísil, beinskiptan, 90 hestafla.

**Umboðsmenn**
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA



**MEÐ TURN Á HÖFÐINU** Þessi frú mætti á kappreiðar í Ástralíu með Eiffelturn á hattinum. NORDICPHOTOS/AFP

Skólabörn í Svíþjóð:

## Svöng vegna hádegismatar að morgni

**SVÍÞJÓÐ** Mörg þúsund skólabörn í Svíþjóð eru svöng á hverjum degi. Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að það sé ekki alltaf vegna þess að þau hafi ekki borðað matinn í skólanum sem þau fá án endurgjalds. Ástæðan getur verið sú að matartíminn hafi verið of snemma dags eða að þau hafi ekki getað lokið máltíðinni áður en þau þurftu að víkja fyrir nýjum hópi nemenda.

Dæmi eru um að hádegismatur sé klukkan 10.20 að morgni. Nemandi sem fær hádegismat í skólanum á þessum tíma segist oft fá höfuðverk síðdegis. Á fréttavefnum er bent á að nemendur eigi auðveldara með að einbeita sér þegar þeir eru saddir. **- ibs**

# 4G ætti að komast í loftið hraðar en 3G á sínum tíma

Framkvæmdastjóri Nova segir innleiðingu 4G-þjónustu á Íslandi sennilega munu taka skemmri tíma en þegar 3G kom fram. Nú séu betri tæki fyrir neytendur en þá og ekki þörf á eins miklum framkvæmdum.

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað tekur langan tíma að koma upp 4G-neti á Íslandi?

Fyrirhuguð innleiðing 4G-farsímaþjónustu á Íslandi, sem mun koma í kjölfar útboðs á tíðniheimildum á næsta ári, ætti að taka skemmri tíma en þegar 3G hóf göngu sína hér á landi upp úr 2007. Þetta segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Hún segir uppfærslu fyrirtækisins í 4G verða minni framkvæmd en uppsetningu 3G á sínum tíma.

„Það er erfitt að segja til um hversu hratt þjónustan tekur við sér, en það mun að miklu leyti velta á þeim tækjum sem verða í boði fyrir neytendur.“

Liv tekur sem dæmi að þegar 3G byrjaði hafi fyrstu 3G-farsímarnir ekki verið mjög spennandi og það hafi ekki verið fyrr en með innreið iPhone og annarra snjallsíma sem hlutirnir fóru virkilega að gerast.

„Við þurftum að bíða lengur eftir góðum 3G-farsímum en við höfðum vonast til. Að þessu sinni veðjum við hins vegar á að hlutirnir gerist hraðar, því að tæknin er lengra á veg komin með snjallsímum, spjaldtölvum og fleiru.“

4G-tækninni var fyrst hleypt almennt af stokkunum á Norðurlöndunum árið 2009 og eru nú helstu borgir og bæir innan dreifikerfanna, sem ná til um og yfir 90 prósenta íbúa.

Spurð hvort Ísland sé að dragast aftur úr í þróuninni segir Liv að svo sé ekki.

„Ef við horfum á Evrópu, heilt yfir, eru fyrirtæki þar einmitt núna að byggja upp 4G-netið hjá sér. Miðað við hvernig var með Ísland og upptöku 3G-kerfisins á sínum tíma, þar sem við vorum einna síðust af Evrópulöndunum, erum við á hárréttum tíma og nokkuð framarlega.“

Hún bætir því við að uppbyggingin nú sé á réttum tíma þar sem fyrirséð er að netnotkun í símum, spjaldtölvum og öðrum þráðlausum búnaði muni aukast og 3G muni ekki anna því.

Fréttablaðið hefur þegar sagt frá kostnaðarmati á uppbyggingu 4G-nets á Íslandi, sem Mannvit gerði fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Þar gerir ein hugsanleg leið ráð fyrir að tíu megabita tenging sem næði til um 80 prósenta landsins, gæti kostað á bilinu 22 til 33 milljarða króna.

Aðspurð um þá fjárfestingu sem Nova þarf að leggja út í við uppfærsluna í 4G segir Liv að þó að það verði eflaust kostnaðarsöm framkvæmd og umfangsmikil ætti hún að verða talsvert umfangsminni en þegar 3G-netið var sett upp á sínum tíma.

„Einn kosturinn við 4G er að við þurfum í raun ekki að setja upp fleiri senda.

Við erum með nýlegt 3G kerfi og þó að við þurfum vitanlega að gera einhverjar breytingar, þurfum við ekki að setja upp annað sendakerfi við hlið þess sem nú er.“

**thorgils@frettabladid.is**

### 4G-þjónusta á Norðurlöndunum

**Norðurlandaríkin hafa verið í fararbroddi hvað varðar 4G-væðingu og var fyrstu almennu 4G-þjónustunni hleypt af stokkunum í Ósló og Stokkhólmi árið 2009. Nú nær hún til allra helstu þéttbýlisstaða í löndunum og til allt að 90 prósenta íbúa. Hér að neðan eru nokkur dæmi um verð á 4G-þjónustu fyrir síma og spjaldtölvur.**

| Land | Fyrirtæki | Hraði | Gagnamagn | Mánaðaráskrift |
|---|---|---|---|---|
| Danmörk | Telia | 80 mbit/sek | 10 gb | 4.300 ISK |
| Noregur | Telenor | 40 mbit/sek | 10 gb | 6.600 ISK |
| Svíþjóð | Telia | 10-40 mbit/sek | 3 gb | 5.670 ISK |
| Finnland | Sonera | 50 mbit/sek | 50 gb | 3.200 ISK |

### Gagnahraði




Heimildir: Vefsíður símafyrirtækjanna



**SNJALLSÍMI OG SPJALDTÖLVA** 4G-farsímanetið mun stórauka hraða á gagnaflutningum í farsíma og önnur tæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

**Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.655.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon dísil

Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

**Vetrardekk fylgja með í nóvember**

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**

Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



**FRÁ LANDSMÓTI** Eitt hross drapst af slysförum í hesthúsi á mótssvæðinu í Víðidal í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leggur til bann við stangamélum með tunguboga:

## Áverkar í munni ógna velferð hrossa

**DÝRAVELFERÐ** Áverkar í munni eru helsta ógnin við velferð keppnishrossa, að því er fram kemur í nýrri skýrslu Matvælastofnunar (Mast). Skýrslan nefnist „Klár í keppni 2012“ en í henni er fjallað um heilbrigðisskoðanir keppnis- og sýningarhrossa á Landsmóti hestamanna og Íslandsmóti í hestaíþróttum á þessu ári.

Mast hvetur til þess að samtök hestamennskunnar marki langtímastefnu til úrbóta, en fram kemur í skýrslunni að nokkuð hafi verið um að hestar væru með áverka bæði í munnvikum og yfir kjálkabeini, jafnvel báðum megin. „Áverkar í munni keppnishesta eru ekki vandamál einstakra knapa. Fremur má segja að það séu aðeins einstaka knapar sem ná í því að komast langt í keppni án þess að það skilji eftir sig særindi í munni hestsins,“ segir í skýrslunni. Þá segir að knapar sem nái því marki eigi það sammerkt að nota mél með tunguboga afar sparlega. Meðal tillagna að úrbótum í skýrslunni er að banna slík mél. Þá hafi margir knapar sem mættu til leiks með alvarlega munnsára hesta ekki verið vel meðvitaðir um ástandið.

Fram kemur í skýrslu Mast að tíðni alvarlegra áverka hafi verið hærri á Íslandsmótinu en Landsmótinu. **- óká**

### Leiðir til úrbóta

Í nýrri skýrslu er stungið upp á eftirfarandi leiðum til úrbóta vegna áverka í munni keppnishrossa:
**1.** Banna notkun stangaméla með tunguboga. **2.** Auka fræðslu um virkni munnsins og hentugan beislisbúnað. **3.** Þróa hestvænni keppnisgreinar. **4.** Þróa keppnisreglur og dómgæslu. **5.** Auka fagmennsku í hestatannlækningum. **6.** Öll notkun á íslenska hestinum til sýninga og keppni lúti sömu reglum varðandi dýravelferð.




# FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLI

**Framabraut – Skrifstofuskóli er námsbraut fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun eða er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eftir hlé.**

## STYRKT AF FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
– sem tryggir ótrúleg kjör

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS – MENNTUN Á VINNUMARKAÐI
FRAMVEGIS – Miðstöð símenntunar

Námsbrautin er unnin í samvinnu við símenntunarmiðstöðina Framvegis og er styrkt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða 42.000 kr. í stað 199.000 kr. áður. Námið er 264 kennslustundir og er metið til allt að 18 eininga til stúdentsprófs.*

## AF HVERJU FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLINN?

Markmiðið með Framabrautinni – Skrifstofuskólanum er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í alhliða skrifstofuvinnu. Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bókhald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum. Námið hefst á því að nemendum er kennd námstækni með hjálp MindManager og þannig helstu tökin við notkun hugarkorts í verkefnavinnu, en rannsóknir sýna að notkun hugarkorts í námi og starfi getur aukið afköst fólks við vinnuna um allt að 17%.

## FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama í almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

* Vakin er athygli á því að framhaldsskólum er í sjálfsvald sett hvernig þeir meta námið.

> Það að getað stundað nám í gegnum fjarkennslu í beinni útsendingu er alveg frábært. Ég bý úti á landi og hefði ekki haft kost á þessu námi öðruvísi. Var í skrifstofunámi og er það mjög hagnýtt og markvisst nám, með fyrsta flokks kennurum og starfsfólki. Námið hefur nýst mér mjög vel. Ári eftir að ég útskrifaðist fékk ég vinnu sem móttökuritari á heilsugæslu í sumarafleysingum og í dag er ég að vinna á skrifstofu Bruggsmiðjunnar Kalda á Árskógssandi. Námið gefur svo góðan grunn og veitir manni mun meiri kjark og sjálfsöryggi í að sækja um vinnu sem maður hefur áhuga á og mæli ég eindregið með þessu námi hjá Promennt.
>
> Valdís Erla Eiríksdóttir, skrifstofustarfsmaður í Bruggsmiðjunni Kalda, Árskógssandi

Skráningar fara fram á vefnum okkar **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

## VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Kynning og námstækni með MindManager
2. Sjálfstyrking, samskipti og færnimappa
3. Tölvu- og upplýsingaleikni
4. Verslunarreikningur og bókhald
5. Tölvubókhald
6. Þjónusta og símsvörun
7. Viðskiptaenska
8. Tollskýrslugerð
9. Verkefnadagar/lokaverkefni

Verð: **42.000 kr.**
Lengd: **264 kennslustundir**
Kennslan fer fram hjá okkur í Promennt og Framvegis í Skeifunni 11b, 2. hæð og í fjarkennslu í beinni útsendingu.
Hefst: **4. febrúar 2013**
Umsóknarfrestur er til **29. janúar 2013**

Flest stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms hjá okkur. Atvinnuleitendur geta sótt um styrk hjá VMST.

| MICROSOFT VOTTUN | FJARKENNSLA Í BEINNI | DAG- OG KVÖLDNÁM |
|---|---|---|
| Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi. | Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni. | Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám. |

PIPAR\TBWA • SÍA • 123210

**PROMENNT**
**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is**

PROMENNT

**FRÉTTASKÝRING:** Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

# Generalprufa fyrir formannskjör

**Katrín Júlíusdóttir og Árni Páll Árnason berjast um fyrsta sætið á lista Samfylkingarinnar í Kraganum og öðrum þræði um formannsstólinn. Um 750 skráðu sig í flokkinn eða sem stuðningsmenn fyrir prófkjörið. Allir þingmenn flokksins gefa kost á sér.**

Staða Samfylkingarinnar hefur verið sterk í Suðvesturkjördæmi á síðustu fjórum árum. Hún er stærsti flokkur kjördæmisins, fékk fjóra þingmenn kjörna við síðustu alþingiskosningar, 32,2 prósent atkvæða, og oddviti listans, Árni Páll Árnason, er fyrsti þingmaður kjördæmisins. Þá átti kjördæmið tvo af fimm ráðherrum flokksins fram að síðustu áramótum.

Ekki er á vísan að róa með að Kraginn haldi þessari sterku stöðu sinni á næsta kjörtímabili. Kynjasjónarmið spiluðu inn í þegar Katrín var gerð að ráðherra. Konur sækjast nú eftir efsta sæti í öllum kjördæmum, utan Norðausturs.

Komist Samfylkingin í ríkisstjórn er því engan veginn öruggt, raunar frekar ólíklegt, að tveir ráðherrar flokksins komi úr Kraganum.



**SIGRI FAGNAÐ** Samfylkingin fékk fjóra þingmenn í Suðvesturkjördæmi í síðustu kosningum og er stærsti flokkurinn í kjördæminu. Ánægja ríkti á kosningavöku flokksins árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




KORT/WIKIPEDIA

### Formannsslagur

Árni Páll hefur lýst yfir framboði sínu til formanns flokksins, en kjör hans fer fram upp úr áramótum. Hann hefur sagt að úrslit prófkjörsins núna skilji ekki á milli feigs og ófeigs hvað varðar; hann sækist eftir formennsku hvort sem hann hefur sigur nú eður ei.

Engum blöðum er þó um það að fletta að sá frambjóðandi sem ber sigur úr býtum í prófkjörinu stendur sterkar að vígi í formannskjörinu. Heimildarmenn Fréttablaðsins herma að beri Katrín sigur úr býtum í prófkjörinu sé öruggt að hún gefi kost á sér til formanns.

Vissulega sækir formaður fylgi sitt út fyrir eigið kjördæmi, en það veikir óneitanlega stöðu hans að vera ekki oddviti. Samkvæmt hefðinni mætast oddvitar kjördæmanna í umræðum í kosningabaráttu. Það gætu því fylgt því ýmisleg vandkvæði að vera með formanninn í öðru sæti.

Ljóst er að Árni Páll hefur undirbúið framboð sitt af kostgæfni. Hann hefur sótt fundi í kjördæmisfélögum og skrifað ýtarlega um pólitík í Fréttablaðið og víðar. Katrín hefur verið í fæðingarorlofi og er nú fjármálaráðherra og hefur því knappari tíma til að sinna eigin pólitískum frama.

### Þingmenn gefa kost á sér

Auk Árna Páls og Katrínar eru Magnús Orri Schram og Lúðvík Geirsson þingmenn í kjördæminu. Magnús skipaði fjórða sæti lista flokksins við síðustu kosningar og náði því kjöri til þings. Nú sækist hann eftir 2.-3. sæti. Hann var kjörinn formaður þingflokksins á meðan Oddný G. Harðardóttir gegndi embætti ráðherra.

Magnús gaf nýverið út bókina Við stöndum á tímamótum, en þar setur hann fram pólitíska sýn sína. Hún hefur mælst vel fyrir og mun ekki skemma fyrir honum í slagnum.

Lúðvík skipaði fimmta sæti listans síðast og kom inn á þing þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem skipaði þriðja sætið, hætti í stjórnmálum í september 2011. Lúðvík, sem er fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði, sækist eftir 2. sæti.

Allir fjórir þingmenn flokksins gefa því kost á sér til endurkjörs. Auk þeirra gefa fimm kost á sér í prófkjörinu. Amal Tamimi varaþingmaður í 2.-3. sæti, Anna Sigríður Guðnadóttir í 2.-4., Geir Guðbrandsson í 5., Margrét Gauja Magnúsdóttir í 3.-4., Margrét Júlía Rafnsdóttir í 3.-4. og Stefán Rafn Sigurbjörnsson í 3.-5. sæti.

### Blásið til bandalaga?

Það þykir ekki góð latína í dag að mynda bandalög í prófkjörum. Á tímum þar sem krafan um að allt sé uppi á borðum er í hávegum höfð, þykir ekki par fínt að frambjóðendur hópi sig saman. Slíkt gæti hins vegar verið skynsamlegt, þó ekki fari sú skoðun hátt.

Heimildarmenn Fréttablaðsins nefndu í því skyni helst að hagsmunir Katrínar og Lúðvíks færu saman. Í herbúðum Árna Páls óttast menn að þar hafi myndast bandalag, en í herbúðum Katrínar er fólk duglegt að neita því.

Bandalög geta verið tvíbent vopn því bindi Katrín trúss sitt um of við Lúðvík gæti það komið niður á stuðningi við hana hjá stuðningsfólki Magnúsar Orra.

### Opnasta flokksvalið

Forvalið í Kraganum stendur yfir í tvo daga, hefst á miðnætti aðfaranótt föstudags og lýkur klukkan 17 á laugardag. Kosið verður rafrænt og á kjörstað.

Allir flokksmenn geta tekið þátt í prófkjörinu, en einnig þeir sem skrá sig á stuðningslista. Frestur til þess rann út á miðnætti síðasta föstudag.

Flokksfélagar í kjördæminu voru tæplega 5.000 talsins. Rúmlega 150 nýir félagar skráðu sig í flokkinn og tæplega 600 á stuðningslista, en það var nægilegt til að taka þátt í prófkjörinu.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

59.640 kr. á mánuði mv. Passat Comfortline Plus sjálfskiptan og óverðtryggðan bílasamning frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallsleg tala kostnaðar 10,48%.

ergo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# SJÁLFSTÆÐ OG STOLT

*Vígroði* er framhald af skáldsögunni *Auði* sem kom út 2009, naut geysilegra vinsælda og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

## Viðburðarík og spennandi saga um mikla persónu.









MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Matur sem ekki er fullorðnum bjóðandi er heldur ekki bjóðandi börnum:

# Bragðlaukar barna

Kennarar í Hafnarfirði eru ósáttir við að þurfa að gera sér að góðu sama mat og borinn er á borð fyrir nemendur þeirra. Ósætti kennaranna byggir á því að bæjarstarfsmönnum sé mismunað vegna þess að aðrir starfsmenn bæjarins fái annan og betri mat en kennararnir. Maturinn sem boðinn sé í skólunum sé hins vegar „eldaður með smekk og bragðlauka barna í huga".

Mótmæli kennaranna vekja upp ýmsar spurningar. Hvers vegna er matur sem boðinn er börnum ekki nógu góður fyrir fullorðið fólk? Hvað mótar matarsmekk barna? Mótast hann ekki einmitt að stórum hluta af þeim mat sem þeim er boðinn? Ungur nemur, gamall temur: Barn sem fær að stórum hluta unninn mat, mat sem meðal annars inniheldur maukuð hráefni, sterkju, salt og sykur umfram það sem hóflegt má teljast, er líklegt til að hafa smekk fyrir slíkum mat og hafa um leið síður smekk fyrir mat sem er minna unninn, svo sem kjöti sem þarf að tyggja. Og það sem verra er, barn sem hefur alist upp við slíkan kost er einnig líklegt til þess að velja hann áfram þegar það verður fullorðið.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Að sama skapi er barn sem elst upp við að borða mat úr hráefnum sem ljóst er hver eru, mat sem þarf að tyggja og er hóflega saltaður, líklegt til að fúlsa við unna matnum, rétt eins og kennararnir í Hafnarfirði gera.

Það er umhugsunarefni að mörg sveitarfélög bjóði hvort heldur sem er börnum eða fullorðnum mat sem að talsverðum hluta er unninn vara með óskilgreindu innihaldi. Matseðill vikunnar í einum skóla hljóðar til dæmis upp á kjötbollur með hvítkálsjafningi og soðnum kartöflum, heimalagaðan fiskbúðing með hrísgrjónum og karrýsósu, penne pasta (án frekari útlistana), létt-nætursaltaða ýsu með soðnum kartöflum og sinnepssósu, grjónagraut, lifrarpylsu og brauð með osti. Hér er fiskurinn í lagi, grjónagrauturinn og slátrið líka, sé það ekki ofnotað, en annað getur ekki talist góður matur.

Hver og einn getur velt því fyrir sér hvort hann hefði áhuga á að vera í fæði upp á þennan kost og hvort hann telur hann heilsusamlegan fyrir börn eða fullorðna. Skólar eru uppeldisstofnanir og það er ekki hægt að taka matartímann út fyrir sviga þar, hvorki matinn sem fram er borinn né þá umgjörð sem börnum er búin þegar þau matast.

Sem betur fer fer fjölgar þeim skólum sem bjóða einfaldan og hollan mat. Matseðill vikunnar í einum grunnskóla Reykjavíkur hljóðar til dæmis upp á skyr, rjómabland, smurt brauð og ávexti, kornhjúpaðan þorsk með hrísgrjónum, tómatmauksósu og fersku grænmeti, kínanúðlur með grænmeti og kjúklingi, gufusoðna ýsu með kartöflum, smjöri og fersku grænmeti og bayonne-skinku með brúnuðum kartöflum, sósu og rauðkáli. Ekki fullkominn en traustur og ágætur matseðill.

Hvort sem um er að kenna vankunnáttu eða metnaðarleysi er enn allt of algengt að matseðill skóla stjórnist af því hvað er hagkvæmast með tilliti til vinnu og kostnaðar en minna sé horft til hollustu matarins og þess uppeldishlutverks sem skólamötuneyti gegna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Pinnið** ver fyrirtækið fyrir **kortasvikum**

Fyrirtæki sem tekur við greiðslu með því að lesa segulrönd örgjörvakorts er ábyrgt ef færslan reynist sviksamleg. Með notkun örgjörvaposa sem snúa að viðskiptavinum er rekstraráhætta tengd kortaviðskiptum takmörkuð.



Advania á tilbúnar posalausnir og aðstoðar við innleiðingu á örgjörvaposum.

**Nánari upplýsingar á www.advania.is/pinnid eða í síma 440 9428.**

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania Welcome to IT

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 1. til 7. maí

Róbert Marshall alþingismaður hefur lagt fram lagafrumvarp um breytingar á fyrirkomulagi frídaga. Hann vill færa fríið sem fylgir sumardeginum fyrsta og uppstigningardegi yfir á föstudag á eftir. Í þeim tilvikum sem sumardaginn fyrsta ber upp á skírdag skal fríið færast á miðvikudaginn á undan. Með þessu fengist þriggja daga helgi og á stundum lengra páskafrí. Það er góðra gjalda vert að auka frí landsmanna. Í tillögu Róberts er hins vegar að finna eftirfarandi tillögu: „Halda skal 1. maí hátíðlegan sem frídag verkafólks fyrsta mánudag í maí." Hefði þetta verið orðið að lögum hefði 1. maí verið haldinn hátíðlegur 7. maí í ár.



### Veit Jón af þessu?

Það er þungi í forsvarsmönnum Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem leggja til mikinn niðurskurð til menningarmála. Er þar að finna hefðbundinn lista óþarfa stofnana, að mati ungliðanna, allt frá Veðurstofunni til Hafró. Slysavarnarskóli sjómanna er einnig þyrnir í augum SUS. Ætli Jón Gunnarsson, þingmaður flokksins og fyrrverandi framkvæmdastjóri Landsbjargar, viti af því?

### Mæltu manna heilastur

Egill Helgason sagði, á Facebook, frá þeim plagsið að uppnefna annað fólk nasista og kommúnista. „Sjálfur hætti ég að lesa þegar menn byrja á þessu," sagði Egill. Um tillögur SUS hafði hann hins vegar þetta að segja: „En dálítið minnir þetta á Hermann Göring sem á að hafa sagt: „Þegar ég heyri orðið menning, dreg ég fram skammbyssuna."."



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Evrópuaðild fyrir fólkið í landinu

Evrópumál



Mörður Árnason
alþingismaður

Öllu talinu um aðildarsamningana og framtíðarstefnuna í sambandi við Evrópusambandið hættir til að verða nokkuð fjarlægt og háfleygt, fyrir nú utan að þátttakendur leyfa sér óvenjumikið rugl og nöldur, jafnvel á íslenskan nútímakvarða. Jájá, það þarf að finna leið út úr gjaldeyrishöftunum, og enginn hefur bent á neina aðra í raun og veru en upptöku evru. Jájá, það eru vandamál kringum fullveldisdeilingu, bæði í EES og ESB, og Íslendingar mega ekki rasa um ráð fram. Sjávarútvegsmálin, landbúnaðurinn, byggðirnar, fjármálamarkaðirnir o.s.frv. o.s.frv. En hvað kemur þetta venjulegu fólki við í daglegu brauðstriti og amstri – sem eftir Hrun er alvarlegt mál fyrir hver einustu mánaðamót á fjölmörgum heimilum?

Margt er auðvitað óljóst enn þá um stöðuna eftir inngöngu okkar í Evrópusambandið ef af verður. Þess vegna erum við að semja. Ýmislegt af kostum og göllum við aðild kemur ekki í ljós fyrr en á líður. Það er reynsla annarra þjóða sem inn eru gengnar, svo sem Svía og Finna, Eystrasaltsþjóðanna, nýfrjálsu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu.

> Verðtryggingin hverfur svo að segja með evrunni, enda er verðtryggingin hækja sem hin veika króna notar...

Margt er líka nokkurn veginn ljóst, og varðar ekki síst hag fjölskyldnanna, almennings í landinu. Með evrunni minnkar allur kostnaður í viðskiptum okkar við evrulöndin – vöruverð fer niður. Vextir hafa verið hér alltof háir fyrir bæði fólk og fyrirtæki. Þeir lækka með inngöngu og evru, og líklega strax með tengingu krónunnar við evru. Innganga og evra mundi slá á verðbólgu með sífelldum hækkunum verðlags og launa. Verðtryggingin hverfur svo að segja með evrunni, enda er verðtryggingin hækja sem hin veika króna notar til að halda sér uppréttri.

Það rennur ekki upp paradís á jörðu daginn sem við göngum í Evrópusambandið. Sem fyrr eru Íslendingar sinnar eigin gæfu smiðir. Fyrir venjulegt fólk verður hins vegar auðveldara að lifa, einfaldara að skipuleggja, meira öryggi við rekstur heimilisins.

Þess vegna er svo áríðandi að klára samninginn við Evrópusambandið sem fyrst og leyfa þjóðinni að taka til hans afstöðu. Fyrir okkur öll, fyrir fólkið í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nei eða já: Hverju eiga einstaklingar með ADHD að trúa?

Heilbrigðismál



Björk Þórarinsdóttir
formaður ADHD samtakanna

Í ADHD-vitundarvikunni nú í haust vöktu ADHD-samtökin athygli þingmanna á að í fjárlagsfrumvarpi til næsta árs er áætlaður 220 milljóna króna sparnaður með því að hætta niðurgreiðslu metylphenidatlyfja til fullorðinna með ADHD. Í kjölfarið voru ADHD-samtökin boðuð á fund í velferðarráðuneytinu þar sem talað var um að þetta yrði ekki svona í raun, heldur ættu þeir sem sannanlega þyrftu á lyfjum að halda að fá þau niðurgreidd. Á þessum fundi var líka talað um að fjárveiting lægi fyrir til að stofna sérstakt ADHD-sérfræðiteymi og búið væri að tryggja rekstrargrundvöll þess.

Mikil þörf er á að breyta og bæta bæði greiningar og meðferðarúrræði fyrir fullorðna einstaklinga með ADHD og er það ADHD-samtökunum mikið fagnaðarefni að slíkt verði að veruleika með tilkomu sérfræðiteymis. Bæði sálfræðingar og geðlæknar geta greint ADHD, en í dag er staðan þannig að þriggja til sex mánaða bið er eftir fyrsta tíma hjá geðlækni. Þess ber að geta að kostnaður við greiningu og þjónustu geðlækna er niðurgreiddur af ríkinu en kostnað sem hlýst af sálfræðiþjónustu þurfa einstaklingar að bera sjálfir. Kostnaður við ADHD-greiningu hjá sálfræðingi hleypur á 50-80 þúsundum króna. En niðurgreidd úrræði á vegum hins opinbera til handa fullorðnum einstaklingum með ADHD, eins og mælt er með í klínískum leiðbeiningum landlæknis, eru nær engin nema lyf.

Ef erlendar faraldsfræðilegar rannsóknir eru yfirfærðar á íslenskt þýði má gera ráð fyrir því að 4,5% fullorðinna einstaklinga séu með ADHD en það gera um 10.000 manns á Íslandi. Í dag eru hinsvegar um 2.100 fullorðnir einstaklingar á Íslandi að fá methylphenidatlyf sem notuð eru til meðferðar á ADHD. Þessir einstaklingar lifa í mikilli óvissu um hvað gerist um áramótin því svör hins opinbera orka tvímælis. Velferðarráðherra, formaður velferðarnefndar og starfsmenn velferðarráðuneytisins segja að þeir sem þurfi sannanlega á methylphenidatlyfjum að halda skuli enn þá fá þau niðurgreidd. Hins vegar stendur enn þá í fjárlagafrumvarpinu að hætta skuli niðurgreiðslu á methylphenidatlyfjum til fullorðinna um áramótin og spara með því 220 milljónir á árinu 2013 sem eru tveir þriðju þeirra útgjalda sem fara í niðurgreiðslu á þessum lyfjum árlega til fullorðinna.

Spurningin sem allir fullorðnir einstaklingar með ADHD spyrja sig þess vegna er þessi: Er ég í flokki hinna 700 heppnu sem fá lyfin niðurgreidd? Og hvernig ætlar ríkið að ná að skera úr því á næstu tveimur mánuðum hverjir þeir verða sem ekki fá lyfin sín niðurgreidd um næstu áramót? Á að endurgreina fólk? Faglega unnin ADHD-greining í samræmi við klínískar leiðbeiningar landlæknis tekur að lágmarki 8 til 10 klukkustundir fyrir hvern einstakling.

> Spurningin sem allir fullorðnir einstaklingar með ADHD spyrja sig þess vegna að er þessi: Er ég í flokki hinna 700 heppnu sem fá lyfin niðurgreidd?

Já, hverju eiga einstaklingar með ADHD að trúa? Hinu skrifaða orði eða hinu mælta. Nú fara kosningar fram á næsta ári og ef það verða breytingar á stjórnarskipan þá er ekkert sem segir að þeir aðilar sem taka við hefji hið mælta orð hærra en það sem stendur skrifað í fjárlögum. Við hjá ADHD-samtökunum förum því fram á skrifleg svör frá fjárlaganefnd um hvort þessi setning sem segir að fullorðnir einstaklingar með ADHD fái ekki niðurgreidd methylphenidatlyf á næsta ári verði tekin út úr fjárlagafrumvarpinu eða henni breytt. Ef því verður hins vegar haldið til streitu að spara skuli 220 milljónir og sumir eða bara um þriðjungur þeirra einstaklinga sem eru að fá lyf í dag fái þau niðurgreidd, þá krefjast ADHD-samtökin, fyrir hönd sinna félagsmanna, útskýringa á því hvernig staðið verður að vali þessa 700 manna hóps sem kemur til með að fá lyfin áfram niðurgreidd.

# Framtíð dætra okkar

Jafnrétti



Kjartan Örn Sigurðsson
bæjarfulltrúi

Ég fæddist á kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975, kynntist Telmu eiginkonu minni 1997 og við eignuðumst elstu stelpuna okkar árið 1999. Í dag eru þær orðnar fjórar.

Það er eitt af hlutverkum foreldra að standa vörð um hagsmuni barna sinna. Fljótlega eftir að við fórum að eignast stelpurnar okkar varð mér ljóst að okkur hafði ekki jafnframt verið gefið annað hlutverk; að berjast fyrir kynjajafnrétti. Síðan áttaði ég mig á því að ekki var um annað hlutverk að ræða heldur er réttindabaráttan fyrir jöfnum tækifærum og launum kvenna hluti af foreldrahlutverkinu.

Ég vil hvetja foreldra til að rækta hlutverk réttindabaráttu í uppeldinu. Stúlkur eiga aldrei að þurfa að sætta sig við önnur skilyrði en strákar þessa lands, og öfugt. Það skiptir ekki máli hvernig við stöndum okkur í alþjóðlegum samanburði – það er óafsakanlegt og úr takti við samfélagið að enn séu til vinnustaðir í einkageiranum og hjá hinu opinbera þar sem kyn viðkomandi er áhrifavaldur á laun.

> Stúlkur eiga aldrei að þurfa að sætta sig við önnur skilyrði en strákar þessa lands, og öfugt.

Ég er jafnréttissinni og mun verja ævinni í að berjast fyrir því að dætur okkar fjórar njóti sömu tækifæra og launa og jafnaldrar þeirra af hinu kyninu. Launamisrétti burt. Þessu eru allir sammála.

Það er komið að foreldrum þessa lands að koma launajafnrétti í kring á okkar vinnustöðum og kenna börnunum okkar að sætta sig aldrei við neitt annað. Þannig sköpum við réttláta framtíð.





## Tækifærin framundan

**Ráðstefna á vegum Samtaka um heilsuferðaþjónustu.** Ráðstefnan er opin öllum og verður haldin á Icelandair hótel Reykjavík Natura, þriðjudaginn 13. nóvember 2012. Opnað kl 8:30 og dagskrá er frá kl. 9:00 til 16:30.

**Dagskrá:**

- **Setning ráðstefnunar,** ávarp formanns samtakanna Dagnýjar Pétursdóttur
- **Ávarp** Magnús Orri Schram, alþingismaður og fyrverandi formaður samtakanna
- **The landscape of health tourism and global trends** László Puczkó, Lecturer in Tourism Management, Head of the Tourism and Catering Institute at the Budapest College of Business, Communication
- **The future of health tourism and the opportunities facing Iceland as a health tourism destination** - László Puczkó
- **Creating Contemporary Health Tourism Destinations.** Constantine Constantinides, M.D., Ph.D. Chief Executive, HealthCare cybernetics, Greek/UK
  *Hádegisverður 12:30-13:30*
- **Rannsóknir í heilsuferðaþjónustu** Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála
- **Nýting jarðhitans, reynsla, möguleikar og staðan í dag** Anna G. Sverrisdóttir, ráðgjafi
- **Áhrif vísinda- og rannsóknarstarfsemi á samkeppnisstöðu** Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins
- **Skoðun HNLFÍ á möguleikum innan heilsuferðaþjónustu** Ólafur Sigurðsson, Viðskiptaþróun NLFÍ
- **Skapa nýjar samþykktir EU okkur frekari möguleika?** Gunnar Alexander Ólafsson, Velferðarráðuneytinu
- **Lækningatengd ferðaþjónusta, draumsýn eða veruleiki?** Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Sjónlags

**Pallborð** – almennar umræður- sóknarfærinn framundan
**Ráðstefnustjóri:** Hermann Ottósson, Íslandsstofu
**Ráðstefnugjald:** 4000 kr fyrir félagsmenn og 5000 kr fyrir aðra (Hádegisverður og hressing innifalin)

**Skráning fer fram á:**
**www.icelandofhealth.is**

ICELAND OF HEALTH

Samtök um heilsuferðaþjónustu á Íslandi. Sími: 892 7355. Tölvupóstur: info@icelandofhealth.is



ESTĒE LAUDER

## Gjöfin þín

Dagana 7. – 13. nóvember í LYFJABORG

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 eða meira í LYFJABORG dagana 7. – 13. nóvember.

Gjöfin inniheldur:
**Reviatlizing Supreme Creme** – nýtt krem fyrir allar húðgerðir, 7ml
**Advanced Night Repair** – viðgerðardropa, 7ml
**Double Wear Makeup** – farða fyrir allar húðgerðir, lit outdoor beige, 7ml
**Sumptuous Extreme** – svartan maskara
**Pure Color Crystal Lipstick** – varalit, apricot sun
**Fallega snyrtitösku**

Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 17.195.-
*meðan birgðir endast.




Sérfræðingur frá Estée Lauder verður í Lyfjaborg í dag og á morgun, fimmtudag.

LYFJABORG
Borgartúni 28 - Sími: 553 8331 - Lyfjaborg.is
- sjálfstætt apótek

# Af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá

Ný stjórnarskrá
Guðmundur Gunnarsson
stjórnlagaráðsmaður

Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, og Þorsteinn Pálsson, fyrrv. ráðherra og sendiherra, hafa tekið höndum saman um að skrifa reglulega í Fréttablaðið pistla með það að markmiði að grafa undan trúverðugleika tillagna stjórnlagaráðs. Þorsteinn líkti nú um helgina tillögum stjórnlagaráðs við óvandað smjör og bendir á að hér á landi sé einmitt regluverk sem verndar þá framleiðendur sem eru valdhöfunum þóknanlegir hverju sinni. Framleiðsla þeirra fari milliliðalaust í gæðaflokk. Þessu regluverki var komið á af þeim flokki sem hefur verið hér við völd frá lýðveldisstofnun fram yfir Hrun. Regluverki sem færir mikið til fárra og flokkurinn beitir öllum ráðum til þess að vernda þetta kerfi.

Nýlega var ákaflega upplýsandi þáttur í sjónvarpinu um Teboðshreyfinguna, þar sem sýnt var fram á hvernig þeir sem hafa fjármagnið og völdin hafa á sínum snærum fjölmiðlafólk sem spinnur ferli með röngum fréttum, og heimatilbúnum skýrslum. Þar er markvisst spilað á hégómagirnd nytsamra sakleysingja sem fá tækifæri til þess að upplifa sig sem stjörnur í spjallþáttum og á síðum fjölmiðla í eigu auðmanna. Fréttamenn og spjallþáttastjórnendur taka endurtekið við þá viðtöl sem beint er markvisst inn á brautir reistum á spuna valdhafanna. Mattheus sagði: „Varist falsspámenn. Þeir munu koma til ykkar í sauðaklæðum, en innra eru þeir gráðugir vargar. Af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá.“

Hér heima blasir við okkur nákvæmlega það sama. Hinum nytsömu sakleysingjum er stillt upp fremst í fjölmiðlum valdastéttarinnar. Hvert er spjótunum beint? Jú, að starfsfólki stéttarfélaga og lífeyrissjóða. Sjóðsfélagar lífeyrissjóða eru miskunnarlaust fordæmdir fyrir það eitt að reyna að verja ævisparnað sinn. Örorku- og lífeyrisþegar sitji ásamt starfsfólki stéttarfélaganna á ránsfeng sem þeir hafi tekið ófrjálsri hendi frá heimilunum. Þeir sem skrifa í miðopnur fjölmiðla valdhafanna halda því að almenningi að meðal þessa fólks sé að finna þá sem keyrðu þjóðina fram af brúninni. Öllum ráðum beitt til þess að beina sjónum almennings frá valdhafahópnum, sem tryggilega heldur sig í felum. Í spjallþáttum eru reglulega leiddir fram þátttakendur sem fullyrða að allir starfsmenn stéttarfélaganna séu glæpahyski og eru ekki krafðir um skýringar. Hér vísa ég m.a. til ummæla sem sett voru fram í Silfri Egils 4. nóv.

Sams konar vinnubrögðum er beitt í öðrum spjallþáttum og samsamar sig fullkomlega aðferðum Teboðshreyfingarinnar. Athyglinni er markvisst beint frá atriðum sem þyrfti að skoða og viðtölum við einstaklinga sem stóðu uppi með digra sjóði eftir Hrunið og hafa hagnast um milljarða króna á kostnað launamanna. Starfsmenn stéttarfélaganna eða lífeyrissjóðanna eru ekki meðal þessara auðmanna, þaðan af síður lífeyris- og örorkuþegar.

Ólafur og Þorsteinn halda því fram að tillögur stjórnlagaráðs séu ómögulegar og unnar í miklum flýti. Engin rök koma, engar ábendingar. Markvisst sniðganga þeir þá gríðarlegu forvinnu sem lá á borðum stjórnlagaráðs þegar ráðið hóf störf. Í ráðinu sat fólk sem hafði til að bera umtalsverða þekkingu á málinu, fólk sem kom úr flestum geirum samfélagsins. Öll þessi vinna var unnin fyrir opnum tjöldum og mjög margir höfðu samband við ráðið og komu á framfæri tillögum og ráðleggingum, þar á meðal fjölmargir innlendir og erlendir sérfræðingar.

En til ráðsins barst ekki ein einasta tillaga frá þeim Þorsteini eða Ólafi, þaðan af síður frá þeim þingmönnum sem hafa gagnrýnt störf stjórnlagaráðs. En sama dag og stjórnlagaráð skilaði inn sínum tillögum hófst markvisst niðurrifsstarf samkvæmt starfsreglum Teboðshreyfingarinnar. Frumvarpið er nú búið að vera eitt og hálft ár í þinginu, og þingmenn flokksins og dálkahöfundar valdastéttarinnar hafa beitt öllum ráðum til þess að koma í veg fyrir málefnalega umræðu í þinginu. Valdastéttin ætlar enn einu sinni að koma málinu í nefndir og drepa því á dreif, eins og m.a. Þorsteinn hefur verið virkur þátttakandi í á sínum stjórnmálaferli. Frumvarp stjórnlagarráðs er mun betra og hefur fengið mun betri viðtökur hjá þjóðinni en valdastéttin ætlaði og hún er að fara á taugum. Fjölmargir erlendir sérfræðingar hafa hlaðið lofsorði á frumvarpið og hingað streyma erlendir fréttamenn til þess að fylgjast með framvindu eftirtektarverðrar lýðræðisbaráttu almennings gegn þeim sem hafa ástundað stórtæka hrifsun á völdum og þjóðarauðnum.

# Hvað eruð þið að pæla?

Menntamál
Kristín Guðmundsdóttir
foreldri fatlaðs einstaklings

Þegar fatlaður sonur minn var 10 ára tjáði kona mér sem var að sjá hann í fyrsta sinn hversu sniðugt það væri að blanda saman fötluðum og ófötluðum saman í bekk. Þar sem mér hafði aldrei dottið í hug að sonur minn færi í almennan bekk vildi ég fá rök fyrir þessu. Rökin voru þau að þá myndu fatlaðir kynnast ófötluðum og öfugt.

Hélt konan virkilega að bara vegna þess að sonur minn væri fatlaður þá væri öll fjölskyldan og vinir það líka? Hélt hún virkilega að hann kynntist engum ófötluðum einstaklingum? Eða átti hann bara að vera til sýnis fyrir þá ófötluðu?

Þvílík fásinna fannst mér og drengurinn minn lauk sínu grunnskólanámi í sínum sérskóla, glaður og ánægður.

Ég hafði þó fylgst með börnum koma inn í bekkinn hans eftir almenna skólagöngu, sjá þau niðurlút og beygð eftir erfiðleika í skólanum sínum. Ég sá þau líka rétta úr bakinu, brosa og fá trú á sjálfum sér eftir að fá loksins kennslu við sitt hæfi í sérskóla og félagsskap við jafningja.

Nú ber svo við að það sem mér fannst fásinna er orðið að veruleika. Þessi fásinna, sem er í raun fáviska, er stefna yfirvalda undir heitinu: Skóli án aðgreiningar.

Fyrir hvern eða hverja er þessi stefna og hversu langt má hún ganga?

Er það virkilega leyfilegt í íslensku samfélagi að beita fötluðum börnum í pólitík? Já, pólitík, því ekki fjallar þessi stefna um börnin.

Er það í lagi að láta barn þjást alla sína skólagöngu í skjóli þessarar stefnu?

Er það virkilega í lagi að neita barni um góða æsku í nafni pólitískrar stefnu? Fyrir hvern er þessi stefna?

Metnaður foreldra gagnvart börnunum sínum er yfirleitt mikill. Ekkert foreldri sem heldur á nýfæddu barni sínu hlakkar til að sækja um sérskólagöngu fyrir það. Hins vegar eru það foreldrarnir sem vita hvað er barninu fyrir bestu og það er erfitt að horfast í augu við það að þurfa að sækja um sérskóla fyrir barnið sitt.

> Er það virkilega í lagi að neita barni um góða æsku í nafni pólítískrar stefnu? Fyrir hvern er þessi stefna?

En í sérskóla lærir barnið það sem það getur lært og hæfileikar þess koma í ljós. Barnið er á meðal jafningja en ekki alltaf undir.

Á ekki að búa ÖLL börn sem best undir lífið?

Pólitíkusar neita að vakna og viðurkenna að þessi stefna virkar ekki. Pólitíkusar leyfa sér að láta börn þjást. Pólitíkusum virðist vera sama um börnin.

Því spyr ég þjóðina: Ætlum við virkilega að leyfa pólitíkusum að koma svona fram við börnin okkar?

ENNEMM / SÍA / NM52202




siminn.is · 8004000@siminn.is

# Útiræktun erfðabreyttra lífvera

**Erfðabreyttar lífverur**

**Áslaug Helgadóttir**
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

**Eiríkur Steingrímsson**
prófessor við læknadeild Háskóla Íslands

**Jón Hallsteinn Hallsson**
dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands

**Magnús Karl Magnússon**
prófessor við læknadeild Háskóla Íslands

Í upphafi árs 2011 kom fram á Alþingi þingsályktunartillaga um útiræktun á erfðabreyttum lífverum þar sem gert var ráð fyrir að skipaður yrði starfshópur til að vinna „að breytingum á lögum og reglugerðum í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum“. Í kjölfarið bárust Alþingi mótmæli 37 sérfræðinga þar sem sagði m.a.: „Það er áhyggjuefni að greinargerðin með tillögunni virðist bæði vera illa unnin og að mestu leyti röng.“ Tillagan náði ekki fram að ganga það árið en kom fram í breyttri mynd í upphafi árs 2012. Greinargerðinni sem þá fylgdi tillögunni hafði verið breytt nokkuð, m.a. höfðu tilvísanir í greinar í dagblöðum vikið fyrir almennum tilvísunum í alþjóðasamninga. Enn mótmæltu vísindamenn, bentu á að ekkert hefði breyst frá því að málið var lagt fram í fyrra skiptið og aftur dagaði tillöguna uppi.

Þessi sama tillaga er nú lögð fyrir Alþingi í þriðja sinn (þskj. 196 - 193. mál). Rökin fyrir nauðsyn þess að tillagan nái fram að ganga eru þau sömu og í upphafi árs 2012. Í greinargerð með tillögunni segir: „Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að leggja af útiræktun á erfðabreyttum plöntum til þess að vernda hreinleika íslenskrar náttúru og með tilliti til siðferðislegrar skyldu núlifandi kynslóðar til að koma í veg fyrir að einkenni hennar glatist“. Þessu til stuðnings er vísað til varúðarreglunnar og alþjóðlegra samninga á borð við Cartagena-bókunina um líföryggi, Codex Alimentarius og Árósasamninginn.

Í ljósi þess að á Íslandi finnast engar villtar tegundir skyldar þeim nytjaplöntum sem ræktaðar eru hérlendis verður að teljast langsótt að útiræktun á erfðabreyttum lífverum hafi áhrif á „hreinleika íslenskrar náttúru“. Af greinargerðinni er ekki ljóst hvernig útiræktun á erfðabreyttum lífverum getur skaðað hreinleika íslenskrar náttúru eða valdið því að „einkenni hennar glatist“ umfram áhrifin af hefðbundnum landbúnaði. Í greinargerðinni er vísað með almennum hætti í alþjóðasamninga og -bókanir til stuðnings fyrirhuguðu banni. Ekki verður séð í fljótu bragði hvernig þessir samningar styðja bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera. Þannig má t.d. nefna að í Cartagena-bókuninni um líföryggi sem er viðbót við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni segir, í lauslegri þýðingu, að aðilar að bókuninni „[v]iðurkenna að nútíma líftækni hefur mikla möguleika fyrir velferð mannkyns ef þróuð og notuð með fullnægjandi varúðarráðstöfunum fyrir umhverfi og heilsu“. Hvergi er í bókuninni hvatt til banns við ræktun erfðabreyttra lífvera.

Á Íslandi eru nú þegar í gildi lög um erfðabreyttar lífverur. Má nefna að starfandi er ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur sem er umsagnaraðili allra umsókna um nýtingu á erfðabreyttum lífverum. Hefur nefndin hingað til tryggt faglega umfjöllun um hverja og eina umsókn og í bréfi til nefndasviðs Alþingis þar sem 37 sérfræðingar gerðu athugasemdir við fyrri þingsályktunartillögu segir: „Við teljum að tillaga þessi sé með öllu óþörf enda gilda þegar ströng lög og reglur um erfðabreyttar lífverur á Íslandi. Meðal annars starfar sérstök nefnd sem fer yfir hverja erfðabreytingu fyrir sig og metur hana og áhættuna af henni í hverju tilviki á vísindalegum forsendum.“

Í ljósi upptöku þessarar tillögu á dagskrá Alþingis í þriðja sinn hljóta að vakna spurningar um það hvaða ástæður liggja að baki því að alþingismennirnir sex kjósa að halda tillögunni til streitu þrátt fyrir endurtekin mótmæli helstu sérfræðinga þjóðarinnar í erfðafræði og skyldum greinum. Alþingi og almenningur í landinu hlýtur að eiga kröfu til þess að í málum af þessu tagi fylgi ýtarlegur rökstuðningur, en ekki aðeins óljósar tilvísanir í alþjóðasamninga, svo ljóst sé hverju eigi raunverulega að ná fram með tillögu af þessu tagi.

Að endingu má nefna að 52 sérfræðingar á sviði líf- og erfðavísinda við margar af helstu mennta- og rannsóknastofnunum Íslands hafa undirritað athugasemdir við tillöguna sem hafa nú borist nefndasviði Alþingis.

# Ég vil breytingar. En þú?

**Stjórnmál**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
alþingismaður



Við stöndum á tímamótum því kjörtímabil fyrstu hreinræktuðu vinstri ríkisstjórnar á Íslandi er að renna sitt skeið. Stjórnmálamenn á vinstri vængnum hafa sýnt okkur það svart á hvítu að þeir telja að uppbygging atvinnulífs og byggðar í landinu eigi að snúast um hugmyndir stjórnmálanna. Það hefur berlega komið í ljós á þessu kjörtímabili að leið stjórnmálalegra afskipta og ríkisforsjár hefur dregið úr vilja og getu fólksins til þess að hefja á ný atvinnurekstur, taka áhættu og skapa verðmæti fyrir sig sjálft og þjóðarbúið.

Vinstri menn hafa aldrei skilið þau einföldu sannindi að sköpun nýrra verðmæta, úrvinnsla nýrra hugmynda og öflun nýrra tækifæra verða til hjá einstaklingunum sjálfum fái þeir til þess svigrúm án afskipta hins opinbera. Þess vegna þurfum við sjálfstæðismenn nú sem aldrei fyrr að halda á lofti þeim sannindum að virðing fyrir einstaklingnum og einkaframtaki er einmitt það sem þarf til þess að byggja upp á Íslandi.

Við vitum að hagur heimilanna byggir á atvinnu og öryggi, hvorki skuldavandanum né hinum félagslega vanda verður eytt nema fólk hafi vinnu, hafi tekjur til að greiða niður lánin og ráðstöfunartekjur til að leyfa sér og börnum sínum að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Við þurfum að eyða þeirri óvissu í umhverfi atvinnulífsins sem nú ríkir og ryðja úr vegi hindrunum á ýmsum sviðum. Það er kristaltært að aukin atvinna eykur tekjur, dregur úr útgjöldum ríkissjóðs og sveitarfélaga, m.a. vegna atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar, og skilar þjóðinni efnahags- og félagslegum hagvexti. Þetta er einfalt, við þurfum að búa til stöðugt skattaumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki svo þau sjái sér hag í að fjárfesta, ráða til sín fólk og sækja fram. Það þarf að búa til tækifæri fyrir fólkið sem hefur viljann, getuna og kraftinn.

Þess vegna er meginmarkmið okkar sjálfstæðismanna að fá til

> Þetta er einfalt, við þurfum að búa til stöðugt skattaumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki svo þau sjái sér hag í að fjárfesta...

þess umboð í kosningunum 2013 að skapa hér samfélag þar sem allir geta fundið kröftum sínum farveg, velferð og öryggi borgaranna er tryggt, lífskjör jafnast á við það sem best gerist í heiminum og frelsi, ábyrgð og virðing fyrir einstaklingum er í hávegum höfð.

Ég mun leggja allt mitt af mörkum til að svo megi verða og upphafið mörkum við sjálfstæðismenn í prófkjörum þegar við veljum fólk á lista flokksins.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir er þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi og óskar eftir stuðningi í 2. sæti í prófkjöri þann 10. nóvember nk.



**Fast mánaðargjald**
fyrir aðgang að IP símkerfi

**Símavist hentar flestum gerðum fyrirtækja, óháð stærð og starfsemi.**

Með Símavist býðst fyrirtækjum að leigja IP símkerfi gegn föstu mánaðargjaldi sem ræðst af fjölda starfsmanna sem nota kerfið. Símkerfið er hýst í vélasölum Símans og fyrirtæki þurfa ekki að fjárfesta í vélbúnaði eða stýrikerfum.

Hafðu samband við Fyrirtækjaráðgjöf í síma **800 4000** og sérfræðingar okkar finna hagkvæmustu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

Síminn

# Gervitennur í fermingargjöf

Heilbrigðismál

Magnús R. Gíslason
fv. yfirtannlæknir



Rannsóknir sýna að tennur Íslendinga skemmast nú hraðar en hjá flestum öðrum þjóðum, t.d. skemmast tvisvar sinnum fleiri tennur í 12 ára börnum okkar en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Flestir vita að aðalorsök tannskemmda er mikil neysla á sykri, einkum í gosdrykkjum og sælgæti, sem okkur hefur gengið erfiðlega að neyta í hófi. Hver Íslendingur borðar nú á ári hverju 70 kg af sykri, 19 kg af sælgæti og drekkur um ½ lítra af gosdrykkjum dag hvern.

Áhrifaríkasta og ódýrasta aðgerðin til að minnka tannskemmdir er án efa að breyta matarvenjum okkar og minnka neyslu sætinda. En auk þess er nauðsynlegt að hafa reglubundið eftirlit með tönnum barna og unglinga á hálfs árs eða eins árs fresti eftir þörfum. Sé það gert er síður hætta á að skemmdir myndist og verði stórar.

Vonandi fá starfsbræður mínir og -systur ekki sams konar bón og ég í upphafi starfsferils míns um 1960. Þá kom til mín móðir sem bað mig um að smíða gervitennur í dóttur sína því að erfitt væri að láta hana fermast með sínar áberandi skemmdu tennur. Eftir að hafa skoðað ástand tanna stúlkunnar skildi ég mætavel áhyggjur móðurinnar. Við erum auðug þjóð og höfum nægjanlega margt sérþjálfað starfsfólk til að veita vandaða tannlækningaþjónustu.

Nauðsynlegt er að börn og unglingar fái fría tannlækningaþjónustu til 18 ára aldurs eins og hjá hinum norrænu ríkjunum. Venjist þau á reglubundið eftirlit verður það þeim eðlilegt og sjálfsagt.







# Leynast góð verkefni eða úrræði í pokahorni þínu?

Samfélagsmál

Elva Björk Ágústsdóttir
Námsráðgjafi/MSc í sálfræði



Málefni barna og unglinga hafa lengi verið mér mjög hugleikin. Ég er námsráðgjafi í Hofsstaðaskóla í Garðabæ þar sem starfsmenn eru allir af vilja gerðir og reyna eftir fremsta megni að styðja nemendur og huga að líðan þeirra. Við erum þó ekki alveg laus við einelti og vanlíðan frekar en aðrir, því miður. Það er okkur öllum mikið kappsmál að vinna að því að fækka eineltismálum og um leið að bæta líðan og samskipti nemenda okkar.

Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti hefur ákveðið að helga 8. nóvember ár hvert baráttunni gegn einelti. Slíkur baráttudagur var fyrst haldinn árið 2011 og markmiðið með deginum er að vekja sérstaka athygli á málefninu.

Undanfarið hefur umfjöllun um einelti verið áberandi í fjölmiðlum. Rætt hefur verið við þolendur eineltis sem sýna mikið hugrekki í því að koma fram og segja frá reynslu sinni.

Sjaldnar er fjallað um það mikla og góða starf sem á sér stað innan veggja skólanna í tengslum við einelti. Líkt og ég nefndi áðan þá erum við í mínum skóla alls ekki laus við einelti eða samskiptavanda. En við, líkt og margir aðrir skólar, reynum eftir bestu getu að stuðla að jákvæðum samskiptum, vellíðan og vináttu.

Til þess að ná betri árangri, minnka tíðni eineltis og bæta samskipti nemenda er mikilvægt að fjalla oftar um það góða starf sem á sér stað innan skólanna. Þannig geta aðrir skólar nýtt sér verkefni, ráð eða úrræði sem nýst hafa vel annars staðar og bætt sína verkferla.

Markmiðið með þessum pistli er ekki að útlista hvernig best er að vinna að bættum samskiptum, enda erfitt að finna einhlítt svar við því. Þar sem ég leita óhikað til samstarfsmanna minna og kennara, námsráðgjafa og sálfræðinga í öðrum skólum tel ég nokkuð víst að margir skólar eru að vinna gríðarlega gott starf þegar kemur að samskiptum og einelti. Markmiðið með pistlinum er í raun að brjóta ísinn, fjalla um það jákvæða og það sem hefur reynst vel og hvetja síðan aðra kennara, námsráðgjafa, foreldra eða hvern sem er til að gera slíkt hið sama svo við getum lært hvert af öðru.

Ég ræddi við nokkur börn um hvað þau telja að virki best þegar unnið er að bættum samskiptum í skólanum. Þau nefndu öll hve mikilvægt það væri að eiga talsmann innan skólans, einhvern sem hægt er að leita til þegar illa gengur og spjalla við í ró og næði. Við námsráðgjafar, kennarar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, húsvörður eða hver sem er sem starfar í skólum getum verið þessi lykilmanneskja fyrir barnið. Það er því mikilvægt að vera til staðar fyrir börnin, gefa þeim tækifæri til að tjá sig og leyfa þeim að finna að við hlustum á þau.

Börnin nefndu einnig hve nauðsynlegt það væri fyrir þau börn sem eiga ekki marga félaga að fá tækifæri til að slappa af og líða vel í öruggum félagsskap, svo sem í fyrir fram ákveðnum vinahópi, leynifélagi, saumaklúbbi, stelpu- eða strákahópi, kvikmyndaklúbbi eða öðru skemmtilegu. Öll töluðu þau um mikilvægi þess að styrkja sjálfsmynd barna. Gefa þeim sem lenda í einelti færi á að sættast við sjálfa sig, styrkja félagsfærnina og sjálfstraust. Um leið er þó einnig mikilvægt að taka á öllum þeim málum sem upp koma. Líkt og ein stúlka nefndi: „Það er ekki nóg að segja að allt verði í lagi og að þið munið taka á málunum… þið verðið að gera það… ekki bara segjast ætla að gera það“. Virk og ýtarleg eineltisáætlun, kannanir sem meta félagstengsl og líðan, bekkjarfundir, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf og samvinna heimila og skóla eru allt mikilvægir þættir í þessu sambandi. Vinastaður í frímínútum hefur reynst mörgum nemendum vel, þar sem þeir hafa ákveðinn stað til að leita til þegar þeim líður illa. Samnemendur eru þá meðvitaðir um staðinn og geta komið öðrum til aðstoðar. Starfsfólk skólans fylgist einnig með og hvetur barnið til að taka þátt í leik eða að koma og spjalla þegar við á. Skipulagðir leikir og leikhópar í frímínútum (t.d. þar sem kennari dregur miða með hugmyndum að leik eða hópi barna sem fer saman í leik) hefur reynst vel t.d. hjá yngri nemendum.

> Vinastaður í frímínútum hefur reynst mörgum nemendum vel, þar sem þeir hafa ákveðinn stað til að leita til þegar þeim líður illa.

Margt annað sniðugt og skemmtilegt er gert í skólanum með það að markmiði að koma í veg fyrir fleiri eineltistilfelli og til að bæta líðan, félagstengsl og samskipti nemenda. En þrátt fyrir gott starf þá má ávallt gera betur og hvet ég því aðra til að liggja ekki lengur á góðum hugmyndum og leyfa okkur hinum að njóta góðs af reynslu og þekkingu ykkar.

## AF NETINU

### Lög á útgerðarmenn?

Útgerðarmenn hafa kastað grímunni. Ekki aðeins gagnvart stjórnvöldum, heldur einnig gagnvart sjómönnum og almenningi. Það hlaut að koma að því.

Þeir hóta verkbanni. Hóta enn eina ferðina að sigla flotanum í land. Telja nú rétt að sjómenn greiði veiðileyfagjaldið fyrir þá í formi 15% kauplækkunar.

Útgerðarmenn hafa krafið þessa sömu sjómenn um stuðning – og jafnvel fengið þann stuðning með einum eða öðrum hætti, líkt og síðast þegar flotinn sigldi í land. Nú launa þeir stuðninginn, svo eftir er tekið, með verkbannshótun og kröfu um að sjómenn beri veiðileyfagjaldið en ekki útgerðirnar.

Veiðileyfagjaldið er reiknað sem hlutfall af umframgróða útgerðarinnar. Umframgróðinn er það sem eftir stendur þegar búið er að draga frá allan rekstrarkostnað, þar með talin laun og arðgreiðslur. Hækkun launa til sjómanna þýðir í raun minni umframgróða, og þar með lægri gjaldstofn vegna veiðileyfagjalds.

Svo undarlegt sem það nú er þá virðist útgerðarmönnum sama um þessa staðreynd. Það vekur óneitanlega grun um að í raun snúist kröfugerð þeirra ekki um peninga heldur eitthvað allt annað. Kannski stjórnmálaíhlutun. Kannski óbeit á því að láta útvegsgróða renna til samfélagsins. Þeim hugnast sjálfsagt betur að fá þessa peninga í eigin vasa, eins og verið hefur, fremur en að þeir renni til mikilvægra samfélagslegra verkefna á borð við samgönguframkvæmdir, nýsköpun eða rannsóknir eins og veiðileyfagjaldinu er ætlað að gera.

http://blog.pressan.is/olinath/

Ólína Þorvarðardóttir




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. nóvember 2012 | 19. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

…við prentum!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Í MIKLUM TAPREKSTRI

➜ **HR tapaði 630 milljónum á tveimur árum.**

➜ **Þarf 120 milljónir á ári frá ríkinu til að tryggja rekstrarhæfi.**

➜ **Ekki gert ráð fyrir neinum auknum framlögum á fjárlögum.**



## Veitingastaðarisinn Foodco hagnaðist á síðasta ári

Foodco, sem rekur veitingastaði undir merkjum American Style, Saffran, Eldsmiðjunnar, Aktu-Taktu, Pítunnar og Greifans á Akureyri, hagnaðist um 53,3 milljónir króna í fyrra. Það er mun minni hagnaður en árið áður þegar hann nam 371 milljón króna. Þá munaði þó mestu um 213 milljóna króna gengishagnað. Alls voru eignir Foodco bókfærðar á 1,8 milljarða króna um síðustu áramót og eigið fé félagsins var 690 milljónir króna. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi þess.

Athygli vekur að samdráttur hefur verið í sölu hjá Foodco á undanförnum árum. Árin 2008 og 2009 seldu veitingastaðir félagsins fyrir 2,9 milljarða króna hvort árið. Sú sala var tæplega 2,7 milljarðar króna árið 2010 og rúmlega 2,4 milljónir króna í fyrra.

Foodco keypti Shiraz ehf., sem á og rekur Saffran-veitingastaðina, í október 2011. Kaupverðið var ekki gefið upp á sínum tíma en félagið var bókfært á 323,5 milljónir króna í bókum Foodco rúmum tveimur mánuðum eftir að kaupin áttu sér stað.

Foodco á einnig Þorp ehf., sem er félag utan um fasteignir þeirra matsölustaða sem félagið á og rekur. Þorp tapaði 20,7 milljónum króna í fyrra og eigið fé þess er neikvætt um 201 milljón króna. Félagið hagnaðist hins vegar um 700 milljónir króna árið 2010 eftir að hafa náð samkomulagi við viðskiptabanka sinn. Samkvæmt ársreikningi voru eftirgefnar skuldir/gengismunur alls 885 milljónir króna það árið.

Eigendur Foodco eru Þórarinn Ragnarsson (40 prósent), félag í eigu Jóhanns Arnar Þórarinssonar (40 prósent), Óttar Þórarinsson (10 prósent) og félag í eigu Bjarna Stefáns Gunnarssonar (10 prósent).

**- þsj**

## Eignir lífeyrissjóða jukust mikið

Eignir íslenskra lífeyrissjóða jukust um 30,1 milljarð króna í september síðastliðnum. Er það mesta aukning sem orðið hefur á eignum sjóðanna síðan í mars síðastliðnum en meðalaukning í hverjum mánuði hefur verið 22 milljarðar það sem af er þessu ári. Hrein eign lífeyrissjóðanna nam því samtals 2.294 milljörðum króna í lok mánaðarins en aukningin í september nam 1%.

**- mþl**



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Heildarútgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum 2000-2011 í ma. kr. (á verðlagi ársins 2011)




Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands, hafa heildarútgjöld ríkissjóðs mæld á föstu verðlagi hækkað um 36% frá árinu 2000 til og með 2011. Það samsvarar um 2,6% raunaukningu árlega yfir þessi 12 ár. Myndin að neðan sýnir hvernig útgjöld ríkisins skiptast á 10 málaflokka og hvernig innbyrðis skipting þeirra hefur þróast á tímabilinu.

### Fjárhagur ríkissjóðs frá 2000-2011 í ma. kr. (á verðlagi hvers árs)




Hagstofa Íslands birtir jafnframt svokallaðan tekjujöfnuð ríkissjóðs sem sýnir hvort tekjuafgangur eða tekjuhalli er á ríkissjóði. Myndin sýnir tekjujöfnuð ríkissjóðs yfir tímabilið 2000-2011 á verðlagi hvers árs. Frá 2000-2007 var samanlagður tekjujöfnuður ríkissjóðs jákvæður um 157 m.a.kr. Frá hrun árinu 2008 og til og með 2011, er samanlagður tekjujöfnuður hins vegar neikvæður um 592 ma. kr. sem samsvarar heildarútgjöldum ríkissjóðs á öllu árinu 2011.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 7. nóvember**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshl.
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ
- Efnahagur Seðlabankans-hagtölur SÍ

**Fimmtudagur 8. nóvember**
- Nýjar upplýsingar frá þjóðskrá
- Erlend staða Seðlabankans-hagtölur SÍ

**Föstudagur 9. nóvember**
- Markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins
- Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 12. nóvember**
- Greiðslumiðlun-hagtölur SÍ

**Þriðjudagur 13. nóvember**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir landshl.
- Atvinnuleysi í október 2012
- Smásöluvísitala RSV
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir-hagtölur SÍ
- Útboð ríkisvíxla

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Fannst rafmagnið á Íslandi vera of dýrt

***Hið japanska Fuji Chemical ákvað að hætta við áformaða uppbyggingu á Íslandi vegna þess að fulltrúum fyrirtækisins fannst raforkuverð of dýrt. Þeim bauðst ódýrara rafmagn í Bandaríkjunum og ákváðu að byggja verksmiðju þar.***

**IÐNAÐUR**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Japanska fyrirtækið Fuji Chemical Industry co., sem hafði áhuga á að byggja upp verksmiðju á Grundartanga, er hætt við að hefja starfsemi á Íslandi. Þess í stað ætlar fyrirtækið að byggja fyrirhugaða verksmiðju sína í Bandaríkjunum. Ástæða þess að Fuji Chemical ákvað þetta er sú að það rafmagn sem fyrirtækinu býðst í Bandaríkjunum er mun ódýrara en það sem því bauðst á Íslandi. Fuji Chemical tilkynnti samstarfsaðilum sínum á Íslandi um þetta í byrjun síðasta mánaðar. Þetta kemur fram í skjölum sem Markaðurinn hefur fengið aðgang að.



**GRUNDARTANGI** Samkvæmt heimildum Markaðarins horfðu fulltrúar Fuji Chemical til Grundartangasvæðisins fyrir verksmiðju sína. Þar er fyrir m.a. álver Norðuráls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fuji Chemical er stór japönsk fyrirtækjasamsteypa sem framleiðir meðal annars lyf, vítamín og fæðu- og heilsubótarefni. Samstæðan er með söluskrifstofur í Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Indlandi, Indónesíu, Ítalíu, Kóreu, Malasíu, Taívan, Taílandi, Bretlandi, Úkraínu og Bandaríkjunum auk Japans.

Fulltrúar Fuji Chemical komu hingað til lands fyrir um ári síðan með það fyrir augum að byggja verksmiðju hérlendis sem átti að framleiða fæðu- og heilsubótarefni, meðal annars úr íslensku hráefni. Þeir skoðuðu nokkra staði en ákváðu síðar að einblína á mögulega uppbyggingu á Grundartanga. Fulltrúar Fuji Chemical komu hingað til lands annað veifið og mynduðu viðskiptasambönd við íslenska aðila.

Í byrjun október síðastliðins höfðu þeir hins vegar samband við þá aðila og tilkynntu þeim að ekkert yrði af áformum þeirra á Íslandi.

Fuji Chemical hefði frekar ákveðið að byggja umrædda verksmiðju í Bandaríkjunum þar sem orkan sem þeim bauðst til að reka verksmiðjuna þar í landi var mun ódýrari en sú sem þeim bauðst hér á landi.

### ÍSLENDINGAR VERÐA AÐ FÁ MEIRA FYRIR ORKUNA

Ráðgjafafyrirtækið McKinsey, sem nýverið gerði skýrslu um leið Íslands til aukins hagvaxtar, fjallaði sérstaklega um orkuiðnaðinn í henni. Þar kom fram að fyrir hvern starfsmann sem starfar í orkuiðnaðinum á Íslandi hafi framleiðni á árinu 2010 numið 42 milljónum króna. Í Noregi er sú framleiðni 81 milljón króna, eða tvisvar sinnum meiri. McKinsey bendir á að þegar séu virkjaðar um 17TWs hérlendis og að rammaáætlun geri ráð fyrir að hægt verði að virkja um 17TWs til viðbótar. Skýrsluhöfundar lögðu mikla áherslu að sú orka yrði seld fyrir meira fé en sú sem við framleiðum nú þegar. Þeir bentu meðal annars á að það væri líklegra til að skila betra verði að stækka þau álver sem þegar eru til staðar frekar en að byggja ný, selja orku til fleiri geira en áliðnaðarins til að fá hærra verð og dreifa áhættu og að gríðarlega arðbært gæti orðið að leggja sæstreng til Bretlands eða Hollands.

Í skýrslunni var tekið dæmi af því að Bretar ætli sér að byggja gríðarlegt magn af vindmyllum til að sjá sér fyrir orku fyrir árið 2020. Kostnaður við hverja MWs því ferli er áætlaður 115 evrur. Skýrsluhöfundar benda að Íslendingar geti framleitt slíkt magn fyrir minna en 30 evrur og að kostnaður við lagningu sæstrengs yrði aðrar 30 evrur á hverja MWs. Munurinn á framleiðslu- og flutningskostnaði miðað við áætlanir Breta væri 55 evrur sem væri ábati sem myndi skiptast milli landanna. Þarna væru gríðarleg sóknarfæri.



**LANGTÍMAPLAN** Starfsmenn McKinsey kynntu skýrslu sína í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skuldir útgáfufélags DV jukust í fyrra samkvæmt ársreikningi síðasta árs:

# 136 milljóna tap á DV frá stofnun

DV ehf., sem á og rekur dagblaðið DV og vefinn dv.is, tapaði 82,8 milljónum króna í fyrra. Félagið tapaði auk þess 53,3 milljónum króna á fyrstu níu starfsmánuðum sínum á árinu 2010, en félagið var stofnað í upphafi þess árs. Samtals hefur DV því tapað 136,1 milljón króna á tæpum tveimur árum. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins sem var skilað inn til ársreikningaskráar 24. október síðastliðinn.

Hlutafé í DV ehf. var aukið um fjörutíu milljónir króna í fyrra. Sú aukning fór öll í að mæta taprekstrinum og samkvæmt ársreikningi var uppsafnað tap um 91 milljón króna um síðustu áramót.

Skuldir félagsins jukust umtalsvert í fyrra, fóru úr 81 milljón króna í 131 milljón króna. Þar á meðal er aukning á ógreiddri staðgreiðslu launa starfsmanna félagsins og ógreiddu tryggingagjaldi og vextir vegna þeirra. Samtals hækkaði sú upphæð um sautján milljónir króna á milli ára.

Fréttablaðið greindi frá því í október að skuld DV ehf. vegna staðgreiðslu skatta stæði í um 50 milljónum króna í júlí síðastliðnum og skuld félagsins vegna ógreidds tryggingagjalds stæði í 26 milljónum króna.

Morgunblaðið greindi stuttu síðar frá því að Umgjörð ehf., félag í eigu Ástu Jóhannsdóttur, hefði veitt DV 15 milljóna króna skammtímalán til að borga inn á skuld sína hjá Tollstjóra vegna vangreiddra vörsluskatta. Láninu var síðan breytt í nýtt hlutafé á hluthafafundi hinn 22. október. Auk þess var veitt heimild til frekari aukningar á hlutafé. Umgjörð var þriðji stærsti eigandi DV um síðustu áramót með 18,6 prósenta hlut. Hlutur þess hefur væntanlega aukist töluvert við hlutafjáraukninguna. - þsj



**ERFIÐUR REKSTUR** Stjórn DV ehf. hefur veitt heimild fyrir aukinni hlutafjáraukningu til að mæta erfiðum rekstri félagsins. Reynir Traustason er ritstjóri og einn aðaleigenda DV ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótel- og veitingageiranum.

Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Vefmiðlun upplýsir ekki um veltu:

# Eigendur amx.is töpuðu í fyrra

Vefmiðlun ehf., sem á og rekur meðal annars vefinn amx.is, tapaði 601 þúsund krónum í fyrra. Félagið skilaði 177 þúsund króna hagnaði árið 2010. Eigið fé þess var 1,5 milljónir um síðustu áramót og handbært fé lækkaði úr 4,4 milljónum króna í 2,9 milljónir króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársreikningi Vefmiðlunar fyrir árið 2011 sem birtur var nýlega. Engar upplýsingar eru um veltu félagsins í reikningnum.

Félagið flutti lögheimili sitt og póstfang að Hádegismóum 2 síðastliðið sumar, en þar er starfsemi Morgunblaðsins einnig til húsa. Hluti þess húsnæðis hefur verið leigður undir aðra starfsemi. Eigendur Vefmiðlunar eru Friðbjörn Orri Ketilsson og Arthúr Ólafsson. Friðbjörn Orri er auk þess titlaður útgefandi AMX-vefjarins. - þsj



**HÁDEGISMÓAR** Vefmiðlun flutti í sama hús og Morgunblaðið síðastliðið sumar.

Fastir vextir á skuldabréfum Hörpu verða 3,55 prósent:

# Nýtt skipulag kynnt og skuldabréf gefin út

Nýtt stjórnskipulag innan Hörpusamstæðunnar verður kynnt á næstu dögum. Samkvæmt því verður félögum innan samstæðunnar fækkað niður í eitt, en þau voru sex þegar best lét. Ein stjórn, sem skipuð verður fagfólki, verður yfir félaginu og einn forstjóri, Halldór Guðmundsson, mun stýra því. Þá verður settur á fót samráðsvettvangur eigenda, svokölluð eigendanefnd, þar sem fulltrúar þeirra sem fara með málefni Hörpu fyrir hönd borgarráðs og ríkisstjórnar munu sitja.

Þá er áætlað að skuldabréf Hörpu-samstæðunnar, sem Landsbankinn hefur þegar sölutryggt, verði gefin út á allra næstu vikum. Umfang útgáfunnar, sem mun endurfjármagna sambankalán sem tekið var til að byggja Hörpu, verður að hámarki 19,6 milljarðar króna, afborganir vaxta og höfuðstóls verða jafnar og greiðast tólf sinnum á ári í um 34 ár. Fyrsti gjalddagi verður einum mánuði eftir útgáfu og sá síðasti þahin munu bera fasta 3,55 prósenta vexti. Skuldabréfin verða tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í Hörpunni og bankainnstæðum. - þsj



**ELDBORG** Austurhöfn, móðurfélag Hörpusamstæðunnar, tapaði 535 milljónum króna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjallar um mikilvægi skapandi hugsunar fyrirtækja:

# Þekkt markaðsgúrú í heimsókn til Íslands

Einn frægasti markaðsfræðingur heims, Bandaríkjamaðurinn Seth Godin, heldur fyrirlestur hér á landi hinn 21. nóvember næstkomandi. Ímark, félag íslenskra markaðsfólks, stendur að komu hans hingað til lands en þess má geta að viðtal við Godin birtist í næsta tölublaði Markaðarins.

„Þetta er sennilega frægasti og áhrifamesti markaðsmaður samtímans. Hann hefur skrifað fjöldann allan af bókum og sennilega hefur enginn selt jafn mikið af bókum um markaðsmál og Godin,“ segir Guðmundur Arnar Guðmundsson, formaður Ímark, og bætir við: „Hann er reyndar poppaður, hefur svolítið stuðað fræðimenn, en hefur samt sem áður haft mjög mikil áhrif á rannsóknir.“



**SETH GODIN**

Í erindi sínu, sem ber yfirskriftina Invisible or Remarkable? og þýða má sem Ósýnileg eða stórmerkileg?, mun Godin fjalla um mikilvægi þess að fyrirtæki tileinki sér skapandi hugsun og skapi sér það sem hann kallar fjólubláa kú. Það er, eitthvað sérstakt sem þau bjóði viðskiptavinum sínum og sé sannarlega virðisaukandi fyrir þá. - mþl



**DÝR** Leiga á nýrri skólabyggingu HR er þungur fjárhagslegur myllusteinn um háls skólans. Hann greiðir alls tæplega 800 milljónir króna í leigu á ári. Ekkert bendir til þess að sú tala muni lækka um fyrirsjáanlega framtíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gengur hratt á eigið fé Háskólans í Reykjavík

***Háskólinn í Reykjavík hefur tapað um 630 milljónum á tveimur árum. Afkoman verður aftur neikvæð í ár og horfur eru dökkar til lengri tíma ef ríkisfjárframlög hækka ekki. Skólinn þarf 120 milljónir á ári næstu þrjú árin. Litlar líkur eru á að sú upphæð fáist.***

**MENNTAMÁL**

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Háskólinn í Reykjavík (HR) tapaði 231,5 milljónum króna í fyrra og 401,4 milljónum króna á árinu 2010. Hann mun einnig verða rekinn með tapi á þessu ári og fyrirsjáanlegt er að afkoman verði neikvæð til lengri tíma ef ekki verður breyting á fjárframlögum ríkisins til hans. Þetta kemur fram í ársreikningi HR sem birtur var nýverið. Framlag til skólans þarf að aukast um 120 milljónir króna á ári næstu þrjú árin til að tryggja rekstrarhæfi hans í þeirri mynd sem skólinn er rekinn í dag.

Rekstur HR hefur verið afar þungur á undanförnum árum. Þrátt fyrir að rekstrargjöld hafi dregist saman um rúmlega 200 milljónir króna í fyrra, aðallega vegna tímabundinnar lækkunar á húsnæðiskostaði, tapaði skólinn miklum fjárhæðum. Nokkuð jákvæður viðsnúningur varð þó á afkomunni, einkum vegna tímabundinnar lækkunar á húsnæðiskostnaði. Í ársreikningnum stendur hins vegar að „afkoma HR á árinu 2012 verður áfram neikvæð og ef ekki verður breyting á fjárframlögum ríkisins eru einnig neikvæðar horfur með starfsemi háskólans til lengri tíma.



**ARI KRISTINN JÓNSSON**

Frá árinu 2009 er búinn að vera viðvarandi niðurskurður á fjárframlögum ríkisins til HR og annarra háskóla hér á landi. Samtals eru fjárframlög ríkisins til HR árið 2012 um 450 m.kr. lægri að raungildi en árið 2008 og uppsafnaður niðurskurður til HR er yfir 1.000 m.kr. að núvirði frá árinu 2008“.

HR hefur átt eigið fé til að mæta tapi undanfarinna ára. Það gengur þó hratt á það og um síðustu áramót var það tæplega 400 milljónir króna. Miðað við rekstrarniðurstöðu síðasta árs og óbreytt framlög myndi það duga skólanum fram á haustið 2013.

Lítill pólitískur vilji virðist þó vera til að mæta kröfum HR með auknum framlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir að framlag til HR lækki um 18,4 milljónir króna. Þá er HR auk þess ætlað að greiða til baka 150 milljóna króna framlag sem hann fékk á fjáraukalögum ársins 2011. Vegna þeirrar endurgreiðslu er „áætlað að skólinn fái 43,5 m.kr. lægra framlag í fjárlögum 2013[…]en hann hefði fengið án aukafjárveitingar“. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru þó líkur á að hækkanir á fimm reikniflokkum geti skilað HR um 50 milljónum króna til viðbótar á næsta ári.

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir að rekstrarniðurstöður skólans endurspegli fyrst og fremst þann mikla niðurskurð sem hafi verið á framlögum ríkisins til skólans. „Við komum til móts við þennan niðurskurð með mikilli hagræðingu og þess vegna varð þetta ekki verra í fyrra en kemur fram í reikningnum. Við sjáum fram á að hafa gert enn betur í ár. Við höfum getað haldið starfseminni við án þess að fórna gæðum, enda væri það versta sem við gætum gert að fara að mennta fólk illa á Íslandi. Það er hins vegar augljóst að þetta gengur ekki svona til lengdar og það verður að snúa þessari þróun við fyrir árið 2013.“

Hann staðfestir að rekstrarafkoma ársins í ár verði einnig neikvæð og að HR þurfi um 120 milljónir króna á ári næstu þrjú árin til að geta sinnt sínu lágmarkshlutverki. Til að mæta meðaltalsframlagi OECD-ríkja til háskóla þurfi hins vegar hundruð milljóna króna.

**LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI HR**

**2 milljarðar** er framlag ríkissjóðs til HR í fyrra.

**2,3 milljarðar** fóru í launagreiðslur.

**1.350** milljónir eru skólagjöld og aðrar tekjur.

**770 milljónir** var húsnæðiskostnaður í fyrra.

**280** milljónir eru styrkir til skólans.

**120 milljónir** er það árlega viðbótarframlag sem HR vill frá ríkinu næstu þrjú árin.

**3,9** milljarðar króna er sú upphæð sem kostaði að reka HR í fyrra.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## FRÆGT BAKARÍ

**Í Georgetown í Washington-borg er frægt bakarí sem selur fallegar bollakökur. Þar eru forsetahjónin, Barack og Michelle Obama, tíðir gestir. Dóttir þeirra, Sasha, óskaði eftir þessum kökum í afmælisveislu sína í sumar. Bæði Oprah Winfrey og Martha Stewart hafa fjallað um bakaríið.**

Hvernig gekk í samræmdu prófunum? Þarftu að styrkja grunninn í náminu? Við bjóðum þér
NÁMSAÐSTOÐ
til að ná tökum á námsefninu.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Nú er farið að kólna og allra veðra von
Uppháu herrakuldaskórnir komnir aftur.
Þeir eru úr leðri og fóðraðir með lambsgæru.
Litir: svart og brúnt, stærðir: 40 - 48
Verð kr. 29.950.-
Misty skór Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur 14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



# RATLEIKUR Í NÁTTÚRUPERLU

**ÚTIVERA** *Skemmtilegur ratleikur er í boði fyrir börn og fullorðna í Heiðmörk. Þátttakendur svara skemmtilegum spurningum og leysa ýmsar þrautir.*

Ferðafélag Íslands hefur boðið upp á skemmtilegan ratleik í Heiðmörk síðan í sumar. Um er að ræða ratleik sem stílaður er inn á alla aldurshópa og fer hann fram á svæði Ferðafélagsins í Heiðmörk. Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, segir ratleikinn tilvalinn skemmtun fyrir alla fjölskyldumeðlimi. Hann snúist ekki um kapphlaup heldur reyni á ratvísi, hugmyndaflug, skynjun og styrk þátttakenda. „Aðsóknin hefur verið virkilega góð síðan leikurinn fór á fullt eftir verslunarmannahelgi og við höfum fengið fullt af svörum frá þátttakendum. Hér kemur fólk í litlum og stórum hópum og tekur þátt. Ferðafélagið hefur fengið margar þakklætiskveðjur fyrir frumkvæðið og margir eru að kynnast Heiðmörk betur með þessum hætti. Það er nefnilega svo að þótt Heiðmörk sé alveg við bæjardyr höfuðborgarbúa og alveg einstakt náttúrusvæði er allur gangur á því hvað fólk sækir mikið þangað.“

**FJÖLSKYLDAN SAMAN**

Höfundur ratleiksins er Björk Sigurðardóttir, kennari við Ísaksskóla í Reykjavík, en hún er í fararstjórahópi Ferðafélagsins og hefur mikla reynslu af því að starfa með börnum, unglingum og

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2

**RATLEIKUR** Margar skemmtilegar spurningar og spennandi þrautir eru í boði í ratleiknum í Heiðmörk.
MYND/BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ.

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-
Sunny Tires
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4990.-
Umfelgun á smájeppa 5990.-
VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

## HREINDÝRABORGARARNIR Á TEXASBORGURUM

Hreindýraborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð hafa slegið í gegn í haust. Þeir innihalda 100% gæðahakk úr hreindýrakjöti frá Snæfelli. Borgararnir eru bornir fram með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk. Franskar kartöflur fylgja að sjálfsögðu með. Vinsældir Texasborgara hafa vaxið frá opnun staðarins í vor. Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 grömm úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Vinsælasta hamborgaratilboðið okkar er: TEXASTILBOÐ ALLA DAGA, Texas ostborgari, franskar og gos á 1.390 kr.






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Vetrardagar
15% AFSLÁTTUR
af Basler vörum



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



Bókun á skrifstofu í síma
562 1000 eða á www.utivist.is
ÚTIVIST





FRAMHALD AF FORSÍÐU

fjölskylduhópum. Páll segir hugmyndina hafa kviknað hjá henni fyrir tveimur árum síðan þegar hún hélt afmæli fyrir 11 ára son sinn og vildi færa það út fyrir borgarmörkin. Þá fór hún með hópinn í Heiðmörk og skipulagði stutta útgáfu af ratleik sem tókst ljómandi vel. Í kjölfarið áttu hún frumkvæði að gerð ratleiksins.

Páll segir markmið ratleiksins tvíþætt. Annars vegar að hvetja fjölskylduna til að vera saman úti í náttúrunni. Hins vegar snúist leikurinn líka um að kenna börnum og unglingum á náttúruna og að láta þau leggja sig fram við að skynja það sem felst í henni.

Hægt er að hefja leikinn hvenær sem er og getur hvaða fjöldi sem er tekið þátt. Þátttakendur aka Rauðhólamegin inn í Heiðmörk, beint áfram að bílastæði við spildu Ferðafélags Íslands. Þar má finna póstkassa við skilti merkt félaginu þar sem nálgast má eintak af ratleiknum ásamt korti.

### SKEMMTILEGAR ÞRAUTIR

„Þátttakendur fara í ratleiknum ákveðinn hring eftir stígum á svæði okkar. Á leiðinni eru nokkrir póstar þar sem svara á ýmsum spurningum eða lesa í náttúruna, skýjafar, vindáttir eða hlusta á fuglasöng. Svörin eru skrifuð niður á blaðið en þau geta ýmist verið „rétt“ svör eða farið eftir því hvernig þátttakendur skynja náttúruna hverju sinni.“ Leikurinn tekur að sögn Páls einn til þrjá tíma, allt eftir veðri og stemningu í hópnum sem tekur þátt.

Svarblöðum má skila í póstkassann aftur. Einnig má nálgast eyðublöð á skrifstofu og heimasíðu Ferðafélags Íslands og Ferðafélags barnanna og skila svörum þar rafrænt.

„Í desember förum við yfir öll svörin og veitum verðlaun fyrir rétt svör. Það verða veglegir vinningar í boði frá Ferðafélagi Íslands og Fjallakofanum þannig að við hvetjum sem flesta til að taka þátt í skemmtilegum og fræðandi leik í náttúrunni. Það kostar ekkert að taka þátt og eina sem þarf er penni, lesgleraugu og gott nesti.“



**FJÖLSKYLDUSTUND** Höfundur ratleiksins, Björk Sigurðardóttir, er kennari við Ísaksskóla í Reykjavík. Hér sést hún í Þórsmörk með börnunum sínum.



**JARÐHÝSI** Ein þrautin í ratleiknum gengur út á að finna jarðhýsi. Þátttakendum er óhætt að kíkja inn.



**ÚTSKURÐUR** Finna þarf útskurðarlistaverk. Það má klifra upp á þau!

MYND/BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR

# KRILL-OLÍA BÆTIR HEILSUNA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Óteljandi heilsufarsávinningar verða með inntöku á krill-olíu, einni hreinustu uppsprettu af omega-3 fitusýrum úr sjávarríkinu.*

Krill-olía, hvað er það?
NORKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af omega-3 fitusýrum, unnið úr smáfisknum krill eða ljósátu, sem veidd er við Suðurskautslandið, einu hreinasta hafsvæði veraldar. Aðeins þarf að taka 1-2 hylki af NORKRILL á dag til að mæta dagsþörfinni af omega-3. Einnig inniheldur NORKRILL D-vítamín og hið öfluga andoxunarefni astaxanthin. Er því óhætt að segja að inntaka á NORKRILL hefur heilmarga heilsufarslega og fyrirbyggjandi ávinninga. Með inntöku á NORKRILL kemur ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaónot sem oft fylgja inntöku á fisk- og jurtaolíum.

### Af hverju að taka inn omega-3 úr krilli?

Ljósáta, eða krill, er æti fyrir aðra fiskistofna og er neðarlega í fæðukeðjunni og er því mun minni mengun og þungmálmar í krill-olíu en öðrum fiskolíum sem tryggir hreinni afurð og betri virkni. Ekkert fæðubótarefni hefur verið eins mikið rannsakað og omega-3 en staðfest hefur verið að hægt sé að bæta heilsuna og fyrirbyggja marga sjúkdóma með inntöku þess.

Bólgur og liðverkir: Að halda góðu mataræði er einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda góðri heilsu í liðum, brjóski og beinum. Til að fá nægilegt magn af omega-3 þarf að borða feitan fisk fimm sinnum í viku. Omega-3 er talið spila stórt hlutverk í því að fyrirbyggja bein- og liðsjúkdóma. Omega-3 minnkar liðverki, stirðleika og bólgur í kringum liðina. Einnig hefur omega-3 þótt gagnlegt í að minnka bólgur og stirðleika í líkamanum.

Húð: Omega-3 fitusýrur eru mikilvægar fyrir frumur líkamans þar með talið fyrir frumur húðarinnar. Vandamál við þurra húð, exem eða sóríasis geta stafað af skorti á omega 3 fitusýrum. Húðin er að hluta til úr fjölómettuðum fitusýrum en margar rannsóknir sýna fram á að inntaka omega-3 fitusýra sé mikilvægur þáttur í að viðhalda heilbrigðri húð. Einnig er nauðsynlegt að fá andoxunarefni til þess að viðhalda heilbrigði húðar. Talið er að andoxunarefni geti bætt heilbrigði húðarinnar og jafnvel afturkallað þann skaða sem hún hefur orðið fyrir. NORKRILL inniheldur astaxanthin sem er eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á.

### Heili/skap/einbeiting

Rannsóknir benda til að inntaka á omega-3 geti haft jákvæð áhrif á andlega þætti eins og einbeitingu og aukið eiginleika til að læra og muna. Einnig gefur omega-3 góða raun við kvillum eins og fyrirtíðarspennu og leiða.

Árið 2007 var gerð rannsókn á inntöku krill-olíu hjá fullorðnu fólki sem þjáist af ADHD. Prófaðir voru 25 einstaklingar með ADHD og voru þeim gefnir 500 ml af krill-olíu daglega í sex mánuði. Niðurstöðurnar sýndu fram á um 50% aukningu á skipulagshæfileikum og 48,8% aukningu í félagslegri færni.

Hægt er að kynna sér meira um krill með því að slá því inn í leitarvél Google.




**NORKRILL**
*Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is. Hægt er að finna NORKRILL í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða.*

**AVIS** Bílasala

# Síðustu tilboðs-dagar!




## Komdu og leyfðu Avis að létta þér útborgunina.

Við erum á **Nýbýlaveginum!**
(gamla Toyota húsið) **sími 571 6222**
**Opið laugard. 3. nóv. frá 13-17**
**Opið virka daga frá 12-17**
**Lokadagur fimmtudag 8. nóv.**

Sem dæmi þá getur þú eignast **VW Polo** með aðeins **226.000 kr.** útborgun eða **Nissan Qashqai** með aðeins **495.000 kr.** útborgun. Reiknaðu dæmið til enda og sjáðu hvernig Avis léttir þér bílakaupin.

**VW Polo 1.2 2011**

| | |
|---|---|
| Söluverð | 1.880.000 kr. |
| Bílafjárm. Landsbankans | 1.504.000 kr. |
| (Meðalgreiðsla á mán. í sjö ár: | 24.548 kr.) |
| Eftirstöðvar | 376.000 kr. |
| Avis hluti | 150.000 kr. |
| Þín útborgun | 226.000 kr. |
| Heildarverð til þín | 1.730.000 kr. |

**Nissan Qashqai 2011**

| | |
|---|---|
| Söluverð | 4.150.000 kr. |
| Bílafjárm. Landsbankans | 3.320.000 kr. |
| (Meðalgreiðsla á mán. í sjö ár: | 56.438 kr.) |
| Eftirstöðvar | 830.000 kr. |
| Avis hluti | 335.000 kr. |
| Þín útborgun | 495.000 kr. |
| Heildarverð til þín | 3.815.000 kr. |

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans
landsbankinn.is 410 4800

**AVIS**

Við gerum betur.

www.avisbilasala.is


SÍÐASTA SÝNING!
GÓI & BAUNAGRASIÐ
Gói og Baunagrasið
★★★★ Fréttatíminn
★★★★ Morgunblaðið
Bráðskemmtileg og fyndin leiksýning fyrir alla fjölskylduna
Tilnefnt til Grímunar 2012 sem besta barnasýningin
Sun 18/11 kl. 13:00 ÖRFÁ SÆTI
BAUNAGRASIÐ
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# SKRÍMSLA-VEIÐAR

**ÓGNVEKJANDI** *Viltu hitta álf, norn, blóðsugu eða dreka? Í Evrópu er enginn hörgull á yfirnáttúrulegum skepnum, svo lengi sem þú veist hvar á að leita.*

Viðurstyggileg kynni af hrikalegum skepnum freista margra. Lonely Planet tók saman lista yfir fimm goðsagnakenndar ófreskjur í Evrópu.

- Á Íslandi er auðvelt að halda á fund álfa sem búa undir hverjum steini. Ætíð skal umgangast álfa af virðingu. Þeir eru auðreittir til reiði og valda hiklaust slysum og ólukku ef móðgaðir eða særðir. Af sömu ástæðu er tillit til þeirra í framkvæmdum.
- Varúlfar eru hálfir menn og hálf dýr. Í Lozère í Frakklandi hefur enginn gleymt grimmri og úlfslegri ófreskju sem kölluð var Skepnan frá Gévaudan og hrelldi íbúa Massif Central í Languedoc-Roussillon-héraði um 1760. Þá sendi Lúðvík XV veiðimann til að fella skepnuna og færa sér til Versala en sendiförin mistókst þegar skyttan gleymdi silfurkúlunum. En ku afkomendur Skepnunnar frá Gévaudan traðka um jarðir í Massif Central.



- Allir þekkja nornir með beyglað nef en litháíska nornin er sérlega ótuktarleg, stelur hvítvoðungum og leggur banvæna bölvun á fólk. Nornin leynist á Nornahæð (Raganu Kalnas) nærri bænum Juodkrante í Litháen. Í afskekktum skógi er undraland tréútskurðar heiðingja og heyra má gaggandi hlátursrokur norna.
- Elstu heimildir um blóðsugur eiga sér uppruna í Grikklandi. Þar fer um óheilög hjörð blóðsvolgrandi anda og afturgangna sem bráðnar ekki við sólarupprás heldur hressist allur við. Finna má hættulegan skrílinn í grafreit blóðsuga á Santorini á Grikklandi.
- Eldspúandi drekar eru nú fáheyrðir í Evrópu en þó býr þar agnarsmár dreki, kallaður Olm. Hans er fyrst getið í feneyskum steinristum sem sýna snáka með vængi, langan búk og fjaðurleg tálkn. Vegna föls litarhafts er Olm kallaður stundum kallaður mannfiskurinn. Olm-dreka má auðveldlega sjá friðaða í Postojna-hellum Slóveníu.

# FERÐAGARPURINN JAMES BOND

**UM ALLAN HEIM** *James Bond er án efa frægasti njósnari í heimi. Hann er jafnframt einhver mesti ferðagarpur sem sögur fara af.*

Í fimmtíu ár hefur þessi tilbúni njósnari, gerður eftir bókum Sir Ians Fleming, ferðast um allan heim, meira að segja tvisvar til Íslands í kvikmyndunum A View to a Kill og Die Another Day. Sagt er að hann hafi heimsótt fimmtíu lönd og komið nokkrum sinnum til margra þeirra.

Í fyrstu myndinni, Dr. No, fer Bond til Jamaíku en höfundurinn, Fleming, dvaldist þar mikið. Bond fer síðan til S-Afríku í Diamonds Are Forever og til Svalbarða í Die Another Day. Hann hefur því ferðast frá suðri til norðurs í þessum frægu myndum.

Sagt er að miðað við þau fimmtíu lönd sem Bond hefur heimsótt, sum oftar en önnur, sé vegalengdin komin hálfa leið til tunglsins og nokkrar ferðir umhverfis jörðina. Samkvæmt þessu ætti hann því að vera öflugur vildarpunktasafnari.

Mjög skemmtileg landakort hefur verið gert um ferðalög njósnarans um allan heim en það má skoða á vefsíðunni Huffingtonpost.ca. Þar má einnig sjá verðmæti þeirra bíla sem James Bond ekur og hversu marga Martini-drykki hann hefur sett ofan í sig.

Í nýjustu myndinni, Skyfall, fer Bond til Istanbúl, Sjanghæ og Glencoe í Skotlandi. Hann kemur að sjálfsögðu líka við í London, enda í þjónustu drottningar. Margir þeirra staða sem Bond hefur komið til í myndunum hafa orðið frægir ferðamannastaðir.

■ elin@365.is



**VÍÐREIST** James Bond (Daniel Craig) við upptökur á Skyfall í Istanbul með leikkonunum Naomie Harris og Berenice Marlohe.

# SÖGUSLÓÐIR Í BERLÍN

*Skáldsögurnar Jójó og Fyrir Lísu gerast í Berlín. Höfundurinn leiðir gönguhóp um sögusvið bókanna á miðvikudaginn kemur.*

Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur og Júlía Björnsdóttir stjórnmálafræðingur standa fyrir gönguferð um Kreuzberg-hverfið í Berlín miðvikudaginn 14. nóvember. Þar eru söguslóðir skáldsagnanna Jójó og Fyrir Lísu eftir Steinunni.

Jójó kom út fyrir síðustu jól og hlaut tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Bókin Fyrir Lísu er nýkomin út og er sjálfstætt framhald hinnar en á Facebook-síðu viðburðarins segir að ekki þurfi að hafa lesið fyrri bókina til að hafa gaman af göngunni. Fyrir Lísu fjallar um Martin Montag. Hann kynntist ungri stúlku, Lísu, þegar hann var læknanemi á geðdeild og hefur aldrei getað gleymt sögu hennar síðan. Dag einn ákveður hann að taka af skarið og hafa uppi á henni en það hrindir af stað atburðarás sem hann missir alla stjórn á. Úr verður reyfari, farsi og harmleikur.

Nánar má kynna sér gönguferðina og dagskrá hennar á Facebook-síðunni Gönguferð um söguslóðir skáldsagnanna Jójó og Fyrir Lísu eftir Steinunni Sigurðardóttur og á www.turisti.is.



**SÖGUR Í BERLÍN** Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur leiðir gönguferð um söguslóðir tveggja skáldsagna sinna. MYND/HARI


www.meiraprof.is

Course in English

for Icelandic Commercial driving licence

Duration 24 Oktober 2012



NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

**Hours:** Monday, Tuesday, Wednesday, Friday, 17:30 – 21:50

**Registration@** : rektorinn@gmail.com

Please send your full name, ID-no and mobile number



Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vandvirk og heiðarleg. Uppl. í s. 698 3473.

## Garðyrkja

GARÐLIST
ALLT FYRIR GARÐINN Á EINUM STAÐ
SELJUM OG SETJUM UPP HÁGÆÐA JÓLASERÍUR.
Fáðu tilboð!
2 ÁR
554 1989

HreinirGarðar
Jólaskreytingar
10% afsláttur af uppsetningu ef þú kaupir seríurnar af okkur
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Tek að mér að mála og flísa, og ýmisl. fl. Er vandvirkur og ódýr. S. 866 9784.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Meistari óskar eftir verkefnum. Mjög sanngjarn í tilboðum. Sími 851 1960.

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

fagflísar
GSM 866-6291
NETFANG fagflisar@fagflisar.is
VEFSLÓÐ www.fagflisar.is
flísalagnir
múrverk
múrviðgerðir
steining

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Húsaviðgerðir**
Allt viðhald fasteigna, fljót og góð þjónusta. Upplýsingar í síma 867 4968 Njáll.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf - parket. Gerum tilboð. Smiðalausnir. S. 899 3011.**

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

## Tölvur

**A plús tölvuþjónusta**
Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spásími Láru 907 2012**
Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Gámar til sölu. 40ft verð 240þús +Vsk 20 ft á 180þús + vsk ódýr heimakstur á stór- Reykjavíkursvæðinu. Uppl. S: 840-6100.



**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000




Úrval af hurðum fyrir kæla og frysta. Eigum hurðir á lager á góðum verðum. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000






**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www. Heitirpottar.is Sími 777 2000




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.



## BÍLL DAGSINS

**TOYOTA AVENSIS WAGON SOL**
Nýskráður 08/2005, ekinn 136 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.690.000**

**Tilboð dagsins kr. 1.150.000**


HONDA
**ACCORD EXECUTIVE**
Nýskráður 2/2009, ekinn 37 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**


HONDA
**CR-V ELEGANCE**
Nýskráður 6/2007, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.290.000**


HONDA
**CIVIC 1800 ES**
Nýskráður 10/2009, ekinn 43 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**


NISSAN
**MICRA VISA 1.2**
Nýskráður 6/2012, ekinn 2 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.550.000**


MITSUBISHI
**COLT RALLIART 1.5**
Nýskráður 12/2010, ekinn 27 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.150.000**


HONDA
**CIVIC SPORT 1.8i-VTEC**
Nýskráður 3/2008, ekinn 82 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.980.000**


SUBARU
**LEGACY SPORT SEDAN**
Nýskráður 9/2006, ekinn 85 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**


TOYOTA
**LAND CRUISER 90 VX**
Nýskráður 7/2000, ekinn 222 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.870.000**


NISSAN
**X-TRAIL SPORT**
Nýskráður 4/2005, ekinn 122 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**


HONDA
**ACCORD SPORT**
Nýskráður 4/2005, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**


PEUGEOT
**207 S16 með glerþaki**
Nýskráður 4/2007, ekinn 68 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.560.000**


HONDA
**ACCORD COMFORT**
Nýskráður 10/2004, ekinn 135 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.120.000**


JEEP
**LIBERTY SPORT 4X4**
Nýskráður 9/2003, ekinn 108 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**


PEUGEOT
**206 SW**
Nýskráður 10/2005, ekinn 79 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 890.000**


HONDA
**CR-V**
Nýskráður 4/1999, ekinn 189 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 590.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til sölu

Þökuvél til sölu. Kannski ekki rétt tíminn en góð vél á góðu verði. Uppl. Sími 840-6100.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri

Háþrýstidæla frá Rafver 300bar 17L pr. mínúti einnig múrvél Putmaster og 700kg jarðvegsþjappa. Uppl. S: 840-6100.

## Til bygginga

Til sölu flekamót fyrir krana. Mótin eru 3,05m á hæð. Uppl. S: 840-6100.

Flísar vandaðar dökkar utanhússflísar 30 x60 cm 450m2 til sölu á hagstæðu verði. Uppl. S: 840-6100.



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
**Lokað frá 12. nóv.-30.nóv. 2012.**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Nudd fyrir heilsuna auglýsir: hef flutt stofuna mína í Síðumúla 25, 3.hæð sími 659 9277.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Gefins




## Húsgögn



**Hringborðstofusett á heildsöluverði**
Erum með til sölu ný og glæsileg hringborðstofusett, 1,5m í þvermál með átta stólum, verð aðeins 275.000 kr. Settin er hægt að skoða hér www.listinn.is og í Listanum, Akralind 7, virka daga frá kl. 10-17, sími: 564-4666 / 866-6101.

**Rúllugardínur**
Íslensk framleiðsla. Gott verð. Opið 13-17. Gluggakappar Reyðarkvísl 12, s. 567 1086.

## Dýrahald



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar, heilsufarsskoðaðir með ættbók frá HRFÍ. Möguleiki á visa raðgr. Allar uppl. um gotið á www.vikurkennel.com eða í síma 894 6611.

## Fyrir veiðimenn

Veiðihús. Til sölu mjög vandað nýtt 25m2 hús sem öllu sem gæti nýst td sem veiðihús. Uppl. S: 840-6100.

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17

Til leigu 3 herb. íbúð,76 m2 með sérinngangi í Sörlaskjóli (107). Skammtíma-/langtímaleiga. Leiga 155 þús. Uppl. 862 9408

2ja herb. íbúð nálægt iðnaðarhverfi, hentar ekki fjölsk. uppl. s. 821 6921

Stór herb. með húsgögnum, sér baðherb. og sameiginlegu fullbúnu eldhúsi til leigu í Hafnarfirði. S. 692 5105 og 899 7004.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
**Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.**
**orlofshus.is Leó 897 5300**

## Atvinnuhúsnæði

**64,6 (51,6+13) m2 iðnaðarbil**
Þessi eftirsótta stærð er til sölu eða leigu. 13 m2 milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU
ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Atvinna í boði

**Jómfrúin smurbrauðsveitingahús**
**óskar eftir að ráða starfskraft í smurbrauð/eldhús.**

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst**
**Allar nánari upplýsingar gefa Jakob eða Guðrún S. 551 0100 og Jakob gsm 898 4909.**

TMÍ

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðar aukatekjur. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

Castello PIZZERIA

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 824 1221

**Oasis í Smáralind leitar eftir verslunarstjóra í fjölskylduna sína.**
**Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á tísku, útliti og fólki, vera jákvæður á lífið og tilveruna og geta unnið sjálfstætt. Reynsla í verslun er skilyrði í þetta starf ásamt brennandi áhuga á verslunarstörfum. Oasis leggur mikinn metnað í bestu þjónustu sem völ er á við sína viðskiptavini og þarf viðkomandi því að hafa 100% metnað á því sviði.**
**Áhugasamir vinsamlegast komið við með ferilskrá í Oasis Kringlunni eða hafið samband í síma 893-2632/Ingibjörg**

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan**
**S. 661 7000.**

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlísögur**
**905-2002 • 535-9930**
**Símadömur • live spjall**
**908-6000 • 535-9999**

## Fasteignir

◆ Árslir - fasteignamiðlun ◆ Ársalir - fasteignamiðlun ◆

### Smiðjuvegur 20 – Kópavogi




Til leigu gott 180m² iðnaðar og lagerhúsnæði á götuhæð með innkeyrsluhurð og gönguhurð við hliðina. Sér inngangur að skrifstofu. Húsnæðið er allt ný málað að innan og laust strax. Hitalögn í bílastæðum.



Björgvin Björgvinsson Löggiltur fasteignasali.

Ársalir FASTEIGNAMIÐLUN Engjateigi 5, 105 Rvk 533 4200

**Ársalir ehf - fasteignamiðlun**
**533 4200 og 892 0667**
**Engjateig 5, 105- Reykjavík.**
**arsalir@arsalir.is**

Félag Fasteignasala

## Tilkynningar

HS ORKA HF

**RANNSÓKNARBORANIR VIÐ ELDVÖRP, GRINDAVÍKURBÆ**
**Drög að tillögu að matsáætlun**

HS Orka hf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun vegna rannsóknarborana á háhitasvæði við Eldvörp í sveitarfélaginu Grindavíkurbæ. Tilgangur rannsóknarborana er að auka við þekkingu á umfangi og eðli jarðhitakerfisins, meta tengslin við jarðhitakerfið í Svartsengi og skera úr um hæfi svæðisins til virkjunar.

Í drögunum er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum sem felast í gerð fimm borplana, borun allt að fimm borhola og afkastaprófunum borhola. Þar er einnig fjallað um þá umhverfisþætti sem fjallað verður um í frummatsskýrslu og rannsóknum sem ráðast á í vegna mats á umhverfisáhrifum.

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is. Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir um drögin á netfangið bjornh@vso.is. Frestur til að senda inn ábendingar er til 22. nóvember n.k.

## Fasteignir

# Hestajörðin Galtastaðir í Flóa





Um er að ræða sérlega vel staðsetta og snyrtilega jörð með góðum húsakosti, 90 hektara land. Mjög fallegt tvílyft 205 fm. einbýli, stórt hesthús, hlaða/ reiðskemma ofl. Jörðin er örstutt frá Selfoss. 15 km. Jörð sem býður uppá mikla möguleika. **Hagstæð lán. Verðtilboð.**

**Allar nánari uppl. gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 eða á skrifstofu s. 520-7500.**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10**
**Hafnarfirði**
**Sími 520 7500**
**www.hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali.**

# Auðjöfur kaupir hlut í Orku Energy

*Richard Chandler Corp. keypti þriðjung í Orku Energy í sumar. Eigandi þess er í 230. sæti yfir ríkustu menn í heimi með auðævi upp á tæpa 600 milljarða króna. Orka Energy keypti fyrrum eignir REI á síðasta ári af OR.*

**ORKUMÁL**

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Richard Chandler Corporation (RCC) keypti í sumar 33 prósenta hlut í móðurfélagi íslenska orkufyrirtækisins Orka Energy Holding ehf. Samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskráar greiddi RCC tólf milljónir dala, um 1,5 milljarð króna fyrir hlutinn. RCC, sem er staðsett í Singapore, var stofnað af Richard F. Chandler, nýsjálenskum fjárfesti. Samkvæmt lista Forbes var Chandler, sem er 53 ára og ókvæntur, fjórði ríkasti maður Singapore í lok síðasta árs og 230. ríkasti maður í heimi. Tímaritið sagði auð hans nema um 4,6 milljörðum dala, um 586 milljörðum króna.



RICHARD F. CHANDLER

Orka Energy var stofnað snemma á síðasta ári. Eigandi þess Orka Energy Pte. Ltd., félags með skráð heimilisfesti í Singapore. Það er í eigu Hauks Harðarsonar, sem er kjölfestufjárfestir í félaginu, og starfsmanna þess.

Í ágúst 2011 keypti Orka Energy félagið Enex-Kína af fyrrverandi eigendum þess, Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Geysi Green Energy. Kaupverðið var um 1,6 milljarðar króna fyrir allt hlutaféð miðað við það verð sem OR fékk fyrir sinn tæplega fimmtungshlut. Það keypti einnig aðrar eignir sem höfðu verið inni í útrásararmi OR, REI. Um er að ræða Iceland America Energy og fjórðungshlut í Envent Holding ehf., sem á jarðhitafyrirtæki á Filippseyjum.

Enex-Kína, sem nú heitir Orka Energy China ehf., á 49 prósenta hlut í kínversku félagi sem heitir Shaanxi Green Energy Geothermal Development (SGE). Það vinnur að þróun, og til framtíðar rekstri, jarðvarmaorkuvera í Kína. Hitt 51 prósentið í félaginu er í eigu kínverska orkufyrirtækisins Sinopec, sem er fimmta stærsta fyrirtæki í heimi. Það er að öllu leyti í eigu kínverska ríkisins. Hjá SGE starfa um 260 manns og fyrirtækið hitar sem stendur upp um sex milljón fermetra af íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Það stefnir að því að auka þá hitaframleiðslu í 100 milljón fermetra fyrir árið 2020 auk þess sem það hyggur á stórtæka rafmagnsframleiðslu.

Þann 20. apríl heimsótti fjölmenn sendinefnd Kínverja Ísland heim í tengslum við komu Wen Jiabao, forsætisráðherra landsins. Á meðal þeirra sem hingað komu var stjórnarformaður Sinopec, Fui Chengyu. Hann og Haukur Harðarson, stjórnarformaður Orku Energy, skrifuðu við það tilefni undir samkomulag sem breikkaði samstarfsgrundvöll fyrirtækjanna tveggja umtalsvert.

Í júní keypti RCC síðan 33 prósent í móðurfélagi Orku Energy. Samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskráar var kaupverðið um tólf milljónir dala, 1,5 milljarðar króna. Í fréttatilkynningu sem RCC sendi frá sér vegna þessa var haft eftir Richard F. Chandler, stjórnarformanni RCC, að félögin tvö hefðu sömu sýn á að virkja jarðvarmaorku. Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Orku Energy, vildi ekki tjá sig um starfsemi fyrirtækisins umfram það sem fram kom í tilkynningu RCC í júní síðastliðnum.



**SKRIFAÐ UNDIR** Fui Chengyu, stjórnarformaður Sinopec, og Haukur Harðarson, stjórnarformaður Orku Energy, skrifa undir samstarfssamning í Þjóðmenningarhúsinu í apríl síðastliðnum. Forsætisráðherrarnir Wen Jiabao og Jóhanna Sigurðardóttir fylgjast með.

## FORSETINN STYÐUR ORKA ENERGY OG ORKA ENERGY STYÐUR FORSETANN

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur komið umtalsvert við sögu í samskiptum Orku Energy við kínverska fyrirtækið Sinopec. Samkvæmt heimasíðu forsetaembættisins átti hann fund með Hauki Harðarsyni, stjórnarformanni Orku Energy, í Singapore hinn 24. febrúar síðastliðinn. Þar ræddu þeir um „eflingu jarðhitanýtingar í Kína, á Filippseyjum og víðar“.

Þann 20. apríl birtist síðan önnur frétt á heimasíðu embættisins um jarðhitasamvinnu við Kína. Þar segir að forsetinn hafi fundað með Fu Chengyu, stjórnarformanni Sinopec, vegna þess að „Orka Energy og Sinopec hafa samið um gríðarlegar hitaveituframkvæmdir í Kína, sem m.a. felur í sér stærstu hitaveitur heims […] Stjórnarformaður Sinopec lýsti því yfir að fyrirtækið, sem er eitt af stærstu fyrirtækjum heims, hefði ákveðið að gera samvinnu við Ísland, Orku Energy og vísinda- og tæknisamfélagið á Íslandi, að forgangsmáli í orkustefnu fyrirtækisins á komandi árum og áratugum“.

Orka Energy var eitt af níu félögum sem studdi framboð Ólafs Ragnars til forseta síðastliðið sumar. Félagið greiddi samtals 200 þúsund krónur í kosningasjóð hans. Lögfræðistofa Gunnars Thoroddsen ehf., sem er í eigu Gunnars Thoroddsen, framkvæmdastjóra Orku Energy, studdi einnig Ólaf með 200 þúsund króna framlagi. Alls námu framlög lögaðila 1.390 þúsundum króna.



# Aðskilnaður banka vinsæll en flókinn

***Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um aðskilnað fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi. Erfitt gæti hins vegar reynst að setja einföld og áhrifarík lög um slíkan aðskilnað. Skiptar skoðanir í bankakerfinu.***

**FRÉTTASKÝRING**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Fjörug umræða hefur farið fram síðustu misseri um framtíðarramma fjármálakerfisins í kjölfar áfalla síðustu ára. Í því samhengi hafa margir staðnæmst við spurninguna um hvort skynsamlegt sé að skilja að með lögum viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi.

Almennt virðist mikill stuðningur vera við hugmyndina. Skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði á málinu í september leiddi í ljós að ríflega fjórir af hverjum fimm svarenda voru fylgjandi aðskilnaði. Þá er einnig mikill stuðningur við hugmyndina á Alþingi en sautján þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki hafa lagt fram þingsályktunartillögu um málið. Þar að auki er það einn liður í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins sem allir þingmenn flokksins mæltu fyrir á síðasta þingi.

### ERFITT AÐ FINNA LÍNUNA

Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni segir að innlán viðskiptabanka, sem hafa bakábyrgð frá ríkinu, hafi í aðdraganda bankahrunsins verið notuð í óarðbærar og glæfralegar fjárfestingar, meðal annars í fyrirtækjum nátengdum viðkomandi fjármálastofnunum. Vegna þeirrar sérstöku tryggingar sem innlán njóta sé rík ástæða til að skilja hefðbundna bankastarfsemi frá áhættusækinni fjárfestingarstarfsemi.

Þetta er kjarninn í þeim röksemdum sem færðar hafa verið fyrir aðskilnaði; að ekki sé boðlegt að fjármálastofnanir stundi áhættusama stöðutöku með fjármuni sem njóta ábyrgðar skattgreiðenda. Á móti er aðskilnaður talinn geta dregið úr stærðarhagræði í fjármálakerfinu og þar með aukið kostnað við fjármálalega milligöngu.

Fjallað var um þetta í skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins hér á landi sem kom út á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í mars. Þar segir að ekki leiki vafi á því að óheppileg tengsl milli innlánsstarfsemi og fjárfestingarstarfsemi hafi átt snaran þátt í rótum kreppunnar árið 2008. Og enn fremur að ráða megi bót á vandanum með lagaákvæðum sem banna rekstur venjulegrar viðskiptabankastarfsemi og fjárfestinga fyrir eigin reikning í sama félagi.

Í skýrslunni er þó einnig bent á að afar erfitt geti verið að setja einföld lög um aðskilnað. Í fyrsta lagi sé erfitt að afmarka með einföldum hætti muninn á þessum tveimur kimum bankastarfsemi þar sem mörkin milli ólíkra skuldaskjala séu fljótandi. Auk þess sé líklegt að með tíð og tíma finnist leiðir fram hjá þeim skilgreiningum sem lagðar yrðu til grundvallar í slíkum lögum.

Þá er einnig bent á í skýrslunni að það voru ekki einungis alhliða bankar sem komu við sögu í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar heldur einnig hreinir viðskiptabankar og sparisjóðir. Þá geti tveir ólíkir bankar, annar fjárfestingarbanki og hinn viðskiptabanki, hafið samstarf sem sé alveg jafn óæskilegt og sama starfsemi innan sama bankans.

Af þessum ástæðum meðal annars taldi sérfræðinganefndin sem vann skýrsluna ótímabært að taka ákvarðanir um róttækar breytingar á skipulagi banka hér á landi. Nær væri að fylgjast með þróun mála á alþjóðavettvangi.

Í svipaðan streng hefur Fjármálaeftirlitið (FME) og þá hefur Arion banki hefur gengið enn lengra en greiningardeild bankans mælir gegn aðskilnaði í skýrslu sem kom út á vegum bankans í apríl.

Í skýrslunni segir meðal annars að aðskilnaður myndi leiða til hærri fjármagnskostnaðar hér á landi og lægri ávöxtunar fjármagnseigenda. Þá gætu einstakir bankar orðið viðkvæmari en ella vegna tapaðrar áhættudreifingar þótt líkurnar á því að þrot eins hefði áhrif á aðra myndu minnka.

Er það niðurstaða greiningardeildar Arion banka að aðskilnaður skili ekki tilætluðum árangri auk þess sem hann feli í sér umtalsverðan kostnað fyrir lántakendur og fjármagnseigendur. Sé vilji til þess að gera bankastarfsemi öruggari sé skynsamlegra að hækka kröfur um eigið fé fjármálastofnana og setja reglur um hámarksvogun, svo eitthvað sé nefnt.

### FRJÓ UMRÆÐA Á ALÞJÓÐAVÍSU

Umræðan um mögulegan aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka hefur verið áberandi víðar en á Íslandi.

Í Bretlandi var fyrir um ári gefin út skýrsla um framtíð bankastarfsemi þar í landi sem unnin var af nefnd undir forystu John Vickers, fyrrum forstjóra breska samkeppniseftirlitsins. Í skýrslunni er mælt með því að fjármálastofnunum verði áfram heimilt að sinna bæði viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi en þó aðeins með því skilyrði að viðskiptabankastarfsemin verði stunduð í sjálfstæðu dótturfélagi sem lúti sérkröfum um eiginfjárhlutfall. Því má segja að Vickers-nefndin mæli með eins konar aðskilnaði innan banka.

Nýverið kynnti nefnd á vegum Evrópusambandsins (ESB) tillögur um framtíð bankamála í Evrópu. Erkki Liikanen, finnski seðlabankastjórinn, veitti nefndinni forstöðu en hún komst að svipaðri niðurstöðu og Vickers-nefndin. Liikanen-nefndin mælir sem sagt með því að áhættusöm fjárfestingarbankastarfsemi, svo sem eigin viðskipti, eigi sér stað innan sérstaks félags innan bankasamsteypu. Í Bandaríkjunum voru á árunum 1933 til 1999 í gildi svokölluð Glass-Steagall lög sem tryggðu aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka. Á síðari hluta 20. aldarinnar minnkuðu áhrif laganna nokkuð þar sem heimildir þeirra voru smám saman túlkaðar rúmar en þau voru svo endanlega felld úr gildi 1999.Árið 2010 var svo ný fjármálaeftirlitslöggjöf svo lögfest þar í landi sem tryggir ekki aðskilnað en takmarkar þó verulega heimildir innlánsstofnana til stöðutöku.




**ALHLIÐA BANKAR Á ÍSLANDI** Verði þingsályktunartillaga um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi samþykkt verður nauðsynlegt að skipta upp stóru viðskiptabönkunum þremur í tvær einingar hver. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## TÆKIFÆRIÐ TIL AÐSKILNAÐAR ER NÚNA

„Í raun má segja að þangað til mjög nýlega hafi verið aðskilnaður milli viðskiptabanka og fjárfestingarbanka á Íslandi. Það var ekki fyrr en Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og ríkið seldi hluti sína í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðar í Landsbankanum og Búnaðarbankanum sem alhliða bankar urðu til hér á landi. Í kjölfarið stækkaði bankakerfið margfalt á fimm árum og það sem gerist raunverulega er að sjónarmið og hagsmunir fjárfestingarbankans taka yfir viðskiptabankann. Til þess að búa til tekjur er allur efnahagurinn lagður að veði og innlán almennings og lánsfé, sem hvoru tveggja er aflað á forsendu ríkisryggingar, notuð til veðmála,“ segir Pétur Einarsson, forstjóri Straums fjárfestingarbanka,



**PÉTUR EINARSSON**

og heldur áfram: „Þannig að þjónustan verður verðbréfamiðlun sem þrífst á því að gíra upp verðbréfin og lána fyrir þeim, eigin viðskipti sem þrífast á því að halda uppi gengi bréfanna með eigin kaupum og fyrirtækjaráðgjöf sem þrífst á því að búa til tekjur og samninga sem bankinn lánar fyrir. Þetta er reynslan; fjárfestingarbankinn notar viðskiptabankann til að búa til óeðlilegan hagnað sem byggir á mjög mikilli og vaxandi áhættu. Þetta þarf að koma í veg fyrir.“

Pétur segir að Íslendingar eigi að drífa í aðskilnaði nú þegar bankakerfið er tiltölulega lítið. „Þetta er nefnilega svo einfalt núna og hefði kannski ekki svo mikil áhrif fyrst um sinn. Upp á framtíðina að gera þurfum við hins vegar að gera þetta svo að við lærum eitthvað af þessu hruni í stað þess að benda bara á þá sem voru þátttakendur.“

Að lokum segir Pétur ekki standast að kostnaður í bankakerfinu aukist verði aðskilnaður að veruleika. „Við sjáum að Straumur kemur inn sem nýr fjárfestingarbanki fyrir ári síðan án þess að hafa neina samlegð með viðskiptabanka. Samt sem áður erum við samkeppnishæf í verði að öllu leyti og höfum náð okkar markmiði um að vera með 15 til 20% af markaðnum auk þess sem við erum að skila hagnaði.“

## HVERGI ANNARS STAÐAR TALAÐ UM ALGJÖRAN AÐSKILNAÐ

„Mér hefur fundist umræðan um þetta mál á Íslandi vera á villigötum. Menn hafa forðast eins og heitan eldinn að skilgreina hvað fjárfestingarbankastarfsemi er og gleymt því að undir henni geta rúmast mörg ólík hlutverk,“ segir Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, og heldur áfram: „Í grunninn má segja að fjárfestingarbankastarfsemi sé einfaldlega að aðstoða fyrirtæki, sveitarfélög og stjórnvöld við útgáfu verðbréfa og hafa milligöngu um miðlun þeirra til fjárfesta. Ég get ekki séð að það sé aðkallandi að aðskilja þetta frá annarri bankastarfsemi.“

Höskuldur segir að í umræðu hér hafi menn gjarnan sleppt því að aðgreina það sem kalla má fjárfestingar eða fjárfestingarstarfsemi,



**HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON**

stöðutöku á eigin reikning, og annars konar fjármálalega milligöngu sem fjárfestingarbankar stunda. „Í sjálfu sér hefur maður ekkert við það að athuga að fjárfestingarstarfsemi verði settar einhverjar skorður eins og reyndar er búið að gera að ákveðnu marki. En mér finnst mikilvægt atriði að menn byrji á byrjuninni og skilgreini þá tilteknu þætti í fjárfestingarbankastarfsemi sem talið er æskilegt að skilja frá annarri bankastarfsemi. Þessar aðgerðir erlendis, til dæmis í Bandaríkjunum, hafa enda miðað að því og þar er hvergi verið að tala um algjöran aðskilnað. Hér á Íslandi virðast sumir hins vegar vilja ganga lengra og hafa frumkvæði að einhverjum stórkostlegum umbótum á fjármálakerfi heimsins. Ég hélt að við værum komin yfir það að ætla okkur slíkt hlutverk.“

Loks segir Höskuldur ástæðu myndunar alhliða bankar þá að ábati sé fólginn í því að samnýta innviði þeirra ólíku starfsemi sem bankar standi fyrir. Það auki hagkvæmni og þjónustuframboð sem sé til hagsbóta fyrir viðskiptavini. „Í þessari umræðu er enginn að tala um hagsmuni viðskiptavinanna. Ef að til kemur þá verður þjónustan einfaldlega fábrotnari og samkeppni minni.“

**Yfir hverju eru stjórnendur andvaka?**

**Attentus - mannauður og ráðgjöf** stendur fyrir ráðstefnu fimmtudaginn 8. nóvember kl. 8.30 - 10.30 í Turninum, Kópavogi.

Hvernig geta stjórnendur aukið rekstrarárangur með stefnumiðaðri mannauðsstjórnun?

Frummælandi er **Paul Kearns** höfundur bókarinnar HR Strategy - *Creating business strategy with human capital.*

Aðrir fyrirlesarar: **Katrín Pétursdóttir**, forstjóri Lýsis, og **Ragnar Þór Jónsson**, forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar. Ráðstefnustjóri er **Hulda Bjarnadóttir**, framkvæmdastjóri FKA.

Skráning og frekari upplýsingar á **Attentus.is**





ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

## Morgunverðarfundur:

# Öryggismessa á snjallsímaöld

## – Opinn fundur Advania föstudaginn 9. nóvember



**Advania heldur föstudagsmessu um öryggi á snjallsímaöld í morgunsárið 9. nóvember. Aðalpredikari dagsins er Rik Ferguson, einn vinsælasti fyrirlesari öryggisheimsins.**
Rik er fróðleiksbrunnur með 20 ára reynslu og ákaflega skemmtilegur á sviði. Hann er yfirmaður rannsókna, þróunar og samskipta hjá öryggislausnarisanum Trend Micro. Einnig troða nokkrir gestafyrirlesarar upp, meðal annars frá Valitor og Auðkenni.

### „WHAT THE HACK IS GOING ON?“

Í fyrirlestri sínum mun Rik ræða helstu ógnir samtímans við stafrænt öryggi, skoða áberandi stefnur og strauma og velta upp spurningum um markvissar árásir á tölvukerfi og öryggisvarnir fyrir snjallsíma og annan „mobile“ tölvubúnað. Rik mun einnig sýna í rauntíma hversu auðvelt er að hakka óvarða farsíma, komast í gögn og stýra samskiptum.

### Hvar og hvenær

Föstudagsmessan verður haldin í höfuðstöðvum Advania, Guðrúnartúni 10, kl. 8.00 til 10.30, föstudaginn 9. nóvember. Húsið verður opnað kl. 8 og dagskráin hefst stundvíslega kl. 8.30.

### Skráning

Skráðu þig á **advania.is** – Aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrými leyfir.

TREND MICRO

Taktu þátt á Twitter:
**#HakkMessa**

### Dagskrá:

| | |
|---|---|
| 8.00 | **Húsið opnað**<br>Gómsætur morgunverður að hætti hússins |
| 8.30 | **Advania býður góðan dag**<br>Gestur G. Gestsson forstjóri |
| 8.40 | **Hermann Þór Snorrason, Landsbankanum**<br>Næsta kynslóð netöryggis – Lyklarnir kvaddir |
| 9.00 | **Haraldur Bjarnason, Auðkenni**<br>Öryggislausnir á ferð og flugi |
| 9.20 | **Steinar Guðmundsson, Valitor**<br>112 og Veskið; öryggi í alfaraleið |
| 9.40 | **Rik Ferguson, Trend Micro**<br>What the hack is going on? |
| 10.30 | **Messulok** |

advania
Welcome to IT

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-2469

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

klinkið
**Magnús Orri Schram alþingismaður.** vísir

ERLENT MYNDBAND
**Buffet horfir í grunnreksturinn.** vísir

Hin hliðin



VILBORG ALDÍS RAGNARSDÓTTIR

## Skapandi hugsun og verðmæti hennar

Skapandi hugsun getur átt stóran þátt í að marka stefnu í eigin lífi og starfi. Hún getur einnig hjálpað okkur að líta lengra en reynsla okkar nær og að bregðast á sveigjanlegan hátt við hinum ýmsu aðstæðum.

Þegar þessari aðferð er beitt getur það þýtt frekari vöxt og jafnvel verið lykillinn að velgengni, hvort sem um er að ræða vöruþróun, framleiðslu, markaðssetningu vöru eða þjónustu.

### Að vera sýnilegur

Markaðssetning og söluaðferðir skipta miklu máli um velgengni fyrirtækis.

Mikilvægur þáttur í markaðssetningu vöru og þjónustu er að setja sér ákveðið markmið í upphafi um hvernig best er að kynna vöru. Hvernig og hvar er best að koma vöru í kynni við kaupanda? Merktu vöru þína. Það getur skilað sér í trausti kúnna á vöruna, einnig er þetta tiltölulega ódýr kynning til lengri tíma litið. Um leið og kúnninn fer að þekkja vöru/þjónustu þína og hvernig hún virkar leiðir það oftar en ekki til frekari sölu í áframhaldi. Því fleiri kaupendur, þeim mun betri kynning.

Það að taka þátt í viðburðum, s.s. málþingum, er öflug leið til þess að byggja upp tengslanet. Tengslanet er ómetanlegur þáttur í viðskiptalífi okkar; að þekkja rétta fólkið og taka þátt, fá fréttir af nýjungum o.fl.

Mikilvægt er að leita til fjölmiðla þegar markaðssetja á vöru. Auglýsing í réttum miðlum, kynningar og viðtöl hafa ótvíræð áhrif. Áhrifaríkust eru viðtöl þegar um mannlega greiningu á viðkomandi vöru er um að ræða. Samtöl við hönnuði, framkvæmdastjóra o.s.frv. um viðfangsefnið, sem verður að vera vel útskýrt á mannamáli, tilleiðsla og útfæring.

Bein markaðssetning gefur þér það forskot að fá ákveðin viðbrögð frá markhópum/kaupanda. Netsamskipti, símhringingar, kynningar eða sú aðferð sem færir þig nær viðskiptavini þínum er einnig stór þáttur í að auka umsvif.

### Að auka viðskipti við núverandi kúnna gæti verið auðveldara en að afla nýrra viðskiptavina.

Af hverju? Viðkomandi viðskiptavinur sem þekkir þínar vörur og hefur átt viðskipti er (óméðvitað) sölumaður vöru/þjónustu þinnar. Mestu skiptir að veita góða og trausta þjónustu þeim sem skipta við þig því ef svo er kemur það vörunni til góðs með aukinni sölu í annarri vöru eða þeirri sömu sem fyrirtæki þitt framleiðir.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
MEIRA SKÚBB
vísir - oft á dag



Við tökum ekki óþarfa áhættu í viðskiptum

Ákvarðanir okkar eru byggðar á traustum upplýsingum

Við notum þjónustuvef Creditinfo til að nálgast ýmsar fjárhags- og viðskiptaupplýsingar. Þjónustan er aðgengileg, sparar tíma og eykur öryggi í rekstri Virðingar.

**Brynjólfur Þór Gylfason** - *Fjármálastjóri Virðingar*

VIRÐING VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Virðing hf. er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjárfesta.

INFO

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.CREDITINFO.IS

Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík
Sími: 550 9600 • Fax: 550 9601

ÞRÁÐLAUS PRENTUN ÚR FARSÍMA EÐA SPJALDTÖLVU



**Frelsaðu þig frá snúrunum og veldu þráðlausan litprentara frá Samsung – CLP-325WSEE!**
Frábær kostur fyrir lítil fyrirtæki og heimili. Afar einfaldur í uppsetningu með hágæða **litaprentun**. Flott hönnun, prentarinn passar auðveldlega nánast hvar sem er.
Tilboðsverð kr. 36.900,-



**FJÖLNOTAPRENTARINN SCX-3405FW er einfaldur í notkun og hagkvæmur í rekstri.**
Prentar, skannar, ljósritar og fax 20 bls á mínútu í prentun **ECO PRINT** hnappur sparar tóner, pappír og orku
Verð 39.900 kr



**Samsung ML-2160 er einstaklega þægilegur laser prentari, lítill og nettur.**
Hentar sérlega vel fyrir skólafólk og litlar skrifstofur. Prentar 20 bls./mín í 1200x1200dpi upplausn. Fyrsta blaðsíða út eftir aðeins 8,5 sek. Styður við Windows, Mac og Linux. Tengjanlegur með USB.
Tilboðsverð kr. 15.900,-

HÁGÆÐA VINNUDÝR Á UNDRAGÓÐU VERÐI!

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
samsungsetrid.is

# Félagsmiðstöðvadagurinn 7. nóvember



# SAMFÉS

## Samtök félagsmiðstöðva

Samfés eru frjáls félagasamtök 108 félagsmiðstöðva á Íslandi sem standa fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir unglinga á hverju ári.

Vissir þú að 74.2% unglinga í 9. og 10. bekk taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi?

www.samfes.is
www.facebook.com/samfes

## Félagsmiðstöðvadagurinn

Í dag er Félagsmiðstöðvadagurinn haldinn hátíðlegur.

Af því tilefni taka félagsmiðstöðvar um allt land vel á móti gestum og kynna starfsemi sína.

Kynntu þér hvað er í boði í félagsmiðstöðinni í þinni heimabyggð!



**ALBERT CAMUS** heimspekingur (1913-1960) fæddist þennan dag.
*„Ekkert er fyrirlitlegra en virðing sem byggist á ótta.“*

HUGRÚN HRÖNN KRISTJÁNSDÓTTIR: SKRIFAÐI BÓK UM KOMU BARNANNA Í HEIMINN

# VIÐ FÆÐUMST INN Í ALLS KONAR FJÖLSKYLDUR

Þessi hugmynd kviknaði fyrir alvöru síðastliðið vor þegar ég rakst á bók sem ég kannaðist við frá því að ég var krakki,“ segir Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir um tilurð bókarinnar Hulstur utan um sál, þar sem hún útskýrir fyrir börnum á nýstárlegan hátt hvernig þau urðu til. „Þessi bók sem ég rakst á heitir Svona verða börnin til og fjallar um móður og föður og barnið þeirra. Ég mundi þá eftir því að þegar ég var lítil að skoða þessa bók fannst mér hún ekki eiga við mína fjölskyldu því ég ólst upp hjá mömmu minni og langafa. Ég fór að velta þessu fyrir mér og skoða fleiri bækur um þetta efni og fannst vanta bók sem útskýrir að það verða ekkert öll börn til í hjónabandi, við fæðumst inn í alls konar fjölskyldur. Þá datt mér í hug að gera bók sem fjallaði um þennan fjölbreytileika sem samfélagið endurspeglar.“

Útgangspunkturinn er sál sem bíður eftir því að fá úthlutað líkama og fjölskyldu. Hvers vegna? „Það er svona smá skáldaleyfi. Ég velti því fyrir mér hvernig ég ætti að setja þetta fram og þessi hugmynd kom til mín. Sennilega trúi ég því bara að þannig sé þetta.“

Myndirnar í bókinni eru mjög sérstæðar, en þær eru samstarfsverkefni Hugrúnar, Unnar Valdísar Kristjánsdóttur og Hólmsteins Össurar Kristjánssonar. „Upphaflega gerði ég frumdrögin að bókinni, teiknaði allar myndirnar og skrifaði textann. Mig langaði samt að fara aðeins lengra með þessar myndir og fékk Unni vinkonu mína, sem er útskrifuð úr Listaháskólanum, í lið með mér og hún hjálpaði mér að þróa þær áfram. Síðan kom Hólmsteinn bróðir minn, sem er grafískur hönnuður, inn í þetta líka þannig að myndirnar í endanlegri gerð eru samvinna okkar þriggja.“

Það kemur fram í káputexta að bókin sé hugsuð fyrir lestrarsamveru foreldra og barna. Átt þú börn sem þú gast æft textann á? „Ég á þrjú börn en þau eru orðin of gömul til að ég lesi fyrir þau. En ég lánaði mínum nánustu handritið og þau lásu það með sínum börnum. Það hefur hlotið mjög góðar undirtektir og krakkarnir spjalla um efnið fram og til baka.“ fridrikab@frettabladid.is



**SKÁLDALEYFI** Hugrún segir hugmyndina um sálina sem bíður eftir líkama og fjölskyldu hafa komið til sín og hún hafi ákveðið að nota hana sem útgangspunkt í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur og bróðir,

**HALLDÓR NILSSON (DORIT)**
**Keilusíðu 12, Akureyri,**

lést fimmtudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Stofnaður hefur verið styrktarreikningur 0121-05-407271, kt. 010483-4849.

**Katrín Aðalsteinsdóttir**
**Þóra Zophoníasdóttir**
**Nils Erik Gíslason**
**Margrét Sigurðardóttir**
**Guðbjörg Emilía Walker**
**Elín Stengrimsen**
**Aðalsteinn Björnsson**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN K. PÁLSSON**
**prentari,**
**Dísaborgum 4, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi sunnudaginn 4. nóvember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Kristín Jóna Guðlaugsdóttir**
**Gunnar Örn Kristjánsson** **Birna H. Rafnsdóttir**
**Hafþór Kristjánsson** **Sólveig Björk Jakobsdóttir**
**Steinar Kristjánsson** **Sigríður Rósa Víðisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Við þökkum auðsýnda vináttu, samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**LAUFEYJAR GARÐARSDÓTTUR**
**Brekkugötu 36, Akureyri.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Umönnunar-heilbrigðisþjónustu og í Skógarhlíð fyrir þá alúð og virðingu sem Laufey varð aðnjótandi í veikindum sínum.

**Sigurður Jóhannesson**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Sveinn Helgi Sverrisson**
**Laufey S. Sigurðardóttir**
**Sigurður Árni Sigurðsson** **Guðrún Hálfdánardóttir**
**Elín S. Sigurðardóttir** **Hallgrímur Magnússon**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**INGIBJÖRG JÓNASDÓTTIR**
**húsmóðir og tónlistarkona frá Suðureyri við Súgandafjörð,**

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu Hafnarfirði föstudaginn 2. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. nóvember kl. 15.00.

**Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir** **Ágúst Ágústsson**
**Ellert Guðmundsson**
**Kolka Hvönn Ágústsdóttir**
**Ingibjörg Aþena Ellertsdóttir**
**Ragnar Jónasson**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN VALDIMAR ÞORSTEINSSON**
**fv. feldskeri,**
**Silfurteigi 6, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 30. október, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 11.00.

**Anna Margrét Cortes**
**Björg Cortes Stefánsdóttir** **Halldór I. Elíasson**
**Steinunn Guðbjörg Stefánsdóttir**
**Stefán Valdimar Halldórsson**
**Anna Margrét Halldórsdóttir** **Haraldur Darri Þorvaldsson**
**Steinar Ingimar Halldórsson** **Xue Li**
**Halldór Alexander, Jökull Ari og Hugrún Eva Haraldsbörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla
Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson
Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**HELGU JÓNSDÓTTUR**
**frá Reynistað, Akranesi,**

síðast til heimilis að Sóltúni, Reykjavík, sem lést 12. október sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns í Reykjavík.

**Sigrún Stella Jónsdóttir** **Jón Þorvaldsson**
**Þórarinn Jónsson** **Sigríður Halla Sigurðardóttir**
**Magnús Þór Jónsson** **Þórunn Þórisdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LÁRA HERBJÖRNSDÓTTIR**

er lést 27. október að Hrafnistu í Kópavogi, áður til heimilis að Ásgarði 63, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 9. nóvember nk. klukkan 13.00.

**Ásgerður Ásgeirsdóttir** **Magnús Bjarnason**
**Guðbjörn Ásgeirsson** **Nanna Þórðardóttir**
**Árný Ásgeirsdóttir** **Sigurþór Jóhannesson**
**Einar Ásgeirsson** **Súsanna Sigurbjargardóttir Forberg**
**Kjartan Sveinsson** **Anna María Elíasdóttir**
**Ásgeir Sveinsson** **Helga Sævarsdóttir**
**Hanna Lára Sveinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HELGA PÁLSDÓTTIR**
**frá Hnífsdal, Hlíf 2,**
**Ísafirði,**

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 29. október, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 10. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði eða Krabbameinsfélagið Sigurvon.

**Guðrún Skúladóttir**
**Páll Skúlason** **Jóhanna Einarsdóttir**
**Guðfinna Skúladóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Helga Skúladóttir** **Hilmar Sigursteinsson**
**Sólveig Gísladóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR**
**frá Klauf, Eyjafjarðarsveit,**

lést föstudaginn 2. nóvember á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Geir Guðmundsson** **Heiðbjört Eiríksdóttir**
**Hólmfríður Guðmundsdóttir** **Jón Eggertsson**
**Guðný Ósk Agnarsdóttir**
**Leifur Guðmundsson** **Þórdís Karlsdóttir**
**Anna Sigríður Guðmundsdóttir** **Haukur Geir Guðnason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

Verðlaunaðu þig með

# Weetos!




Vöruúrvalið í 10-11
er frábært og þar færðu
að sjálfsögðu Weetos
sem er alltaf jafn
ljúffengt og gott.

10-11

Fljótlegt og þægilegt

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** pot, **8.** langar, **9.** húðsepi milli táa, **11.** komast, **12.** raup, **14.** land, **16.** persónufornafn, **17.** sigað, **18.** ról, **20.** drykkur, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** tveir eins, **4.** nákvæmlega, **5.** hamfletta, **7.** duttlungar, **10.** traust, **13.** dvelja, **15.** viðlag, **16.** ris, **19.** gjaldmiðill.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** ot, **8.** vil, **9.** fit, **11.** ná, **12.** skrum, **14.** túnis, **16.** þú, **17.** att, **18.** ark, **20.** te, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** vv, **4.** einmitt, **5.** flá, **7.** tiktúra, **10.** trú, **13.** una, **15.** stef, **16.** þak, **19.** kr.









# Synd og skömm

**BAKÞANKAR**
Svavar Hávarðsson

Ofbeldi getur tekið á sig alls konar myndir. Við heyrum sögur á hverjum degi; þær eru okkur oftast óviðkomandi og fátt hægt að gera annað en að fordæma verknaðinn í hljóðlátri reiði. Stundum er öllum samt svo ofboðið að þeir geta ekki orða bundist, enda er þá verknaðurinn með slíkum ólíkindum að fagfólk er ráðið til að rannsaka málið í smáatriðum og senda frá sér skýrslur. Ein slík var birt á dögunum og hver sá sem kynnir sér efni hennar hlýtur að velta fyrir sér hversu langt er hægt að ganga í að meiða aðra og komast upp með það. Meiða börn.



**SPURNINGARNAR** sem vakna eru fjölmargar og snúast ekki síst um hver vissi hvað og hvenær. Hverjir tóku heiður hússins umfram grundvallarréttindi hóps barna og ungmenna og létu ofbeldið líðast, sem var kerfisbundið að því að verður best séð og viðgekkst í krafti óskoraðs valds?

**ÞEGAR** við erum minnt á glæpi fortíðarinnar er kannski ekki margt annað að gera en að hugsa til framtíðar. Á sama tíma og við verðum að treysta því að allt verði gert til að rétta hlut þeirra sem hefur verið brotið á í fortíðinni, þá verðum við að reyna að fækka þolendum ofbeldis í dag og á morgun. Þetta er ekkert einfalt mál, en tækifærin til þess að leggja sitt á vogarskálarnar eru oft og tíðum ekki langt undan.

**Á MORGUN** verður í annað sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti og við erum sem samfélag hvött til að standa saman gegn þessu meini í samfélaginu, ekki síst í skólunum og á vinnustöðum. Kerfisbundin misnotkun valds á sér nefnilega stað allt í kringum okkur og er ein af skilgreiningum eineltis. En þetta veistu. Getur einhver í sannleika sagt að hann þekki ekki dæmi um einelti? Hversu mörg okkar hafa orðið fyrir einelti eða beitt þessu mannskemmandi ofbeldi? Já, eða staðið hjá lömuð af ótta við að verða næst? Það er kannski langt síðan það var, en breytir því samt ekki að á hverjum degi er einhver í þessum sporum og oftast þeir sem geta ekki borið hendi fyrir höfuð sér; eins og níðingurinn veit manna best.

**KANNSKI** vill einhver halda því fram að það sé óviðeigandi að minna á baráttudag gegn einelti í samhengi við glæpina sem fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar. Ég held ekki, því allt er þetta sprottið af sama meiði og hverfist um það sama: Synd og skömm.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Ford

* Ford Focus Trend 5 dyra 1,0 EcoBoost bensín, 125 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan grænan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 2.000.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,56%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# menning

menning@frettabladid.is

**ÍKONAR Í GERÐUBERGI** Gríski listamaðurinn Konstantinos Zaponidis opnar sýninguna Himneskur gluggi á kaffihúsi Gerðubergs klukkan 18 í dag. Á sýningunni eru hefðbundnir býsanskir íkonar sem unnir eru í egg tempera og akrýl. Myndirnar á sýningunni eru samkvæmt hefðinni og fylgir hann býsanskri listsköpun. Á handverkskaffi klukkan 20 ræðir Zaponidis sögu íkona og gildi þeirra. Karl Sigurbjörnsson og Sigurður A. Magnússon halda einnig tölu.

Tónleikar ★★★☆☆

**Rossini: Petite messe solenelle.**

Óperukórinn í Reykjavík undir stjórn Garðars Cortes. Einsöngvarar: Þóra Einarsdóttir, Garðar Thór Cortes, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Jóhann Smári Sævarsson.

**Laugardagur 3. nóvember**

## Hvorki lítil né alvarleg

Rossini (1792-1868) samdi aðallega óperur, en rétt fyrir fertugt hætti hann því. Ástæðurnar eru ekki kunnar. Kannski var hann bara orðinn svo ríkur að hann þurfti ekki lengur að vinna fyrir sér. Hugsanlega átti hann við þunglyndi að stríða; móðir hans dó um það leyti sem hann hætti að semja. Svo getur líka verið að hann hafi einfaldlega séð fram á að hann myndi fljótlega detta úr tísku. Listaheimurinn var ört að breytast. Fólk fór að vilja öðruvísi tónlist en þá sem hann kunni svo vel að búa til. Hann gat ekki höndlað það.

Nokkrum árum fyrir dauða sinn samdi hann þó messu sem hann kallaði Petite messe solennelle, eða „Litla alvarlega messu". Nafnið var brandari, því messan er hvorki lítil né alvarleg. Hún er fyrir kór og einsöngvara, píanó og harmóníum, þ.e. stofuorgel. Stíllinn er léttur og óperukenndur, fallegar laglínur eru óteljandi. Þetta er hrífandi tónlist. Þrátt fyrir að verkið taki rúman klukkutíma er þar hvergi dauðan punkt að finna.

Á laugardaginn var messan flutt af Óperukórnum í Reykjavík undir stjórn Garðars Cortes. Tónleikarnir fóru fram í Langholtskirkju. Hólmfríður Sigurðardóttir spilaði á píanó, en Jón Stefánsson á harmóníum. Þau léku bæði prýðilega, en það heyrðist ekki mikið í þeim síðarnefnda. Stofuorgel er ekki kraftmikið hljóðfæri. En þegar það er haft fyrir aftan stóran konsertflygil þarf ekki að spyrja að leikslokum. Var ekki hægt að stilla þessu upp einhvern veginn öðruvísi?

Kórinn söng ágætlega, það var líf og fjör í túlkuninni, stíllinn fyllilega í anda Rossinis. Tenórarnir voru að vísu stundum dálítið aðþrengdir á efstu tónunum, en það var ekki mjög áberandi.

Einsöngurinn var oft áhrifamikill. Þóra Einarsdóttir sópran var frábær að vanda, hin fagra, dillandi rödd hennar naut sín fullkomlega í hinu létta andrúmslofti tónlistarinnar. Garðar Thór Cortes tenór var líka framúrskarandi; ég er ekki frá því að rödd hans hafi stækkað síðan ég heyrði í honum síðast.

Jóhann Smári Sævarsson bassi hefur hins vegar átt betri daga. Á tónleikunum hljómaði sumt eins og hlutverkið væri hreinlega of hátt fyrir hann. Kannski var hann bara ekki í góðu formi. Hann virtist þurfa að hafa verulega mikið fyrir því sem hann var að gera.

Loks ber að nefna Sigríði Ósk Kristjánsdóttur messósópran. Hún söng margt afar fallega. Röddin var þó dálítið kuldaleg, a.m.k. samanborið við rödd Þóru. Hún þarf að klæða hana meiri mýkt. Auk þess yfirgnæfði kórinn hana á tímabili í lokaatriðinu, sem var auðvitað mjög leiðinlegt. Messósópran er á tónsviði sem auðvelt er að valta yfir. Hér hefði stjórnandinn átt að huga betur að styrkleikajafnvæginu.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Líflegur en dálítið misjafn flutningur á skemmtilegri messu eftir Rossini.


Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir



Skrifstofur okkar á Akureyri og Reykjavík verða lokaðar eftir hádegi

miðvikudaginn 7. nóvember 2012 vegna útfarar Dýrleifar Kristjánsdóttur héraðsdómslögmanns.

LEX Gjaldskil




MYNDLISTARMAÐURINN OG GRASAFRÆÐINGURINN „Eggert er plöntunum trúr þó að einnig sé auðvelt að njóta verka hans án þess að vita nokkuð um þær," segir Þóra Ellen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Viðbótarvídd við listina

**Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasafræðingur kryfur blómamyndir Eggerts Péturssonar út frá sinni fræðigrein á málþingi í Öskju, Sturlugötu 7, í kvöld milli klukkan 20 og 22. Andri Snær Magnason rithöfundur fjallar um listamanninn sem verður með fyrirlesurum í pallborði í lokin.**

„Ég veit ekkert hvað Þóra ætlar að segja, verð bara eins og hver annar áheyrandi þar til að pallborðinu kemur," segir myndlistarmaðurinn Eggert Pétursson um málþingið í Öskju í kvöld þar sem grasafræðingurinn Þóra Ellen fjallar um myndir hans. Þóra telur aðgengilegt og áhugavert að skoða verk Eggerts út frá grasafræðilegu sjónarhorni, efnistök hans séu þannig. „Hann tekur oft afmarkaða hluti fyrir, gróður sem einkennir vissa landshluta, plöntur af tilteknum ættum eða ákveðnum búsvæðum og stundum leikur hann sér með blómaliti," nefnir hún sem dæmi. „Eggert er plöntunum trúr þó einnig sé auðvelt að njóta verka hans án þess að vita nokkuð um þær. Þessi fræðilega nálgun bætir bara viðbótarvídd við upplifun af list hans."

Hugmyndin að málþinginu varð til eftir að blómafræðingur var með leiðsögn um sýningu hans úti í Finnlandi. „Fræðingurinn talaði í yfir klukkutíma á finnsku en ég skildi ekki stakt orð," segir Eggert brosandi. „Sýningin þar hét Arctic-flóra því íslenska flóran er hluti af heimskautaflórunni. Samarnir eiga meira segja sama þjóðarblóm og við Íslendingar, holtasóleyna," upplýsir hann.

Málþingið í Öskju tengist útgáfu Crymogeu á bók með verkum Eggerts og einnig sýningu hans í Gallerí I8 í Tryggvagötu 16, sem opnuð var í síðustu viku. Þóra segir auðvelt að njóta mynda hans bæði úr fjarlægð og nálægð, rétt eins og gróðurs. „En þetta eru listaverk og því ekki náttúruupplifun," tekur hún fram og bætir við að Andri Snær Magnason rithöfundur ætli að fjalla um listamanninn Eggert Pétursson. Síðan verði pallborðsumræða á eftir þar sem Eggert sitji fyrir svörum ásamt Andra Snæ og henni.

**gun@frettabladid.is**

# Óþægilegur samfélagsspegill

Leikhús ★★★★☆

**Gullregn**

Borgarleikhúsið

**Höfundur og leikstjóri:** Ragnar Bragason. Leikarar: Sigrún Edda Björnsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir og Halldór Gylfason.

Ragnari Bragasyni lætur vel að skapa sérlega ógeðfelldar persónur og bætist nú fals-öryrkinn Indíana Jónsdóttir, konan sem leikverkið Gullregn hverfist um, í hóp þeirra allra óyndislegustu. Það skín í gegnum persónusköpunina hversu mjög teymið hefur notið þess að draga fram allt hið ómerkilegasta úr samtímanum, eiginleika sem er freistandi að kalla séríslenska en eru auðvitað bara sammannlegir. Indíana er sérhlífin, tilætlunarsöm, ráðrík, fordómafull og sjálfmiðuð með eindæmum, þambar diet kók, flatmagar í Lazyboy og lifir fyrir árlegu Spánarferðina sína – sem hún lætur Tryggingastofnun borga.

Indíana er leikin af Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, sem er á sviðinu nálega allan tímann. Sigrún Edda dregur þennan kvenvarg upp af næmni, hún skiptir snarlega um viðmót eftir því hvernig vindurinn blæs og gerir það fullkomlega trúverðugt að konan sé svona illa innréttuð.

Nágrannakonan Jóhanna er illa farin eftir slys og spaugilega aumkunarverð í tilburðum sínum til að lifa af. Hún er Indíönu nauðsynleg stoð og stytta en fær



lítið að launum fyrir erfiðið. Halldóra Geirharðsdóttir lék Jóhönnu, gerði það af mikilli alúð, kitlaði hláturtaugar og vakti samúð í senn.

Heilsufarsblekkingar Indíönu ná líka til sonar hennar, Unnars, sem hún hefur alla tíð alið upp sem sjúkling, og ganga lygar hennar svo langt að hann hálftrúir því sjálfur að hann sé haldinn ýmsum kvillum. Hallgrímur Ólafsson er í hlutverki hans og ég man varla eftir að hafa séð Hallgrím gera betur, hann dregur áhorfendur með sér upp og niður tilfinningaskalann eftir því sem þroskasögu Unnars vindur fram.

Verkið fjallar um það þegar tilveru Indíönu er ógnað við það að sonurinn, kominn hátt á fertugsaldur, fer að sýna óþægilega sjálfstæðistilburði. Í ofanálag kynnist hann konu sem fær hann til að efast um allt það sem móðir hans hefur kennt honum. Hin fróma Daniela er pólskættuð stúlka sem vinnur á elliheimili og starfar í björgunarsveit og er raunar eina manneskjan með viti meðal hinna úrkynjuðu Íslendinga.

Fyrir hlé eru aðstæður teiknaðar upp en eftir hlé fer að færast fjör í leikinn og ljóst að einhver mun bíða algjöran ósigur. Í þessum síðari hluta fór verkið aðeins úr böndunum, harmleikurinn hefði sennilega vaxið við að vera smærri í sniðum, en samt er innistæða fyrir minnisstæðum endalokunum.

Leikmynd Hálfdáns Pedersens er ofurraunsæisleg, ótrúlega nostursamlega unnin og segir áhorfendum drjúgt um húsmóðurina áður en leikurinn hefst. Sami bragur er á afbragðsgóðum búningum Helgu Rósar V. Hannam.

Mugison sér um tónlistina og gegnir hljóðmyndin ríku hlutverki í verkinu, en hljóðheimur blokkaríbúðar er skapaður á sviðinu.

Gullregn á það sameiginlegt með fyrri verkum Ragnars Bragasonar, eins og Vakta-seríunum, að vera bráðfyndið en er samt svo einlægt í annarleik sínum að það er hálfóþægilegt að hlæja að því. Það fjallar um alvarleg samfélagsmein, en líka um það hvernig mennskan sjálf krypplast og afbakast við vissar aðstæður.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Ragnar Bragason stendur undir væntingum aðdáenda sinna með flottu teymi listamanna. Húmor og sársauki í bland.

# Þakklæti

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar landsmönnum ómetanlegan stuðning við björgunarsveitir félagsins síðustu daga.

Um síðustu helgi seldu félagar Slysavarnafélagsins Landsbjargar Neyðarkall björgunarsveita. Óveður raskaði sölunni og minnti þannig með táknrænum hætti á mikilvægi öflugra björgunarsveita í landinu.

Kærar þakkir.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 7, 9, 10(P) | 12 |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA 2D | 6 | 7 |
| TEDDI 2D | 6 | L |

SAMBÍÓIN
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI
007




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ARGO | FORSÝNING KL. 8 | 12 |
| HOUSE AT THE END... | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| HOUSE AT THE END... VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| FRANKENWEENIE ÍSL. TEXTI Í 3D | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| END OF WATCH | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 12 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END.. | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10:20 | 12 |
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 | 16 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 - 8 | L |
| LOOPER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI 007
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 8 - 10:20 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 8 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




KÍNVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 中国电影节 HÁSKÓLABÍÓ 2.-8. NÓVEMBER
Dagskrá og miðasala á Miði.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10.10 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.40 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| TAKEN 2 | KL. 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 5.50 | 7 |
| SKYFALL KL. 6 - 9 12 / TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 | L |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| FLYING SWORDS KL. 5.40 14/ LOVE IS NOT BLIND | KL. 8 | 10 |
| MY MONGOLIAN MOTHER | KL. 10 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 | 10 |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio





**NÝJAR TÖLVUR** Apple kynnti fjórðu kynslóð iPad-spjaldtölvunnar og nýjan iPad mini sem á að taka fastar á samkeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölmargir kostir í lítilli skel

**Bandaríski tölvurisinn Apple hefur kynnt tvær nýjar útgáfur af iPad-spjaldtölvu sinni. Um er að ræða uppfærslu á hinum hefðbundna iPad og nýja, minni og mun nothæfari gerð.**

## NOKKRIR MIKILVÆGIR PUNKTAR

| | iPad 4 | iPad mini |
|---|---|---|
| **Flass með myndavél** | Nei | Nei |
| **Skjástærð** | 9,7 tommur | 7,9 tommur |
| **Minni** | 16, 34 og 64 GB | 16, 34 og 64 GB |
| **Myndavél** (að aftan) | 5,0mp | 5,0mp |
| **Myndbandsupptaka** | 1080p | 1080p |
| **Myndavél** (að framan) | 1,2 mp | 1,2mp |
| **Myndbandsupptaka** | 720p | 720p |

„Sjö tommu spjaldtölvur falla í milliflokk: þær eru of stórar til að keppa við snjallsíma en of litlar til að keppa við iPad,“ sagði Steve heitinn Jobs, fyrrverandi forstjóri Apple, um samkeppnina sem Google, Samsung, Amazon og fleiri tölvuframleiðendur voru þegar farnir að veita Apple á spjaldtölvumarkaðinum.

Jobs spáði sjö tommu spjaldtölvum skjótum dauða eða fjörugu lífi. Nú, réttu ári eftir fráfall hans, hefur Apple gefið út fyrstu spjaldtölvuna í þessum milliflokki; iPad mini.

Tim Cook, eftirmaður Jobs sem forstjóri Apple, kynnti tvær nýjar spjaldtölvur 16. október, fjórðu kynslóð af iPad í hefðbundinni stærð og iPad mini. Sala á báðum tækjum hófst 2. nóvember í 35 löndum, þar með talið á Íslandi.

Litli iPadinn er settur til höfuðs vörum frá keppinautum Apple á tölvumarkaðinum. Google Nexus 7-tölvan og Amazon Kindle Fire-tölvan hafa helst verið nefndar í þessu sambandi. Allar þrjár eru í sama stærðarflokki.

Ódýrustu útgáfurnar af iPad mini og Nexus 7 fást á tæpar 60 þúsund krónur á Íslandi. Kindle Fire fæst sendur hingað til lands á um það bil 40 þúsund krónur.

### Gamli orðinn klunnalegur

Litli iPadinn er lítill og nettur. Við fyrsta samanburð gerði blaðamaður ekki ráð fyrir að iPad mini myndi eiga vinninginn gagnvart iPad 4. En á endanum reyndust fjölmargir kostir leynast í litlu skel.

Ipad mini er mjög léttur miðað við iPad 4. Það skiptir sköpum þegar tækið er notað, sérstaklega við lestur. Munurinn er eins og að fara með kilju upp í rúm eða stóra alfræðiorðabók. Stóri iPadinn verður fljótt of þungur.

Skjárinn á iPad mini er einnig merkilega flottur. Hann er örlítið stærri en á Kindle eða Nexus, 7,9 tommur, og fyllir nánast alveg út í brúnir tækisins.

Ipad mini notar sömu skjátækni og notuð var í iPad 2. Upplausnin í skjá iPad 4 er fjórum sinnum betri en á iPad mini. Kvikmyndir í háskerpu og mjög djúpar ljósmyndir njóta sín því betur á 9,7 tommu skjá iPad 4. En í daglegri notkun skiptir þessi staðreynd litlu.

Ipad 4 er öflugri en litli bróðir sinn, notast við tvíkjarna örgjörva frá Apple. Þó skjárinn sé lítill er auðvelt að nota lyklaborðið, jafnvel þægilegra en á stóra iPadinum því iPad mini fer svo vel í hendi.

### Bilið betur brúað

Þegar öllu er á botninn hvolft verður að hugsa til þess hvernig spjaldtölvan er notuð. Snjallsímar eru orðnir jafn mikil almenningseign og fartölvur. Margir spyrja sig því hvort spjaldtölvur séu raunverulega nauðsynlegar í safnið.

Spjaldtölvur eru þægilegar vilji fólk endilega hafa með sér tölvu í ferðalög. Innbyggð þráðlaus nettenging um 3G og 4G er hentug á þjóðveginum eða í sumarbústaðnum. Fartölvan gæti reynst fremur fyrirferðarmikil en snjallsíminn of lítill.

Að mati blaðamanns brúar iPad mini þetta bil mun betur en iPad 4. Léttara, notendavænna og meðfærilegra tæki hlýtur að hafa vinninginn þrátt fyrir smávægilega galla. **birgirh@frettabladid.is**

# Grét lengi eftir Depp

Kate Moss grét endalok sambands síns og Johnny Depp í mörg ár. Þetta segir hún í nýju viðtali við tímaritið Vanity Fair.

„Það er enginn sem hefur í raun getað hugsað um mig. Johnny gerði það í svolitla stund. Ég trúði öllu sem hann sagði. Ef ég spurði hann ráða sagði hann mér hvað ég ætti að gera. Það var þetta sem ég saknaði þegar ég fór. Ég saknaði þess að geta treyst manneskju. Þetta var martröð, ég grét í mörg ár. Ó, tárin sem ég grét!“ sagði fyrirsætan um samband sitt við leikarann.

Moss er hamingjusamlega gift tónlistarmanninum Jamie Hince í dag og segist lifa nokkuð hefðbundnu fjölskyldulífi með honum, dóttur sinni og hundi.



**GRÉT** Kate Moss grét lengi eftir sambandsslitin við Johnny Depp. NORDICPHOTOS/GETTY


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 3. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00 ■ HREINT HJARTA (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

**LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN**
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK


19.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


FJÓRIR LITIR
15.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


9.995
LJÓSAKRÓNA


18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA

BLÁTT

BRÚNT

BLEIKT



9.995
LJÓSAKRÓNA


19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL


14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK


17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST


9.975
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL


5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST


7.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT


18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK


18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
**VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888**

**OPIÐ ALLA DAGA**
**Mán. til fös. kl. 9 - 18**
**Laugard. kl. 10 - 16**
**Sunnud. kl. 12 - 16**

# sport

sport@frettabladid.is



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** er enn án félags en honum hefur gengið illa að finna sér samastað eftir að samningur hans við ÍBV rann út. Þór og Fylkir eru á meðal þeirra félaga sem hafa sýnt Tryggva áhuga. Sjálfur æfir hann með Breiðablik þessa dagana og ekki er búið að útiloka að Blikarnir semji við framherjann.

## ÚRSLIT

### N1-deild kvenna

**Fram - Afturelding 33-19**

Mörk Fram: Sunna Jónsdóttir 8, Stella Sigurðardóttir 6, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Birna Berg Haraldsdóttir 3, Marthe Sördal 2, María Karlsdóttir 2, Elva Þóra Árnadóttir 2, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1, Hafdís Shizuka Lura 1.

Mörk Aftureldingar: Sara Kristjánsdóttir 9, Hekla Daðadóttir 4, Íris Sigurðardóttir 2, Telma Frímannsdóttir 2, Þórhildur Hafsteinsdóttir 1, Rósa Jónsdóttir 1.

**Fylkir - HK 18-34**

Mörk Fylkis: Ingibjörg Karlsdóttir 5, Hildur Karen Jóhannsdóttir 4, Hildur Björnsdóttir 3, Auður Margrét Pálsdóttir 2, Tanja Zamoreva 2, Sigríður Rakel Ólafsdóttir 1, Andrea Ósk Karlsdóttir 1.

Mörk HK: Heiðrún Björk Helgadóttir 8, Guðrún Erla Bjarnadóttir 6, Sigríður Hauksdóttir 4, Emma Havin Sardarsdóttir 3, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 3, Sóley Ívarsdóttir 3, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, María Lovísa Breiðdal 2, Arna Björk Almarsdóttir 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 1.

**Grótta - Selfoss 17-16**

Mörk Gróttu: Tinna Laxdal Gautadóttir 6, Harpa Baldursdóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 3, Rebekka Guðmundsdóttir 1, Arndís María Erlingsdóttir 1.

Mörk Selfoss: Carmen Palamariu 5, Hranfhildur Hanna Þrastardóttir 3, Kristrún Steinþórsdóttir 3, Hildur Einarsdóttir 2, Tinna Soffía Traustadóttir 2, Dagný Hróbjartsdóttir 1.

**Valur - FH 39-26**

Mörk Vals: Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 9, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 7, Dagný Skúladóttir 5, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 5, Karólína Lárudóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 2, Kolbrún Franklín 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.

Mörk FH: Ásdís Sigurðardóttir 11, Elín Anna Baldursdóttir 5, Aníta Mjöll Ægisdóttir 3, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Sigrún Jóhannsdóttir 1, Steinunn Snorradóttir 1, Birna Íris Helgadóttir 1, Rakel Sigurðardóttir 1, Salka Þórðardóttir 1.

### Domino's-deild kvenna

**Keflavík - Fjölnir 79-69**

Keflavík: Jessica Ann Jenkins 25/6 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 23/5 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 14/10 fráköst/3 varin skot, Sandra Lind Þrastardóttir 8/13 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 5/6 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 4/4 fráköst.

Fjölnir: Britney Jones 28/4 fráköst/6 stoðsendingar/9 stolnir, Fanney Lind Guðmundsdóttir 10/20 fráköst, Hrund Jóhannsdóttir 9/7 fráköst, Bergdís Ragnarsdóttir 9/7 fráköst, Birna Eiríksdóttir 4, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 3/6 fráköst, Dagbjört Helga Eiríksdóttir 3, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 3/7 fráköst.

### Meistaradeild Evrópu

**A-RIÐILL**

**Dynamo Kyiv - Porto 0-0**

**Paris Saint-Germain - Dynamo Zagreb 4-0**
1-0 Alex (16.). 2-0 Blaise Matuidi (61.), 3-0 Jeremy Menez (64.), 4-0 Guillaume Hoarau (79.)
**Staðan**: Porto 10, PSG 9, D. Kyiv 4, D. Zagreb 0.

**B-RIÐILL**

**Schalke - Arsenal 2-2**
0-1 Theo Walcott (18.), 0-2 Olivier Giroud (26.), 1-2 Klaas-Jan Huntelaar (45.+2), 2-2 Jefferson Farfan (67.)
**Olympiakos - Montpellier 3-1**
1-0 Paulo Machado (4.), 1-1 Younes Belhanda, víti (67.), 2-1 Leandro Greco (79.), 3-1 Kostas Mitroglu (81.)
**Staðan**: Schalke 8, Arsenal 7, Olympiakos 6, Montpellier 1.

**C-RIÐILL**

**AC Milan - Malaga 1-1**
0-1 Eliseu (40.), 1-1 Pato (72.)
**Anderlecht - Zenit 1-0**
1-0 Dieudonné Mbokani (17.)
**Staðan**: Malaga 10, Milan 5, Anderlecht 4, Zenit 3.

**D-RIÐILL**

**Manchester City - Ajax 2-2**
0-1 Siem de Jong (10), 0-2 Siem de Jong (17.), 1-2 Yaya Toure (22.), 2-2 Sergio aguero (74.)
**Real Madrid - Dortmund 2-2**
0-1 Marco Reus (28.), 1-1 Pepe (34.), 1-2 Alvaro Arbeloa, sjm (45.), 2-2 Mesut Özil (89.)
**Staðan**: Dortmund 8, Real Madrid 7, Ajax 4, Manchester City 2.

# Kóngarnir í Þýskalandi

**Íslensku handboltaþjálfararnir þrír í þýsku úrvalsdeildinni eru að gera frábæra hluti í bestu handboltadeild heims og skjóta öðrum þjálfurum ref fyrir rass. Vinnusemi og góð stjórnun er lykillinn að þessum árangri segir Patrekur Jóhannesson.**

**HANDBOLTI** Þeir Alfreð Gíslason, Dagur Sigurðsson og Guðmundur Guðmundsson eru allir að gera frábæra hluti með sín lið í sterkustu handboltadeild heims. Þeir stýra liðunum sem eru í þremur efstu sætum þýsku úrvalsdeildarinnar.

Alfreð er þjálfari meistara Kiel sem töpuðu ekki leik á síðustu leiktíð og unnu þýsku deildina, bikarinn og Meistaradeildina. Lið Guðmundar Guðmundssonar, Rhein-Neckar Löwen, er búið að vinna alla sína leiki í vetur og Dagur Sigurðsson hefur þótt vinna þrekvirki með Füchse Berlin á síðustu árum. Því ævintýri er hvergi nærri lokið.

Það hefur vakið mikla athygli ytra að íslenskir þjálfarar séu að skjóta öðrum þjálfurum ref fyrir rass í deildinni. Dagur var á meðal þeirra sem voru orðaðir við þýska landsliðið er Heiner Brand hætti en þýska sambandið ákvað frekar að velja Martin Heuberger. Ekkert hefur gengið hjá honum með liðið.

Patrekur Jóhannesson, þjálfari austurríska landsliðsins og Vals, var að þjálfa í Þýskalandi og þekkir vel það góða orðspor sem fer af íslenskum þjálfurum ytra. Það orðspor hefur líka hjálpað honum.

„Það eru margir þættir sem stuðla að þessum flotta árangri hjá þessum þjálfurum. Þeir eiga það þó allir sameiginlegt að vera rosalega vinnusamir. Þetta kemur ekki af sjálfu sér og það vita þeir. Ég veit að þeir leggja mikinn tíma í sína vinnu. Þeir hafa allir mikla reynslu sem leikmenn og það hjálpar þeim. Svo eru þeir ótrúlega klókir þjálfarar," segir Patrekur.

„Ég held að þeir þrír séu líka allir ákaflega hæfir stjórnendur. Það eru flestir að gera nákvæmlega það sama og handbolti snýst um sömu hlutina í grunninn. Stjórnunarstíllinn skiptir því miklu máli og þar held ég að þeir séu skrefi á undan flestum öðrum."

Patrekur segir að þekking á íþróttinni og góð menntun hafi mikið að segja og það hafi þessir þjálfarar allir.

„Þeir eru alltaf til í að læra eitthvað nýtt og eru ósérhlífnir. Það er ekki hægt að ná topparangri nema menn helli sér í vinnuna og ég veit að þeir vinna bæði daga og nætur."

Það hefur löngum farið gott orð af íslenskum handboltamönnum erlendis. Þeir séu vinnusamir, fljótir að læra tungumálið og aldrei neitt vesen á þeim.

„Nú fer sama góða orðið af þjálfurunum okkar úti sem er jákvætt. Íslendingar eru orðnir eftirsóttir og það er gott fyrir okkur hina sem höfum metnað. Dagur kom austurríska liðinu á kortið og ég naut góðs af því og veit það."

Alfreð og Guðmundur verða báðir í eldlínunni með sínum liðum í kvöld í sannkölluðum stórleikjum. Kiel tekur þá á móti Arnóri Atlasyni og félögum í Flensburg á meðan Rhein-Neckar Löwen sækir Hamburg heim. **henry@frettabladid.is**



**Guðmundur Guðmundsson**
Rhein-Neckar Löwen

**9** LEIKIR,
**9** SIGRAR
**100%** ÁRANGUR

**Dagur Sigurðsson**
Füchse Berlin

**10** LEIKIR, **7** SIGRAR,
**2** JAFNTEFLI, **1** TAP
**80%** ÁRANGUR

**Alfreð Gíslason**
Kiel

**9** LEIKIR, **8** SIGRAR,
**1** JAFNTEFLI
**94,4%** ÁRANGUR






**FÓTBROT** Villa liggur hér á vellinum eftir að hafa fótbrotnað. NORDICPHOTOS/GETTY

David Villa hjá Barcelona:

## Hefði getað misst fótinn

**FÓTBOLTI** Læknirinn sem framkvæmdi aðgerðina á David Villa, leikmanni Barcelona, eftir að sá síðarnefndi meiddist í fyrra segir að örlög hans hefðu mögulega getað orðið mun verri.

Villa fótbrotnaði í leik með Barcelona í heimsmeistarakeppni félagsliða í Japan á síðasta ári. Hann flaug aftur heim til Spánar stuttu síðar og sagði læknirinn, Ramon Cugat, að það hefði verið stórhættulegt.

„Það hefði getað haft miklar og alvarlegar afleiðingar í för með sér ef það hefði komið mikil breyting á loftþrýstingi í flugvélinni í svo mikilli hæð," sagði hann við spænska fjölmiðla.

„Í versta falli hefði það mögulega orðið til þess að það hefði þurft að taka af honum fótinn."

Hann lofaði Tito Vilanova, stjóra Barcelona, fyrir að nota Villa sparlega. „Hann hefur verið að koma honum aftur af stað, hægt og rólega. Villa er í betra formi nú en hann var í fyrir meiðslin og er það Vilanova að þakka." **- esá**

Enska úrvalsdeildin:

## Ferguson og Mata bestir

**FÓTBOLTI Juan Mata, leikmaður Chelsea, og Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. United, hafa verið útnefndir menn októbermánaðar í ensku úrvalsdeildinni.**

**United vann alla fjóra deildarleiki sína í október og kom sér á topp deildarinnar með 2-1 sigri á Arsenal um síðustu helgi.**

**Mata hefur leikið á als oddi. Hann skoraði þrjú mörk og lagði upp þrjú til viðbótar í leikjum Chelsea í síðasta mánuði.** **- esá**

Ólafur Kristjánsson hefur leikgreint Juventus fyrir Nordsjælland og heldur næst til Úkraínu:

# Juventus hefur gríðarlegan sóknarþunga

**FÓTBOLTI** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, hefur starfað fyrir danska liðið Nordsjælland að undanförnu og leikgreint lið Ítalíumeistara Juventus. Þessi lið mætast einmitt í Meistaradeild Evrópu í kvöld en leikurinn fer fram í Tórínó.

„Ég var að borða hádegismat með þjálfaranum áðan og mér heyrist á honum að það sé fullur hugur á að ná góðum úrslitum í leiknum," sagði Ólafur þegar að Fréttablaðið heyrði í honum. Hann var þá staddur ytra en þar hefur hann verið síðan á föstudag.

Juventus tapaði um helgina fyrir Inter, 3-1, í toppslag ítölsku úrvalsdeildarinnar en þetta var fyrsta tap Juventus í 49 deildarleikjum í röð.

„Þeir komu inn af gríðarlega miklum krafti í þann leik og ég á ekki von á öðru en að svipað verði upp á teningnum gegn Nordsjælland," sagði Ólafur en hann segir mikinn sóknarþunga búa í liði Juventus.

„Það fer það orð af ítalska boltanum heima að þetta sé fyrst og fremst mikill varnarleikur og annað í þeim dúr. Staðreyndin er hins vegar sú að Juventus er gríðarlega öflugt og gríðarlega tekniskt knattspyrnulið," segir Ólafur. „Ef Nordsjælland nær að standa af sér mesta áhlaupið í upphafi leiks verður útlitið strax betra fyrir þá."

Þessi lið skildu jöfn, 1-1, á Parken fyrir tveimur vikum síðan en Ítalirnir skoruðu jöfnunarmarkið þegar níu mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma. „Auðvitað var það svekkjandi en liðið má vel við una þegar allt er tekið inn í reikninginn," segir Ólafur sem segir að lykilatriði fyrir danska liðið sé að stöðva miðvallarleikmanninn Andrea Pirlo.

„Það fer mjög mikið í gegnum hann og liðið hagar sér á ákveðinn hátt þegar hann er stöðvaður. Það eru nokkur atriði í sóknarleik Juventus sem andstæðingar liðsins verða að vera alveg klárir á ef ekki á illa að fara og þetta er eitt af því," segir Ólafur.

Juventus hefur gert jafntefli í öllum þremur leikjum sínum til þessa í Meistaradeildinni og segja forráðamenn liðsins að ekkert nema sigur komi til greina í kvöld. Úkraínska liðið Shakhtar Donetsk er óvænt á toppnum með sjö stig eftir sigur á Chelsea í síðustu umferð en liðin mætast á ný í kvöld.

Nordsjælland er neðst í riðlinum með eitt stig og þarf því að ná góðum úrslitum í næstu leikjum til að eiga möguleika á að minnsta kosti þriðja sætinu sem veitir þátttökurétt í Evrópudeild UEFA eftir áramót.

En þó svo að Ólafur hafi lokið leikgreiningu sinni á Juventus fyrir Nordsjælland mun hann áfram starfa fyrir liðið. „Ég fer næst til Úkraínu til að fylgjast með Shakhtar Donetsk sem verður næsti andstæðingur eftir tvær vikur," segir Ólafur. „Þetta er óneitanlega skemmtileg vinna fyrir mig og lengir tímabilið, ef svo má segja." **- esá**

### Leikir dagsins

**E-riðill**

| | |
|---|---|
| 19.45 Chelsea - Shakhtar | Sport HD |
| 19.45 Juventus - Nordsjælland | |

**F-riðill**

| | |
|---|---|
| 19.45 FC Bayern - Lille | |
| 19.45 Valencia - BATE | |

**G-riðill**

| | |
|---|---|
| 19.45 Benfica - Spartak Moskva | |
| 19.45 Celtic - Barcelona | Sport 3 (ólæst) |

**H-riðill**

| | |
|---|---|
| 19.45 CFR Cluj - Galatasaray | |
| 19.45 Braga - Man. United. | Sport 3 |



**TÖFRAMAÐUR** Andrea Pirlo hefur verið magnaður í sterku liði Juventus. NORDICPHOTTOS/AFP

# VIÐ ERUM...




## ... VÖKNUÐ MEÐ ÞÉR




## ... AÐ HLUSTA Á ÞIG




## ... SAMFERÐA ÞÉR




## ... GÓÐUR VINNUFÉLAGI!

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

> **Stöð 2 kl. 22.30**

## American Horror Story

***Ný og dulmögnuð þáttaröð hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Sagan segir frá hjónum sem flytja í drungalegt hús með skuggalega fortíð. Þættirnir hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda og verið tilnefndir til fjölda verðlauna. Jessica Lange hlaut bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaun fyrir frammistöðu sína í þáttunum.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Mr. Woodcock

Þegar John Farley kemst að því að mamma hans ætlar að giftast gamla íþróttakennaranum hans reynir hann sitt allra besta til að koma í veg fyrir það, enda gerði kennarinn honum lífið afar leitt í menntaskóla.

**Leikstjóri:** Craig Gillespie.
**Aðalhlutverk:** Billy Bob Thornton, Seann W. Scott og Susan Sarandon.

Rotten Tomatoes 13% · IMDb 5,1 · Stöð 2 Bíó 11.15



### Katie: My Beautiful Face

Átakanleg heimildamynd um Katie sem verður fyrir fólskulegri sýruárás með þeim afleiðingum að andlitið hennar afmyndast. Fylgst er með aðgerðum þar sem andlit hennar er lagfært.

**Leikstjóri:** Jessica Versluys
**Aðalhlutverk:** Katie Piper, Daisy Beaumont

IMDb 6,6 · Skjáreinn 20.20



### Pink Floyd: The Story of Wish You Were Here

Heimildarmynd um rokkhljómsveitina Pink Floyd og gerð plötunnar Wish You Were Here. Platan kom út árið 1975 og komst á lista Rolling Stone-tímaritsins yfir 500 bestu plötur allra tíma.

**Leikstjóri:** John Edginton.
**Aðalhlutverk:** Joe Boyd, Venetta Fields og Jill Furmanovsky.

IMDb 7,6 · RÚV 22.20



### Drop Dead Diva

Deb var gullfalleg upprennandi fyrirsæta. Þegar hún dó náði hún að koma sér aftur til jarðar, en fyrir mistök lenti hún í röngum líkama og lifir nú lífinu sem snjalli og örlítið þyngri lögfræðingurinn Jane Bingum.

**Höfundur:** Josh Berman.
**Aðalhlutverk:** Brooke Elliott, Margaret Cho og Jackson Hurst.

Metacritic 68/100 · IMDb 7,3 · Stöð 2 20.55

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Bókaþing **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Baráttan um Hvíta húsið: Fyrsti þriðjudagur í nóvember **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Hefnd (3:22) (Revenge)**
**17.20 Einu sinni var...lífið** (17:26) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan** Fjölbreytt og skemmtilegt barnaefni.
**18.25 Hvunndagshetjur** (5:6) (We Can Be Heroes) (e)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Læknamiðstöðin** (16:22) (Private Practice V)
**20.55 Dans dans dans - Sigurdansar** (e)
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
➤ **22.20 Pink Floyd og Wish You Were Here** (Pink Floyd: The Story of Wish You Were Here)
**23.20 Svona á ekki að lifa** (2:6) (e) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu. Höfundur og aðalleikari þáttanna er Dan Clark.
**23.50 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

➤ **11.15 Mr. Woodcock**
**12.45 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**14.10 The Ex**
**15.45 Mr. Woodcock**
**17.15 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**18.40 The Ex**
**20.15 Get Shorty**
**22.00 Rat Pack**
**23.35 The Special Relationship**
**01.05 Get Shorty**
**02.50 Rat Pack**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** (7:22)
**08.30 Ellen** (36:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (17:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Grey's Anatomy** (23:24)
**11.45 Community** (18:25)
**12.10 Perfect Couples** (3:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** (8:24)
**13.25 Gossip Girl** (12:24)
**14.10 The Glee Project** (6:11)
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (37:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (7:17)
**19.40 Modern Family** (5:24)
**20.05 New Girl** (3:22) Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum þar sem Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessarri undarlegu stúlku.
**20.30 Up All Night** (15:24) Christina Applegate og Will Arnett eru hér í hlutverkum nýbakaðra foreldra, með öllu sem því fylgir.
➤ **20.55 Drop Dead Diva** (6:13)
**21.45 Touch** (3:12) Yfirnáttúrulegir dramaþættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn. Þegar faðirinn uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.
**22.30 American Horror Story** (1:12)
**23.25 Neyðarlínan**
**23.55 Person of Interest** (2:23)
**00.40 Revolution** (5:22)
**01.25 Fringe** (20:22)
**02.10 Breaking Bad** (9:13)
**02.55 Kin**
**04.25 Drop Dead Diva** (6:13)
**05.10 Touch** (3:12)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.05 Meistaradeild Evrópu** (e)
**17.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**18.30 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Shakhtar**
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**22.30 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Baracelona**
**00.20 Meistaradeild Evrópu: Braga - Man. Utd**
**02.10 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.20 Being Liverpool** Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**16.05 Football League Show 2012/13**
**16.35 Norwich - Stoke**
**18.15 Sunderland - Aston Villa**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13**
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Man. Utd - Arsenal**
**23.45 West Ham - Man. City**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (35:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Bart verður háður skyndibitanum vegna nýs sjálfsala í skólanum og er sendur í megrunarbúðir. Fjölskyldan þarf að fjármagna dvöl hans þar og breytir því heimilinu í farfuglaheimili.
**17.25 Sjáðu**
**17.50 The Middle** (11:24)
**18.15 Glee** (16:22)
**19.00 Friends** (22:24) Chandler og Phoebe fara saman að kaupa hring handa Monicu. Chandler finnur fullkominn hring en Phoebe tekst að klúðra því.
**19.25 The Simpsons** (3:25)
**19.45 How I Met Your Mother** (7:22) Marshall fer á sitt fyrsta stefnumót eftir Lily en vinir hans eru ekki hrifnir af nýju kærustunni og reyna að stía þeim í sundur.
**20.10 American Dad** (12:19) Stan er útsendari CIA og alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Á heimili hans búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.35 The Cleveland Show** (12:21)
**21.00 Breakout Kings** (12:13) Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**21.45 The Middle** (11:24)
**22.10 American Dad** (12:19)
**22.35 The Cleveland Show** (12:21)
**23.00 Breakout Kings** (12:13)
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (64:175)
**19.00 Ellen** (37:170)
**19.45 Two and a Half Men** (3:24)
**20.05 Seinfeld** (3:5)
**20.30 Entourage** (3:12)
**20.55 Curb Your Enthusiasm** (2:10)
**21.25 The Sopranos** (12:13)
**22.20 Two and a Half Men** (3:24)
**22.45 Seinfeld** (3:5)
**23.10 Entourage** (3:12)
**23.40 Curb Your Enthusiasm** (2:10)
**00.10 The Sopranos** (12:13)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Parenthood** (8:22) (e)
**16.00 Top Gear 18** (5:7) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Ringer** (10:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (28:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.55 Will & Grace** (22:24) (e)
➤ **20.20 Katie My Beautiful Face**
**21.10 My Mom Is Obsessed** (4:6)
**22.00 CSI: Miami** (7:19)
**22.50 House of Lies** (4:12) Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi. Marty Khan er yfirmaður hjá ráðgjarfafyrirtæki sem þjónustar stærstu fyrirtæki veraldar. Ráðgjafahópurinn er ráðinn til tölvufyrirtækis sem lýtur stjórn ungstirnis í tölvubransanum.
**23.15 Hawaii Five-0** (4:24) (e)
**00.00 Johnny Naz** (6:6) (e)
**00.30 Dexter** (2:12) (e)
**01.30 Blue Bloods** (18:22) (e)
**02.15 Excused** (e)
**02.40 House of Lies** (4:12) (e)
**03.05 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship 2012 (3:4) **12.10** Golfing World **13.00** World Golf Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (43:45) **19.15** LPGA Highlights (20:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (21:25) **21.35** Inside the PGA Tour (44:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (38:45) **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



# 50 HÁGÆÐA TOMMUR FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL50EM5**

**249.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv • HIGH CONTRAST • V-Audio SURROUND • Media Player • GAME MODE • USB • HDMI x2 • FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

## BÓKIN



*„100 ára einsemd , Lífsreglurnar fjórar og svo asnaðist ég til að lesa 50 Shades of Grey í 21 klukkutíma rútuferð. Bara tölustafir í mínum titlum.“*

Diljá Ámundadóttir, ferðalangur

# Hertoginn Mugison hreif Clash

Mugison fær góða dóma á vefsíðu breska tímaritsins Clash fyrir tónleika sína í Hörpu síðastliðinn fimmtudag.

Tónlistarmaðurinn hljóp í skarðið fyrir bandarísku hljómsveitina Swans sem þurfti að hætta við komu sína vegna stormsins Sandy. Gagnrýnandi Clash segir að Mugison hafi fyllt skarð Swans svo um munaði með kraftmikilli spilamennsku og skemmtilegum persónuleika.

„Hann blandaði Suðurríkjarokki saman við mikla spilagleði og sýndi að hægt er að fylla skarð stórra nafna með öflugum heimamanni. Mugison er einn af hertogum íslensku tónlistarsenunnar,“ skrifaði hann og bætti við: „Lengi lifi goðsagnir á borð við Mugi. Lengi lifi hið óvænta.“

Of Monsters and Men fær einnig góða dóma hjá gagnrýnandanum fyrir tónleika sína í Hörpunni. Hann líkir hljómsveitinni við Arcade Fire og nefnir að útgáfa Of Monsters á lagi Yeah Yeah Yeahs, Skeletons, hafi hitt í mark.

Airwaves-hátíðin fær jafnframt góða dóma á bresku vefsíðunni Nme.com. „Það er kannski ekki besta veðrið í heimi í Reykjavík en Airwaves bauð upp á ótrúlega blöndu af góðri tónlist og hinni alræmdu partímenningu borgarinnar. Í myrkrinu í Norður-Atlantshafinu í nóvember var hvergi hlýrra að vera en akkúrat þarna.“ **- fb**



**GÓÐIR DÓMAR** Mugison fær góða dóma fyrir frammistöðu sína á Airwaves-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/KLARA






BJÖRN STEINBEKK: FRÁBÆRT AÐ ÞEIR SKYLDU VELJA ÍSLAND

# Squarepusher og James Blake spila á Sónar-hátíð

Raftónlistargúrúinn Squarepusher, enski tónlistarmaðurinn James Blake, þýsk-japanska tvíeykið Alva Noto & Ryuichi Sakomoto og þýski rafdúettinn Modeselektor stíga á svið á tónlistarhátíðinni Sónar í Hörpunni 15. og 16. febrúar á næsta ári. Einnig koma þar fram Gus Gus, Retro Stefson, Ólafur Arnalds og Gluteus Maximus.

„Þetta eru þeir fyrstu sem við kynnum til leiks. Okkur finnst þetta mjög sterk byrjunardagskrá fyrir fyrstu Sónar-hátíðina á Íslandi. Við eigum eftir að bæta við um fjórutíu listamönnum og plötusnúðum bæði innlendum og erlendum. Við munum klára endanlega dagskrá í lok nóvember eða byrjun desember,“ segir skipuleggjandinn Björn Steinbekk, sem er hæstánægður með að hin rótgróna Sónar-hátíð sé komin til Íslands. „Það er frábært að þeir skyldu velja Ísland og eiginlega alveg ótrúlegt.“

Miðað við dagskrána sem hefur verið tilkynnt mætti ætla að Sónar sé raftónlistarhátíð. Björn segir það ekki rétt því popp- og rokktónlist er líka hluti af henni. „Sónar er haldin í fjórum heimsálfum og selur yfir tvö hundruð þúsund miða á sínar hátíðir á hverju ári. Það er horft til hátíðarinnar sem brautryðjanda þegar kemur að því að kynna nýja og spennandi listamenn til sögunnar, ásamt því að mjög þekktir, bæði popp- og rokktónlistarmenn, hafa komið þar fram og gera það enn,“ segir Björn. Með þeirra sem hafa spilað á undanförnum tveimur hátíðum í Barcelona eru Fatboy Slim, New Order, Lana Del Rey, M.I.A. og The Human League.

Spurður út í muninn á Sónar og hina nýafstöðnu Airwaves segir Björn að Airwaves-hátíðin sé frábær hátíð sem hafi tekið þrettán ár að búa til. „Airwaves er kynning á íslenskri tónlist gagnvart erlendum plötufyrirtækjum og erlendum gestum. Á móti er Sónar tónlistarhátíð þar sem tónlistarmennirnir spila í sextíu til níutíu mínútur hver og einn. Þetta er meiri hátíð þegar kemur að því að njóta tónlistarinnar.“ Björn bætir við að stefnt sé á að vera með góða „off venue“, eða utan dagskrá, sem verður haldin samhliða Sónar-hátíðinni.

Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpunnar, segir það gríðarlegt fagnaðarefni að fá Sónar-hátíðina í tónlistarhúsið. „Airwaves er nýbúið að vera hér í húsinu. Slíkar hátíðir eru geysilegur fengur fyrir þetta hús og partur af því sem sannar tilverurétt þess.“

**freyr@frettabladid.is**



**SQUAREPUSHER** Squarepusher, eða Tom Jenkinson, kom fram á sjónarsviðið um miðjan tíunda áratuginn með raftónlist sem einkenndist af hröðum trommutakti þar sem áhrif frá hipphoppi og djassi komu við sögu. Hann hefur gefið út tólf breiðskífur, flestar hjá hinni virtu útgáfu Warp. NORDICPHOTOS/GETTY

### NÆTURKLÚBBUR Í KJALLARA HÖRPUNNAR

Sónar-hátíðin verður haldin á fjórum sviðum. Auk tveggja aðalsviða í Silfurbergi og Norðurljósum verður hluta af bílastæðinu í kjallara Hörpunnar breytt í næturklúbb þar sem hinir ýmsu plötusnúðar halda uppi stemningu. Eitt svið til viðbótar verður svo sett upp í Flóahorninu á fyrstu hæð Hörpunnar. Aðeins tvö þúsund miðar verða til sölu á hátíðina á Íslandi en um eitt þúsund miðar verða í boði erlendis. Miðasala hefst 12. nóvember á Midi.is, Harpa.is og á Sonarreykjavik.com.

# Tólf ára undirbúningur

„Ég hef verið að fást við viðburðastjórnun og markaðsmál lengi svo það má segja að ég hafi verið að búa mig undir þetta starf síðustu tólf árin,“ segir Einar Bárðarson, nýráðinn forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

Auk þess að hafa átt og rekið útvarpsstöðina Kanann og setið í dómnefndum í íslensku útgáfunum af Idol og X-Factor hefur Einar flutt til landsins fjölda stórra nafna á síðustu árum og hjálpað íslenskum listamönnum að koma sér á fót erlendis. Meðal þeirra sem hafa verið undir hans verndarvæng eru stúlknahljómsveitin Nylon, SSSól og Skítamórall. Einar hefur í kjölfarið verið kallaður umboðsmaður Íslands en leggur nú þann titil á hilluna til að einbeita sér að nýja starfinu. „Það verður spennandi að vinna í agaðra og formlegra umhverfi og ég hlakka mikið til að vinna með öllu því hæfa fólki sem Höfuðborgarstofa býr yfir. Ég efast ekki um að ég eigi eftir að læra mikið af þeim,“ segir hann.

Einar hefur verið búsettur í Reykjanesbæ undanfarin ár og segist ekki hafa leitt hugann að því hvort hann flytji með fjölskylduna til Reykjavíkur. „Við þurfum kannski að fara að pæla í því,“ segir hann og hlær. **- trs**



**AGAÐUR OG FORMLEGUR** Einar segist hlakka til að fara að vinna verkefnin sín í agaðara og formlegra umhverfi hjá Höfuðborgarstofu.


ERIKUR OG CALLUNA
4 stykki
að eigin vali
999 kr.
HAUST LAUKAR
199 kr/pk
magnpakkning
499 kr/pk
BLÓMASPRENGJA
Í BLÓMAVALI
HEFST Í DAG
JÓLASTJARNA
999 kr.
verð áður
1.490 kr
ORKIDEA
1.499 kr.
verð áður
1.999 kr
RÓSIR
7 stykki
í bunti
999 kr.
NÓVEMBER KAKTUS
verð frá
799 kr.
verð áður
999 kr
blómaval
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Hafnarfjörður - Ísafjörður - Selfoss
Reykjanesbær - Vestmannaeyjar

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leyndardómsfullt verk

Leikverkið Makbeð verður sett á svið Þjóðleikhússins á þessu leikári. Æfingar á verkinu standa nú yfir en yfir þeim hvílir mikil leynd. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu þáttastjórnendur Djöflaeyjunnar áhuga á að fylgjast með fyrsta samlestri og æfingum og sýna í nokkrum innslögum í janúar. Leikstjórinn, Benedict Andrews, tók hins vegar ekki í mál að nokkur fylgdist með æfingum og gerist það líklega ekki oft að leikstjóri afþakki fjölmiðlaumfjöllun. Á meðal leikenda í verkinu frægа eru **Björn Thors,** Margrét Vilhjálmsdóttir, Arnar Jónsson og Atli Rafn Sigurðarson.



### Líkir Yrsu við Stephen King

Draugasaga **Yrsu Sigurðardóttur,** Ég man þig, fær mjög góða dóma í breska dagblaðinu The Independent. Þar segir að Yrsa Sigurðardóttir sé jafnoki Stephen King þegar kemur að því að skapa óhugnað og ótta hjá lesandanum. Stephen King er sem kunnugt er einn mesti hrollvekjuhöfundur samtímans og því mikill heiður fyrir Yrsu að vera líkt við hann. „Sagan er hrikalega spennandi og sýnir og sannar að jafnframt því að vera drottning íslensku glæpasögunnar er Yrsa jafnoki höfunda á borð við Stephen King þegar kemur að því að skapa óhugnað og ótta," skrifar gagnrýnandinn Barry Forshaw, einn helsti sérfræðingur Breta í norrænum glæpasögum. - sm, fb



## Mest lesið vísir

1 Kennarar leiðir á skólabjúgum
2 Ævisparnaðurinn í hættu
3 Systkinum verði ekki bannað að sofa saman
4 Salurinn í Hörpu glataður
5 Segir mannorð sitt eyðilagt

ÞÚ LEGGUR HANA EKKI FRÁ ÞÉR!




www.forlagid.is

ZZ sleep mattresses

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

TAKTU UPPLÝSTA ÁKVÖRÐUN!

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og taktu upplýsta ákvörðun um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



OPIÐ TIL KL. 19.00 ALLA VIRKA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

Rúm Gott
Royal
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 302.391
Tvíbreitt - verð frá: 566.991
Allt að 431.994 kr. AFSLÁTTUR



Rúm Gott
Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 190.049
Tvíbreitt - verð frá: 346.995
Allt að 178.956 kr. AFSLÁTTUR



Rúm Gott
Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 131.985
Tvíbreitt - verð frá: 228.488
Allt að 111.423 kr. AFSLÁTTUR



Rúm Gott
Draumey
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 70.224
Tvíbreitt - verð frá: 129.360
Allt að 61.129 kr. AFSLÁTTUR



Aukahlutir á 50% afslætti
SÆNGURVER, LÖK, OG HEILSUKODDAR Á TILBOÐI Í OKTÓBER

Arineldstæði – 20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-19 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
ATHUGIÐ – Lengri opnunartími frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM